Skapandi greinar – sýn til framtíðar

Úttekt á stöðu og tillögur um bætt starfsumhverfi

Starfshópur um skapandi greinar
september 2012
Ritstjóri Ása Richardsdóttir

Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Starfshópur um skapandi greinar
september 2012

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Hönnun skýrslu: Helga Valdís Árnadóttir

© 2012 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9935-436-10-8

Efnisyfirlit

Verkefnið 5

1. KAFLI
Skapandi greinar – staða og skilgreiningar

1.1 Staðan í dag 8
1.2 Skilgreiningar 8
1.3 1. des rannsóknin 10

2. KAFLI
Stjórnsýsla skapandi greina

2.1 Verkaskipting og ábyrgð 12
2.2 Samhent stjórnsýsla 14

3. KAFLI
Stefna

3.1 Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar frá 2009 18
3.2 Efnahagsáætlun efnahags- og viðskiptaráðuneytis 19
3.3 ÍSLAND 2020 19
3.4 Fjárfestingaáætlun 2013 – 2015 20
3.5 Norræn stefna um skapandi greinar 21
3.6 Ráðleggingar alþjóðlegra aðila 22
3.7 Stefnumótun einstakra greina og lagaumhverfi 24

4. KAFLI
Opinber framlög

4.1 Samanburður framlaga ríkissjóðs 2009, 2011 og 2012 26
4.2 Hlutfallsskipting milli greina 2011 og 2012 28
4.3 Framlög til stofnana, lögbundinna sjóða og annarrar starfsemi 30
4.4 Fjárhagur miðstöðva skapandi greina 33
4.5 Úthlutanir fjárlaganefndar Alþingis 35
4.6 Framlög til menntunar 36
4.7 Framlög til rannsókna 39
4.8 Stoðkerfi fyrir atvinnulíf 42
4.9 Framlög sveitarfélaga 44
4.10 Framlög Reykjavíkurborgar 46

5. KAFLI
Horft til framtíðar - bætt starfsumhverfi skapandi greina

5.1 Bætt menntun 48

5.2 Efling rannsókna- og þróunarsjóða 51

5.3 Skattlagning 52

5.4 Samlegð ferðaþjónustu og skapandi greina 55

5.5 Alþjóðlegt samstarf og sókn á útflutningsmarkaði 56

5.6 Frá frumsköpun til framleiðslu 59

5. 7 Stoðkerfi íslensks atvinnulífs 61

5.8 Framtíðarstuðningur við skapandi greinar 63

Samantekt tillagna 66

Viðauki 71

Verkefnið

Verkefnið

Í byrjun árs 2011 skipaði mennta-og menningarmálaráðherra starfshóp sem samkvæmt erindisbréfi var ætlað að meta:

„…hvernig hægt sé að bæta starfsumhverfi skapandi greina, nýta þau tækifæri sem til staðar eru, efla rannsóknir, menntun og stefnumótun og styðja við útflutningsstarfssemi.“ [1]

Starfshópurinn var skipaður í kjölfar kynningar á tölulegum niðurstöðum rannsóknarinnar *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*[2] sem birtar voru þann 1. desember 2010. Lokaskýrsla þeirrar rannsóknar kom út 2. maí 2011 og verður hún hér eftir kölluð *1. des rannsóknin*.

Fulltrúar fimm ráðuneyta áttu sæti í starfshópnum auk fulltrúa Íslandsstofu og tveggja fulltrúa Samtaka skapandi greina:[3]

Elías J. Guðjónsson, formaður, mennta- og menningarmálaráðuneyti
Auður Edda Jökulsdóttir, utanríkisráðuneyti
Ása Richardsdóttir, efnahags- og viðskiptaráðuneyti
Gunnar Guðmundsson, Samtökum skapandi greina
Halla Helgadóttir, Samtökum skapandi greina
Hanna Dóra Másdóttir, iðnaðarráðuneyti
Kolbrún Halldórsdóttir, Íslandsstofu
Sóley Ragnarsdóttir, fjármálaráðuneyti

Hópurinn fundaði reglulega frá 20. janúar 2011 og lauk formlega störfum í september 2012.
Ása Richardsdóttir hefur ritstýrt þeirri lokaskýrslu sem hér birtist.

Starfshópurinn hefur leitast við að greina starfsumhverfi skapandi greina út frá fyrirliggjandi gögnum, opinberum fjárframlögum til skapandi greina, stefnu og stjórnskipan.

Skýrslu starfshópsins er skipt í kafla með eftirfarandi hætti:

1. kafli – Staða skapandi greina
Kaflinn greinir stöðu skapandi greina á Íslandi, rekur helstu niðurstöður *1. des rannsóknarinnar* og setur þróun greinanna hér á landi í alþjóðlegt samhengi. Fjallað er um skilgreiningar á skapandi greinum og þá skilgreiningu sem starfshópurinn hefur nýtt í vinnu sinni.

2. kafli – Stjórnsýsla
Í kaflanum er lagt mat á stjórnsýslu skapandi greina og skoðað hvernig styrkja má stöðu greinanna í stjórnkerfinu m.a. út frá skýrslu forsætisráðuneytisins „Samhent stjórnsýsla“. Jafnframt er, til samanburðar, varpað ljósi á skipulag stjórnsýslu skapandi greina á hinum Norðurlöndunum og í Bretlandi.

3. kafli – Stefna
Í kaflanum er fjallað um stefnu skapandi greina, lesið í stefnu stjórnvalda og gerðar tillögur um áframhaldandi opinbera stefnumótun. Einnig er fjallað um sameiginlega stefnu Norðurlandanna og skoðuð áhugaverð erlend gögn og rannsóknir sem nýst geta við frekari vinnu hér á landi. Þá er í kaflanum gerð grein fyrir nýrri lagasetningu og áformum stjórnvalda um uppbyggingu greinanna.

1 Skipunarbréf hópsins er í viðauka 1

2 Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina, maí 2011, Höfundar: Dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young. Útgefendur: Samráðsvettvangur skapandi greina, Íslandsstofa, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Iðnaðarráðuneyti, Fjármálaráðuneyti og Utanríkisráðuneyti. http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Forsidugreinar/nr/5979http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Forsidugreinar/nr/5979 Kortlagningin verður hér eftir kölluð ,,1. des rannsóknin''

3 Áður Samstarfsvettvangur skapandi greina

4. kafli – Opinber fjármögnun

Í kaflanum er gerð grein fyrir opinberum framlögum til greinanna, m.a. skoðuð fjárlög 2011 og 2012, framlög Reykjavíkurborgar 2011 og gagnagrunnur Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2010. Notast er við nýjustu tölur þar sem því var við komið.

5. kafli – Horft til framtíðar

Í kaflanum eru lagðar fram tillögur um bætt starfsumhverfi skapandi greina; hvernig auka megi menntunartækifæri í greinunum, efla rannsóknir- og þróun, breyta skattaumhverfi, auka á samlegð við aðrar atvinnugreinar og styrkja alþjóðlegt samstarf og útflutning.

Kafli 1

Skapandi greinar – Staða og skilgreiningar

1.1. Staðan í dag

Skapandi greinar, sem hugtak og samheiti menningartengdra atvinnugreina, komu fyrst inn í umræðu á Íslandi upp úr aldamótunum síðustu. Bók Ágústar Einarssonar, prófessors, *Hagræn áhrif tónlistar* [4] markaði tímamót en þá var í fyrsta sinn sett fram sú fullyrðing að listgrein væri mikilvægur þáttur í hagkerfi þjóðarinnar. Fimm árum síðar, tók forsvarsfólk miðstöðva lista og hönnunar á Íslandi frumkvæði að fyrstu heildrænu hagrænu rannsókninni á stöðu greinanna, *1. des rannsókninni.*[5] Rannsóknin var unnin fyrir opinbert fé.

Frá 1. desember 2010, þegar tölulegar niðurstöður *1.des rannsóknarinnar* voru opinberaðar, hefur umræða um listir og skapandi greinar aukist til muna og mikilvæg skref til framfara verið stigin. Orðræðan um gildi lista, menningar og skapandi greina hefur gjörbreyst, jafnt á vettvangi stjórnmála sem og í almennri umræðu. Greinarnar eru nú nær því að hljóta sess sem gildandi atvinnuvegur. Um þær er fjallað í stefnumörkum stjórnvalda og hugvitið sem í þeim býr talið efniviður í mikilvæga verðmætasköpun til framtíðar. Horft er til skapandi greina af þeim sem vilja þróa atvinnulíf og efnahag Íslands á nýjum forsendum. Ýmsum kann að finnast að umræða um efnahagslegt vægi greinanna hafi yfirskyggt listrænt og samfélagslegt gildi þeirra. Starfshópurinn tekur undir það sjónarmið og telur að jafnvægis sé þörf. Verðmæti greinanna til framtíðar verða aðeins til í samfélagi sem gerir hvort tveggja í senn; leggur rækt við frumþörf listamanna og skapandi fólks til að nýta hugvit sitt og sköpunargáfu og gerir því jafnframt kleift að sækja fram á markaði ýmist með list sína, þjónustu eða framleiðslu.

Listsköpun er rót skapandi greina. Það er forvitni og færni danshöfundarins, hugarflug og hæfni tónskáldsins, innsæi og ímyndunarafl hönnuðarins og myndlistarmannsins, næmni og miðlun tölvuleikjasmiðsins, skilningur og snerpa skáldsins sem knýr skapandi greinar áfram. Útkoman getur orðið verk sem hefur gildi vegna óáþreifanlegra þátta, hughrifa, upplifunar og sammannlegrar gleði en einnig fylgir henni efnahagslegt gildi og hagsæld. Virðiskeðja skapandi greina, hvort sem um er að ræða óáþreifanleg eða áþreifanleg verðmæti, verður aðeins öflug, ef allir hlekkir keðjunnar eru sterkir.

1.2. Skilgreiningar

Líkt og fram kemur í *1. des rannsókninni* voru Ástralir fyrstir til að setja fram hugmyndina um skapandi greinar í tengslum við opinbera stefnumótun árið 1996. Bretar voru fyrstir þjóða til að skilgreina og marka stefnu um skapandi greinar. Samkvæmt bresku skilgreiningunni eru skapandi greinar þær atvinnugreinar sem byggja á sköpunarkrafti einstaklingsins, hæfni og hæfileikum og hafa möguleika til að skapa verðmæti og störf með þróun hugverka.

Bretar skipta greinunum í þrettán flokka; auglýsingagerð, byggingalist, myndlist og fornminjar, handverk, hönnun, tískuhönnun, kvikmyndagerð, gagnvirkan tómstundahugbúnað (s.s. tölvuleiki), tónlist, sviðslistir, útgáfu, hugbúnaðargerð og framleiðslu efnis fyrir útvarp- og sjónvarp.

Norðurlöndin hafa ekki komið sér saman um sameiginlega skilgreiningu á skapandi greinum en á heimasíðu Norðurlandaráðs gefur að líta sömu skilgreiningu og Bretar vinna eftir.[6]

Í *1. des rannsókninni* var unnið út frá framleiðsluskilgreiningu sem byggir á ÍSAT atvinnugreinaflokkun með nýrri rammaskilgreiningu UNESCO[7] á greinunum. Einnig var stuðst við 13 greina flokkun Breta.

4 Hagræn áhrif tónlistar, 2004, Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands
http://books.google.is/books/about/Hagr%C3%A6n_%C3%A1hrif_t%C3%B3nlistar.html?id=fSnQygAACAAJ&redir_esc=y

5 Í viðauka 2 er fjallað nánar um sögu og tilurð skapandi greina á Íslandi síðustu ár.

6 http://www.norden.org/en/about-nordic-co-operation/areas-of-co-operation/creative-industries/nordic-co-operation-for-the-development-of-creative-industries

7 Unesco er Mennta- menningar og vísindastofnun Sameinuðu Þjóðanna sem er staðsett í París í Frakklandi

Rammaskilgreining UNESCO er mun víðtækari en sú sem við Íslendingar eigum að venjast. Hefðbundna skilgreiningu á menningu og listum hér á landi má setja fram með þessum hætti:

- Menningararfur, safna- og minjavarsla
- Sviðlistir (sem er nýtilkomið hugtak og nær yfir leiklist og dans)
- Tónlist
- Myndlist
- Hönnun og byggingalist
- Kvikmyndagerð (þ.m.t. framleiðsla sjónvarpsefnis)
- Bókmenntir

Þessi upptalning nægir engan veginn sem upptalning á skapandi greinum en vísar til þeirra listgreina sem tilheyra menningu okkar. Af list- og menningartengdu starfi má einnig nefna fjölþætta bókaútgáfu og annars konar útgáfustarfsemi, menningartengda ferðaþjónustu, rekstur ljósvaka- og netmiðla, framleiðslu útvarpsefnis, sem áratuga hefð er fyrir hér á landi og loks tölvuleikja- og hugbúnaðariðnað, sem er nýr af nálinni. Þá er ótalin menntun og rannsóknir í listum og menningartengdum greinum. Það er því ekki einfalt verk að koma sér saman um algilda skilgreiningu um hvað tilheyrir skapandi greinum. Starfshópurinn ætlar sér ekki að setja fram hina einu sönnu skilgreiningu en vonar að þessi skýrsla verði innlegg í slíka umræðu.

Hópurinn hefur notað flokkun og skilgreiningu UNESCO þar sem því verður við komið, en einnig hefðbundna flokkun. Með hefðbundinni flokkun er átt við flokkun milli listgreina og hönnunar líkt og sést á neðangreindri mynd en einnig hefur starfshópurinn greint framlög til þverfaglegra verkefna, menntunar og rannsókna og annarrar uppbyggingar skapandi greina í anda UNESCO flokkunar eftir því sem upplýsingar leyfðu.

Mynd 1
Skipting milli greina og málaflokka



1.3 1. des rannsóknin

1. des. rannsóknin var fyrsta heildræna rannsóknin á stöðu skapandi greina sem gerð hefur verið á Íslandi. Í henni var sjónum beint að umfangi greinanna og hagrænum áhrifum þeirra. Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru þær að skapandi greinar skipta verulegu máli í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Hátt í tíu þúsund manns starfa við greinarnar, sem standa fyrir virðisaukaskattskyldri veltu sem nemur að lágmarki 189 ma.kr. á ársgrundvelli og skapa þjóðarbúinu a.m.k. 24 ma.kr. útflutningstekjur á ári. Niðurstöðurnar komu nokkuð á óvart. Þrátt fyrir að sköpunarkraftur menningar og lista á Íslandi hafi lengi verið ljós höfðu hvorki stjórnvöld, skapandi fólk né almenningur áttað sig á efnahagslegu umfangi þeirra. Niðurstöðurnar hafa orðið til þess að skapandi greinar koma nú oftar fyrir í umræðu um atvinnuuppbyggingu og gætir eftirvæntingar um að hér sé á ferð atvinnugrein sem feli í sér mikil tækifæri til atvinnu- og verðmætasköpunar og eflingar samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegu samhengi.

Líkt og að framan greinir var farin sú leið í *1. des rannsókninni* að nýta fyrst og fremst nýja flokkunaraðferð UNESCO, á hagtölfræði skapandi greina.[8] Er hún mun víðtækari en hefðbundin skilgreining á skapandi greinum. Stórir málaflokkar líkt og náttúruvernd, rekstur þjóðgarða, ferðaþjónusta, veigamikil svið háskólamenntunar, útgáfa námsgagna og fleiri eru þar talin til skapandi greina.[9] Í rannsókninni eru allar fáanlegar upplýsingar um þessa starfsemi og aðra á einkamarkaði greindar út frá skilum á virðisaukaskatti, en hvað ríki og sveitarfélög varðar þá vantaði töluvert upp á aðgengileg gögn og nauðsynlegar upplýsingar. Rannsakendur höfðu einungis ósundurliðuð heildarframlög ríkis og sveitarfélaga til að vinna með og greindu ekki opinbera geirann samkvæmt flokkun UNESCO. Upplýsingar um fjárframlög ríkissjóðs byggðu á upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins um útgjöld til menningarstofnana, menningarverkefna og fjölmiðlunar, en Fjársýslan skráir skv. COFOG staðli, sem stendur fyrir Classification of the functions of Government, og voru flokkarnir 08.20.0 Menning og 08.03.0 Fjölmiðlun teknir inn í rannsóknina.

Ályktun

Starfshópurinn telur að áður en ákveðið verður að beita flokkun UNESCO á útgjöld ríkis og sveitarfélaga til skapandi greina, sé rétt að kanna hvort aðrar aðferðir henti betur. Um er að ræða stefnumótandi ákvörðun um flokkun og skráningu til framtíðar. Óháð því hver flokkunaraðferðin verður er ljóst að gera þarf úrbætur á skráningu tölulegra upplýsinga um skapandi greinar hjá hinu opinbera, jafnt hjá ríki og sveitarfélögum.

8 http://unstats.un.org/unsd/statcom/doc10/BG-FCS-E.pdf

9 Starfshópurinn vísar í lokaskýrslu rannsóknarinnar, en þar er að finna greinargóðar upplýsingar um flokkun Unesco. Í viðauka 3 gefur að líta mynd sem sýnir samantekt þeirra flokka sem notaðir voru.

Kafli 2

Stjórnsýsla skapandi greina

2.1 Verkaskipting og ábyrgð

Formleg skipting stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er ákvörðuð með forsetaúrskurði sem birtur var 28. september 2011.[10] Samkvæmt honum falla skapandi greinar einkum undir verksvið mennta- og menningarráðuneytis en einnig iðnaðarráðuneytis. Að auki koma málefni skapandi greina með beinum og óbeinum hætti, inn á verksvið annarra ráðuneyta, sérlega utanríkisráðuneytis, efnahags- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Þann 11. maí 2012 samþykkti Alþingi þingsályktun[11] um breytta skipan stjórnarráðsins sem tók gildi 1. september s.l. Breytingin felur m.a. í sér að nýtt ráðuneyti atvinnuvega- og nýsköpunar fari með málaflokka atvinnuþróunar og nýsköpunar og nýtt ráðuneyti fjármála- og efnahagsmála fari með hagstjórn, fjármál ríkisins og þróun efnahags.

Með nýju fyrirkomulagi eru það einkum fjögur ráðuneyti sem munu hafa ákvörðunarvald um málefni skapandi greina sem hér segir:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með málaflokka er varða grunnstoðir skapandi greina. Það ber ábyrgð á margvíslegum menningarstofnunum ríkisins, lögbundnum lista- og menningarsjóðum, ýmsum menningartengdum samningum og alþjóðlegum menningarsamskiptum. Miðstöðvar lista og skapandi greina eru ýmist reknar sem stofnanir undir ráðuneytinu (líkt og Kvikmyndamiðstöð Íslands) og/eða með samningum við ráðuneytið og í sumum tilvikum einnig við iðnaðar- og utanríkisráðuneytið. Síðast en ekki síst, fer ráðuneytið með öll mál er varða menntun og grunnrannsóknir í skapandi greinum.

Nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti fer með málaflokka er varða stuðningsþjónustu og þróun skapandi greina til verðmætasköpunar, stuðning við nýsköpun og opinberar fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, tæknirannsóknir og fjármögnun nýsköpunarverkefna. Má ætla að nýtt ráðuneyti hafi mikilvægu hlutverki að gegna í uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

Utanríkisráðuneyti fer með alþjóðleg samskipti og útflutning og gætir menningarhagsmuna Íslands á erlendri grund. Sendiskrifstofur Íslands sinna margvíslegum menningarsamskiptum, skipulagningu menningarviðburða og þjónustu við skapandi greinar erlendis. Nýstofnuð Íslandsstofa heyrir undir ráðuneytið og samkvæmt lögum um stofuna ber henni að styðja við kynningu á menningu erlendis.

Nýtt fjármála- og efnahagsráðuneyti fer með ýmis grunnverkefni sem hafa áhrif á uppbyggingu greinanna, svo sem samkeppnismálefni, söfnun og mælingu hagtalna og skattalega stöðu þeirra sem starfa innan greinanna, jafnt einyrkja sem og fyrirtækja.

Mynd 2 sýnir verkefni og stofnanir á ábyrgðarsviði þeirra fjögurra ráðuneyta sem koma mest að skapandi greinum. Gengið er út frá skiptingu málefna í fyrrgreindum forsetaúrskurði og þau nánar útskýrð auk þess sem helstu stofnanir og sjóðir eru nefndir. Þörf er á einfaldari verkaskiptingu, í síst hvað varðar starfrækslu sjóða og stefnumótun.[12]

10 http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/6905http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/6905 Skjalið má finna í viðauka 4

11 http://www.althingi.is/altext/140/s/1297.html

12 Tekið skal fram að nákvæm skipting verkefna milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis hafði ekki verið frágengin þegar starfshópurinn lauk við skýrslu sína. Því kann að vera að verkaskipting verði að einhverju leyti önnur en myndin sýnir. Í upptalningu stofnana og sjóða er gengið út frá nýrri skipan. Þannig er t.d. Minjastofnun Íslands tilgreind en hún mun taka við hlutverki Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar um næstu áramót, en nefndir starfa áfram. Nýr myndlistarsjóður er tilgreindur (sem tekur til starfa um næstu áramót) sem og Sviðslistasjóður en gert er ráð fyrir stofnun hans í nýju frumvarpi til sviðslistalaga og verður þá fjárlagaliðurinn Styrkir til starfsemi atvinnuleikhópa lagður niður.

Mynd 2

Verkefni og stofnanir á ábyrgðasviði þeirra ráðuneyta sem koma mest að skapandi greinum.

Ályktun

Stjórnsýsluleg ábyrgð á skapandi greinum hvílir á fjórum ráðuneytum, fagstofnunum þeirra og kynningarmiðstöðvum lista og skapandi greina. Kostirnir við slíkt fyrirkomulag eru þeir að með virkri aðkomu fleiri ráðuneyta, sem hafa afl og þekkingu á þörfum greinanna, gefst tækifæri til að styrkja stöðu greinanna jafnt inn á við sem út á við. Helsti gallinn er sá að óljóst er hvernig ábyrgð á uppbyggingu greinanna skiptist milli ráðuneyta. Til að auka skilvirkni stjórnsýslunnar gagnvart skapandi greinum þarf að skilgreina ábyrgðina, ekki síst hvað varðar fjárframlög til einstakra þátta og mótun stefnu.

2.2 Samhent stjórnsýsla

Í skýrslunni *Samhent stjórnsýsla*[13], sem er afrakstur vinnu nefndar sem falið var að gera tillögur um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands, kemur fram að hólfaskipt nálgun (e. silo – based approach) sé ríkjandi í íslenskri stjórnsýslu, þ.e. að ráðuneyti séu gjörn á að horfa á mál út frá sínum verkefnum en ekki út frá heildarmyndinni. Slíkt dragi úr getu til samstarfs og rýri möguleikann á að innleiða sameiginlega stefnu byggða á þverfaglegri nálgun. Í skýrslunni er bent á nauðsyn þess að „styrkja getu ráðuneyta til að móta stefnu og lagt til að byggð verði upp þverfagleg greiningar-, stefnumótunar- og verkefnisstjórnunarteymi innan stjórnarráðsins“.

Í skýrslunni er m.a. byggt á ítarlegum viðtölum við starfsfólk stjórnarráðsins. Fram kemur að álag innan ráðuneyta hafi aukist mjög með tilkomu nýrra verkefna, einkum „afgreiðslumála“ sem bitni á tíma og getu starfsmanna til að sinna stefnumótun og verkefnum framtíðar. Í skýrslunni kemur fram að „starfsmenn ráðuneytanna kalla nær undantekningarlaust eftir skýrari pólitískri leiðsögn og forgangsröðun verkefna en nú er raunin.“[14] Skýrsluhöfundar bera íslenska stjórnsýslu saman við stjórnsýslu á hinum Norðurlöndunum, Hollandi og Bretlandi. Bent er á að samanburður sé erfiður sökum smæðar íslenskrar stjórnsýslu en ýmsan lærdóm megi draga af uppbyggingu annarsstaðar, einkum hvað varðar undirbúning ákvörðunartöku og vinnu við lagasetningu. Hægt sé að draga úr ýmsum takmarkandi áhrifum smæðarinnar hér heima „með stækkun og eflingu íslensku ráðuneytanna annars vegar og með uppbyggingu á miðlægri þjónustu, svo sem stefnumótunar-, verkefnastjórnunar- og greiningarteymi.“[15] Skýrsluhöfundar benda á að við innleiðingu svokallaðrar „nýskipunar í ríkisrekstri“ (e. New Public Management) á níunda og tíunda áratug 20. aldar, þar sem lagt var upp úr sjálfstæði eininga, hafi dregið úr samráði og samstarfi. Vitnað er til rannsókna OECD[16] sem sýna að nýskipanin hafi í raun veikt tiltekna þætti í stjórnsýslu ríkja.

„... æ fleiri lönd séu að átta sig á þessum veikleikum NPM og að ríkur vilji sé til að taka á þeim vanda sem upp er kominn vegna skorts á samráði og samstarfi innan opinbera kerfisins“.[17]

13 Samhent stjórnsýsla, skýrsla nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands, desember 2010, http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/lokaskyrsla-stjornarradslaganefnd.pdf

14 Samhent stjórnsýsla bls. 62

15 Samhent stjórnsýsla bls. 3

16 OECD – Efnahags og framfarastofnun Evrópu

17 Samhent stjórnsýsla, bls 81

Ályktun

Starfshópurinn telur að margt af því sem fram kemur í skýrslunni *Samhent stjórnsýsla* eigi við þær áskoranir sem blasa við í uppbyggingu skapandi greina.

Lykilatriði er að:

- Stjórnsýsluleg ábyrgð skapandi greina verði skýr, hlutverk fagstofnana vel skilgreint og greinarnar séu sýnilegur hluti af starfsemi ráðuneytanna sem með málefni þeirra fara.
  Hér skiptir máli að boðleiðir séu skýrar og samráð og upplýsingaflæði sé aukið.

- Gripið verði til nauðsynlegra ráðstafana svo ráðuneytin séu betur í stakk búin til að sinna bæði stefnumótun, alþjóðlegu starfi og umsýslu, svo og að stjórnendur og sérfræðingar ráðuneyta og fagstofnana hafi yfir að ráða þekkingu og skilningi á málaflokknum í heild.[18]

Mikilvægt er að viðurkenna þarfir greinanna betur en verið hefur, en þær eru gjarnan frábrugðnar þörfum hefðbundinna atvinnugreina. Samspil listamanna, hönnuða og annarra sem starfa innan hins skapandi geira er margslungið og fer sjaldnast eftir hefðbundnum brautum. Þegar möguleikar greinanna eru metnir þarf vítt sjónarhorn og hæfni til að „hugsa út fyrir kassann“. Til að ná árangri í þverfaglegri samvinnu skiptir fjölbreyttur bakgrunnur, kunnátta og hæfni máli. Því er mikilvægt að tryggja aðkomu fagfólks, samtaka og helstu háskólastofnana, er sinna menntun og rannsóknum á vettvangi skapandi greina.

Tillögur

- Lagt er til að komið verði á formlegum samstarfshópi um uppbyggingu skapandi greina. Hlutverk samstarfshópsins verði að vinna að samræmdri uppbyggingu skapandi greina í anda þessarar skýrslu og gera tillögur til stjórnvalda um nauðsynlegar aðgerðir ásamt áætlun um eftirfylgni.

- Hópinn skipi fulltrúar fjögurra ráðuneyta; mennta- og menningarmálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, efnahags- og fjármálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis auk þriggja fulltrúa háskóla, tilnefndir af samstarfsnefnd háskólastigsins, þriggja fulltrúa Samtaka skapandi greina og eins fulltrúa Samtaka iðnaðarins

- Starfshópurinn leggur til að kannaðir verði kostir þess að hópurinn tilnefni fulltrúa í Vísinda- og tækniráð með það að markmiði að miðla upplýsingum til ráðsins og vinna að framgangi málaflokksins á vettvangi þess.

18 Samhent stjórnsýsla, bls. 81

Hér gefur að líta stutta samantekt á stoðkerfi skapandi greina á hinum Norðurlöndunum. Í þeim öllum hefur verið komið á fót þverfaglegu samstarfi milli ráðuneyta um uppbyggingu greinanna og þau sem lengst eru komin hafa myndað formlegar tengingar við háskólastofnanir, fagaðila og grasrót. Starfshópurinn telur að læra megi margt af reynslu, árangri og mistökum nágrannaþjóða okkar við uppbyggingu skapandi greina.

Stjórnskipan skapandi greina á Norðurlöndum

Svíþjóð

Í júní 2011 ákvað sænska ríkisstjórnin að koma á fót Ráði menningariðnaðar og skapandi greina[19] og er verkefninu stýrt sameiginlega af menningarmálaráðuneyti og ráðuneyti viðskipta, orku og samskipta. Í tilkynningu að baki ákvörðuninni segir að frumkvöðlastarf og listræn sköpun eigi margt sameiginlegt enda byggi hvoru tveggja á hugmyndum og nýsköpun. Ávinningur þess að tengja betur en áður menningar -og viðskiptageira sé mikill. Árið 2009 settu Svíar 73 milljónir SEK [20] í áætlun um menningartengdan- og skapandi iðnað, sem ætlað var að efla skilyrði fyrir frumkvöðlastarf í skapandi greinum til lengri tíma, þróa viðskiptahugmyndir og stuðla að samstarfi milli menningar- og viðskiptalífs.

Noregur

Stjórnun og stoðkerfi skapandi greina er í stórum dráttum skipt í tvennt. Norsk kulturråd veitir styrki til að efla fjölbreytni og gæði í listum og annarri menningarstarfsemi en Innovasjon Norge hefur hins vegar það hlutverk að efla ábatasama atvinnuþróun. Innovasjon Norge var stofnuð 2004 á grunni Nýsköpunarmiðstöðvar, Útflutningsráðs, Ferðamálastofu Byggðastofnunar og Uppfinningastofu Noregs.[21] Í skýrslu sem norska ríkisstjórnin birti 2010 [22] „To mål – to midler – økt kunnskap om virkimidlene for kulturnæringene“ er gerð grein fyrir stuðningskerfi ofangreindra aðila en jafnframt bent á að nauðsyn sé að byggja brú milli menningar, lista og viðskipta. Dregnar eru fram helstu hindranir í vegi þess, s.s. skortur á þekkingu í viðskiptum í menningarlífi og að fagfólk líti ekki á sig sem viðskiptamenn heldur fyrst og fremst listamenn.

Danmörk

Í Danmörku var sett á fót árið 2008 Miðstöð menningar og upplifunarhagkerfis, CKO[23]. Miðstöðin er sjálfseignarstofnun undir sameiginlegri stjórn menningarmálaráðuneytis og efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Henni er ætlað að auka samspil menningar- og atvinnulífs og sérlega efla viðskiptaþekkingu í menningargeira. Að öðru leyti skiptist stoðkerfi skapandi greina milli menningarmálaráðuneytis og viðskipta- og efnahagsráðuneytis, ásamt ráðuneyti vísinda, nýsköpunar og tækni, sem annast allt er varðar rannsóknir í greinunum. Undir það falla háskólastofnanir.

Finnland

Í Finnlandi var árið 2008 komið á fót Creative industries Finland [24] sem er eins konar samræmingaraðili milli ráðuneyta, stofnana, sjóða, háskóla og fyrirtækja sem vinna að skapandi greinum. Finnar vinna nú eftir Þróunaráætlun skapandi greina 2007 – 2013[25] sem hefur 14 milljónir evra[26] í fjármögnun til fjölbreyttra verkefna sem flest hafa það að markmiði að þróa hæfni frumkvöðla og einyrkja í skapandi greinum. Verkefninu er stýrt sameiginlega af menningarráðuneyti og atvinnu- og efnahagsráðuneyti Finnlands. Meðal verkefna sem hafa hlotið styrk eru YLÖS – sem ætlað er að þróa þjónustu leikhúsa, Finnish Music Express – sem fjallar um alþjóðavæðingu finnska tónlistariðnaðarins, ART 360 – sem ætlað er að þróa hæfni framleiðenda og stjórnenda í myndlist, JOHDE – sem fjallar um hæfni hátíðastjórnenda og DiMeKe –sem varðar vöruþróun stafrænna miðla.

19 http://www.sweden.gov.se/sb/d/3009/a/171720

20 1,3 milljarður íslenskra króna á gengi 1.7.12

21 http://gml.innovasjonnorge.no/system/Global-toppmeny/English/

22 http://www.regjeringen.no/upload/KUD/Samfunn_og_frivillighet/Rapporter/To_maal-to_midler_Virkemidler_for_kulturnaeringene_mai2010.pdf

23 http://www.cko.dk/

24 http://www.creativeindustries.fi/

25 http://www.kul.ee/webeditor/files/loomemajandus/omc/Case_Finland_1.pdf

26 eða sem samsvarar 2,2 milljörðum íslenskra króna, á gengi 1.7.12. Fjármunir koma úr Félags- og mannauðssjóði Evrópusambandsins og úr finnskum sjóðum.

Kafli 3

Stefna

Í stefnumótun íslenskra stjórnvalda undanfarin ár og í stefnumótun sem þau eru aðilar að í gegnum alþjóðlegt samstarf er iðulega fjallað um skapandi greinar.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá 2009, áætluninni Ísland 2020, sókn fyrir atvinnulíf og samfélag frá árinu 2010, í efnahagsáætlun efnahags- og viðskiptaráðherra frá 2011 og nú síðast í fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar frá maí 2012, er lögð áhersla á skapandi greinar sem framtíðaratvinnuveg.

Þá eru íslensk stjórnvöld aðilar að stefnu um málefni skapandi greina, sem norrænir menningar- og iðnaðarráðherrar hafa sameinast um. Síðast en ekki síst lagði mennta- og menningarmálaráðherra fram drög að þingsályktunartillögu að menningarstefnu íslenska ríkisins til kynningar þann 8. júní 2012.[27] Er það í fyrsta sinn sem heildstæð stefna um menningu og listir, sem skapandi greinar byggja á, er lögð fram af hálfu stjórnvalda.

27 http://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/Menningarstefna---samsett-8-juni---i-kynningu-an-vatnsmerkis-LOKA.pdf
Stefnan verður lögð fram á Alþingi í september 2012 og verður hægt að nálgast hana á vef Alþingis www.althingi.is

3.1. Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar frá 2009

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna frá 2009 [28] segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að mótuð verði „heildstæð atvinnustefna fyrir Ísland, byggð á jafnræði atvinnugreina". Stefnan verði útfærð í formlegu samráði stjórnvalda, sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og háskólasamfélagsins.
Í samstarfsyfirlýsingunni segir jafnframt að ráðist verði í „markaðssókn erlendis á sviði lista, menningar, hönnunar og hugvitsgreina og „...hlúð verði að menningarstarfsemi um allt land með áherslu á íslenska frumsköpun"

Ályktun

Starfshópurinn tekur undir mikilvægi þess að mótuð verði heildstæð atvinnustefna sem byggi á jafnræði atvinnugreina. Það er mat hópsins að slík stefna kalli á talsverðar breytingar á stuðningskerfi bæði stjórnsýslu og atvinnulífs. Stjórnsýsla til framtíðar þarf að taka mið af framþróun í atvinnulífi. Atvinnustefna til framtíðar ætti m.a. að hafa að markmiði að fjölga störfum í vaxtargreinum og auka útflutning.[29] Mikilvægt er að gera vandaðan samanburð á því hvernig opinbert stoðkerfi þjónustar ólíkar atvinnugreinar. Slíkur samanburður og aðgerðir til leiðréttingar er grundvöllur jafnræðis nýrra og eldri atvinnugreina. Þá þarf að skoða dreifingu fjármagns til rannsókna innan ólíkra atvinnugreina og gera tillögur sem tryggja jafnt aðgengi allra greina á grundvelli gæða umsókna. Um leið og heildstæð stefna er mörkuð þarf að forgangsraða og leggja tímabundið áherslu á þær atvinnugreinar sem vænlegastar eru til vaxtar. Þá þarf að skýra inntakið í hugmynd stjórnvalda um „áherslu á íslenska frumsköpun".

Stjórnvöld hafa tekið þátt í og stutt við stofnun miðstöðva lista og hönnunar sem aukið hefur fagmennsku í markaðssókn erlendis. Þátttaka Íslands, sem heiðursgests, í bókasýningunni í Frankfurt í október 2011, er dæmi um vel heppnaða erlenda markaðssókn hins opinbera á sviði menningar og skapandi greina. Þetta verkefni sker sig úr þar sem stjórnvöld studdu það með mun rausnarlegri hætti en títt er um verkefni á sviði skapandi greina (345.m.kr. alls). Bókamessan hefur skilað margvíslegum ávinningi fyrir íslenska rithöfunda og bókaútgefendur og ekki síst stækkað markaðinn fyrir íslenskar bókmenntir. Starfshópurinn telur mikilvægt að fylgja verkefninu vel eftir og tryggja að sú reynsla sem til varð við framkvæmd þess nýtist til áframhaldandi sóknar bókmennta okkar á erlenda markaði en einnig til sóknar á öðrum sviðum skapandi greina.

Mikilvægt er að fylgja eftir áherslu stjórnvalda á íslenska frumsköpun um allt land líkt og kemur fram í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna. Öflugir verkefnatengdir sjóðir, menningarsamningar [30] og vaxtarsamningar [31] ríkisins við landshlutasamtök sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins og ekki síst rekstur öflugra menningarstofnana gegna lykilhlutverki í að ná því marki.

Tillögur

Starfshópurinn leggur til að miðstöðvum skapandi greina [32] verði falið að gera tillögur að markaðssókn erlendis á sviði lista, menningar og hönnunar, þar sem árangursmarkmið eru skilgreind svo hægt sé að gera úttekt á árangri.[33] Tillögurnar verði ræddar og samhæfðar á vettvangi fagráðs Íslandstofu í listum og skapandi greinum og gerð áætlun um framkvæmd í samráði við hlutaðeigandi aðila.

28 http://www.forsaetisraduneyti.is/verkefni/rikisstjorn/stefnuyfirlysing/

29 Þetta sjónarmið er m.a. sett fram í skýrslu Alþjóða gjaldeyrissjóðsins sem gerð er grein fyrir síðar í skýrslu þessari.

30 http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/5950

31 http://www.byggdastofnun.is/page/vaxtasamningar

32 Hér er átt við kynningarmiðstöðvar listgreina, Hönnunarmiðstöð og Kvikmyndamiðstöð

33 Þessi tillaga starfshópsins er nánar útfærð í kafla 5, bls. 56 „Alþjóðasamstarf og sókn á útflutningsmarkaði."

3.2 Efnahagsáætlun efnahags- og viðskiptaráðuneytis

Í nóvember 2011 gaf efnahags- og viðskiptaráðuneytið út efnahagsáætlun.[34] Áætlunin fléttar saman þætti úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar frá 2009, samstarfsáætlun við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn, yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga vorið 2011, stefnumörkun sem unnin hefur verið í ýmsum ráðuneytum og langtímastefnumörkun sem sett hefur verið fram í tengslum við stefnumörkunina Ísland 2020. Áætlunin leggur áherslu á aukna fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og útflutnings- og nýsköpunardrifinn vöxt. Einnig er lögð áhersla á óefnislegar fjárfestingar á borð við rannsóknar- og þróunarstarfsemi, hugbúnaðargerð, útgjöld til menntamála o.fl. til jafns við hefðbundnar efnislegar fjárfestingar. Falla þessar áherslur vel að því sem fram kom í *1. des rannsókninni* að skapandi greinar séu ein helsta vaxtargrein atvinnulífsins og að mikilvægt sé að bæta þekkingu og rekstrarskilyrði greinanna til þess að nýta þau tækifæri sem til staðar eru.[35]

Fjallað er um skapandi greinar sérstaklega í efnahagsáætluninni og lögð áhersla á að velta greinanna hafi verið stöðug þrátt fyrir samdrátt í þjóðarbúskap. Sagt er frá því að efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Hagstofa Íslands muni skoða hvernig hægt sé að mæla hlut greinanna í verðmætasköpun hagkerfisins betur en nú er gert og að fjármálaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti muni skoða möguleika skattkerfisbreytinga sem miði að því að bæta starfsskilyrði greinanna.

Ályktun

Starfshópurinn tekur undir áherslur efnahagsáætlunarinnar og telur mikilvægt að henni verði fylgt eftir með markvissum hætti, enda muni aðgerðir sem af henni leiða, styrkja starfsumhverfi skapandi greina umtalsvert. Sérstaklega er mikilvægt að huga að markvissri fjárfestingu hins opinbera í skapandi greinum, sem hafa sýnt fram á sveigjanleika og styrk á tímum efnahagsþrenginga og búa yfir fjölbreyttum tækifærum til vaxtar og auk þess að standa undir nýsköpun og útflutningi.

Tillögur

Lagt er til að samstarfshópi skapandi greina, sem fjallað er um í 2. kafla, verði falið að vinna tillögur um stuðning við greinarnar í samræmi við efnahagsáætlun fyrrum efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Mikilvægastar eru, í þessu tilfelli, tillögur um aukna fjárfestingu í fyrirtækjum á sviði skapandi greina og markaðssókn þeirra, svo og tillögur um að komið verði á fót reglubundinni mælingu á hlut skapandi greina í verðmætasköpun hagkerfisins og þeim fundinn staður í þjóðhagsreikningum.

3.3 Ísland 20/20

Í stefnumörkuninni Ísland 2020, sókn fyrir atvinnulíf og samfélag,[36] sem samþykkt var í ríkisstjórn 21. desember 2010, eru grunnþættir nýrrar atvinnustefnu settir fram í nokkrum liðum. Þar segir að skapandi greinar séu meðal þeirra greina, sem líklegastar séu til vaxtar. Þá segir að vaxtargreinar eigi að njóta sérstaks stuðnings í rannsóknum og þróun, menntun og endurmenntun, fjárfestingu í innviðum og grunngerð samfélagsins og við markaðssetningu Íslands. Er lagt til að Vísinda- og tækniráð skilgreini helstu vaxtargreinar.

34 http://www.efnahagsraduneyti.is/media/Acrobat/Efnahagsaaetlun_i_prentun.pdf

35 Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina bls. 5

36 http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/

Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að „efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.“[37] Í stefnu þess fyrir árin 2010-12[38] er „lögð áhersla á að með samstilltu átaki einstaklinga, opinberra stofnana, háskóla og fyrirtækja verði til ný verðmæti og jafnvel nýjar greinar atvinnulífs í kröftugu samspili vísinda og nýsköpunar.“ Þar segir einnig að skapandi greinar séu „samofnar öllu nýsköpunarferlinu, allt frá rannsóknum og þróun til markaðssetningar og notkunar“.

Ályktun

Ísland 2020 er mikilvægt leiðarljós nýrrar atvinnustefnu þar sem skapandi greinar eru taldar til helstu vaxtargreina. Starfshópurinn telur mikilvægt að unnið verði markvisst að framgangi stefnunnar Ísland 2020.

Tillögur

Lagt er til að samstarfshópi skapandi greina, sem fjallað er um í 2. kafla, verði falið að vinna tillögur um stuðning við greinarnar í samræmi við áherslur stefnunnar Ísland 2020.

3.4 Fjárfestingaáætlun 2013 – 2015

Þann 18. maí s.l. lagði ríkisstjórnin fram áætlun um fjárfestingar í íslensku atvinnulífi 2013 – 2015.[39] Áætlunin er sett fram með fyrirvara um fjármögnun, það er að áform um tekjur af arði og eignasölu hluta ríkis í bönkum gangi eftir sem og tekjur af hækkuðu veiðigjaldi og leigu aflahlutdeilda.

Gangi fjármögnun eftir er hér um að ræða umtalsverðar viðbótarfjárfestingar í skapandi greinum.

Helstu atriði:

Af 22 ma.kr. tekjum af arði og sölu banka er gert ráð fyrir að verja:

- 750 m.kr. á næstu þremur árum til verkefnissjóða skapandi greina, 250 m.kr. ár hvert.
- Ekki er skilgreint frekar til hvaða verkefnissjóða ætlað er að fjármunirnir renni.
- 1,4 ma.kr. til eflingar Kvikmyndasjóðs á næstu þremur árum, 488 m.kr. ár hvert.

Að auki

- 1,5 ma.kr. til uppbyggingar ferðamannastaða, 500 m.kr. ár hvert. Gera má ráð fyrir að sú fjárfesting renni til hönnunar mannvirkja að einhverju leyti
- 600 m.kr. til Netríkisins Íslands, 200 m.kr. ár hvert. Gera má ráð fyrir að fyrirtæki í skapandi greinum njóti þessarar fjárfestingar að einhverju leyti

Af 17,1 ma. kr tekjum af veiðigjaldi og leigu aflahlutdeilda er gert ráð fyrir að verja:

- 2,2 ma.kr til hækkunar á framlagi til Tækniþróunarsjóðs, 750 m.kr. ár hvert en fyrirtæki og rannsóknarteymi í skapandi greinum hafa í auknum mæli fengið framlag úr sjóðnum.
- 1,5 ma.kr. til hækkunar á framlagi til Markáætlana, 500 m.kr. ár hvert og sérstaklega er tekið fram að hækkun eigi að rúma nýjar áætlanir fyrir skapandi greinar og „græna hagkerfið“.

37 1. gr. laga nr. 2/2003 um Vísinda- og tækniráð, http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003002.html

38 Byggt á styrkum stoðum, stefna Vísinda- og tækniráðs 2010 til 2012, http://www.vt.is/files/Stefna_VTR_2010-2012_198837433.pdf

39 http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/7175

Ályktun

Ljóst er að hér er um að ræða fjárfestingar sem ekki munu ganga eftir nema að ofangreind tekjuöflun standist. Starfshópurinn telur áformin metnaðarfull og ánægjulegt að sjá áætlun um umtalsverða nýja fjárfestingu í skapandi greinum, í tengslum við aðgerðir í þágu íslensks atvinnulífs.

Tillögur

Starfshópurinn telur mikilvægt að áform fjárfestingaátlunar ríkisstjórnarinnar 2013 – 2015 gangi eftir. Nauðsynlegt er að efla lögbundna verkefnasjóði allra listgreina og hönnunar, ásamt því að koma á nýjum sjóðum í þeim greinum sem enn hafa ekki slíka sjóði.

3.5 Norræn stefna um skapandi greinar

Í nóvember 2010 samþykktu menningarmálaráðherrar Norðurlandanna tillögur KreaNord, þverfaglegs stýrihóps á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, fjögur megin stefnumið í skapandi greinum[40] og aðgerðir þeim tengdum. Byggja stefnumiðin á þeirri sýn að skapandi greinar séu drifkraftur hagvaxtar, atvinnusköpunar og nýsköpunar á Norðurlöndum, sem þurfi að efla og styðja við með sameiginlegum aðgerðum.

Stefnumiðin eru:

- Efla markvisst samstarf og skoðanaskipti milli skapandi greina á Norðurlöndunum og efla samstarf við aðrar greinar atvinnulífsins til að stuðla að virðisauka, nýsköpun og vexti.
- Stuðla að nýjum tækifærum, sem opni aðgang að alþjóðamörkuðum og alþjóðlegri fjármögnun auk þess að laða erlenda fjárfestingu að skapandi greinum á Norðurlöndunum.
- Stuðla að því að menning og sköpun verði hluti af norrænni menntun á öllum stigum og að frumkvöðlastarf og viðskiptafræði verði hluti af menntun á sviði menningar og lista.
- Að koma á fót sameiginlegum markaði á Norðurlöndum fyrir menningu og skapandi greinar með því að þróa hæfni fagfólks og styrkja dreifileiðir.

Með stefnumiðunum eru settar fram margar metnaðarfullar tillögur um aðgerðir, sem er unnið að á vettvangi Norðurlandasamstarfs. Meðal annars er lagt til að menntastofnanir á Norðurlöndunum stuðli að og efli frumkvöðlastarf í skapandi greinum. Einnig er stefnt að því að kanna möguleika á stofnun samstarfsnets og samstarfsvettvangs stuðningsaðila og stjórnvalda fyrir fyrirtæki og einstaklinga í skapandi greinum. Slíkt samstarfsnet myndi nýta sérþekkingu á fjármögnun frá fjárfestingafyrirtækjum og „viðskiptaenglum.“ [41]

40 http://www.norden.org/is/um-samstarfid/samstarfssvid/skapandi-idnadur/norraent-samstarf-um-throun-skapandi-idnadar/

41 Viðskiptaengill er þýðing á enska hugtakinu ''business angel''. Oftast er um að ræða efnaða einstaklinga sem eru tilbúnir til að leggja fyrirtækjum fjármuni, gegn hlutdeild sem og veita fyrirtækjum sérfræðiþekkingu.

Ályktun

Starfshópurinn tekur undir markmið og tillögur KreaNord um aðgerðir. Hópurinn telur að með hliðsjón af stefnumiðum KreaNord mætti m.a. auka áherslu á viðskiptaþróun greinanna hér á landi og nefnir sérstaklega samstarf fyrirtækja á vettvangi Samtaka tölvuleikjaframleiðanda.
Sterkt net „viðskiptaengla" sem tæki að sér vel skilgreind lærdómsverkefni getur skipt sköpum fyrir íslensk fyrirtæki í skapandi greinum. Hópurinn telur mikilvægt að miðstöðvar skapandi greina hafi aðkomu að slíkum verkefnum.
Hugmyndir KreaNord um tengingu frumkvöðla- og viðskiptanáms við listnám á háskólastigi eru metnaðarfullar. Hópurinn telur þó að fyrsta skrefið í eflingu náms í skapandi greinum sé að styrkja meistaranám í listgreinum og hönnun.
Rannsóknarstofa í skapandi greinum við Háskóla Íslands vinnur nú að rannsókn á rekstrarumhverfi skapandi greina, hvernig það hamlar og/eða styður við fyrirtæki í skapandi greinum á Íslandi. Sú kortlagning mun nýtast vel í þeirri viðleitni að Ísland leggi sitt af mörkum við að framkvæma fyrsta stefnumið KreaNord.

Tillögur

Lagt er til að samstarfshópurinn skv. tillögu á bls. 16 fylgi eftir markmiðum KreaNord á Íslandi.

Um KreaNord

Samstarf Norðurlandanna um skapandi greinar hófst árið 2008 með stofnun þverfaglega vinnuhópsins KreaNord en hópurinn samanstendur af fulltrúum atvinnu- og menningarráðuneyta á Norðurlöndunum og sjálfstjórnarsvæðunum. Árið 2010 fékk vinnuhópurinn sterkari stöðu og var breytt í stýrihóp sem vinna á að stefnumótandi atriðum.

KreaNord er hluti af hnattvæðingarstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar, sem hófst að frumkvæði norrænu forsætisráðherranna. KreaNord stuðlar að auknu samræmi milli Norðurlandanna og byggir á norrænu grænbókinni um skapandi iðnað.

Markmið KreaNord er að þróa og kynna Norðurlöndin sem miðstöð skapandi greina. KreaNord vinnur að því að efla Norðurlöndin á þessu sviði með því að leggja áherslu á að skapa tengslanet, stuðla að þróun og kynningu og leggja fram tillögur til stjórnmálamanna á grundvelli verkefna í löndunum. Sem dæmi um þróunarverkefni er Norræna tölvuleikjaáætlunin. KreaNord tengist breiðum hópi skapandi aðila innan landanna en skipaðir voru svokallaðir bakhópar með fulltrúum skapandi greina í hverju landi. Bakhóparnir taka þátt í stefnumótun og tryggja tengsl við grasrótina.

3.6 Ráðleggingar alþjóðlegra aðila

Frá efnahagshruninu á Íslandi haustið 2008 hafa íslensk stjórnvöld kallað eftir ráðgjöf frá alþjóðlegum fræðimönnum og stofnunum og hafa niðurstöður þeirra verið birtar í ýmsum skýrslum. Má þar helst nefna skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) frá febrúar 2011,[42] stöðuskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um Ísland frá október 2010[43] og skýrslu sem fimm manna sérfræðinganefnd á vegum íslenskra stjórnvalda skilaði í maí 2009.[44] Í skýrslunum er hvatt til þess að Íslendingar leggi áheyrslu á ákveðnar vaxtargreinar, til dæmis skapandi greinar, við uppbyggingu efnahags landsins og til að auka gjaldeyristekjur. Auk stuðnings við nýsköpun er lögð áhersla á fjárfestingu í menntun á öllum skólastigum og endurskoðun mennta- og rannsóknarkerfisins. Á næstu blaðsíðu gefur að líta stutta samantekt á ráðleggingum beggja ofangreindra aðila.

42 http://www.oecd.org/dataoecd/51/52/48208267.pdf

43 constraints to growth bls. 18-34, hluti af stærri skýrslu sjóðsins 4. október 2010 Iceland: Selected issues paper http://www.imf.org/external/pubs/cat/longres.aspx?sk=24255.0http://www.imf.org/external/pubs/cat/longres.aspx?sk=24255.0

44 http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/4957
http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/4957

Ráðleggingar Alþjóða gjaldeyrissjóðsins

Í tengslum við endurskoðun á efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins gaf sjóðurinn út skýrslu í október 2011 þar sem er athyglisverður kafli sem kalla má á íslensku „Þröskuldar í vegi vaxtar.“ [45]

Þar er sett fram sú fullyrðing að útflutningsdrifinn vöxtur sé forsenda þess að Ísland losi um skuldastöðu sína og hún rökstudd með umfangsmikilli greiningu á framleiðslu og útflutningi landsins.

Að sögn sjóðsins eru framleiðslu- og útflutningsvörur Íslendinga færri en ætla mætti og útflutningsvörur fábrotnar.

Þröngur og sérhæfður strúktúr íslensks hagkerfis virðist vera þröskuldur í vegi vaxtar og vörur frá Íslandi vanþróaðar, sérlega ef litið er til þróunarstigs þjóðarinnar sjálfrar. Skýrslan hvetur til þess að áhersla verði lögð á að auka fjölbreytni útflutningsvara og nefnir þar auk annarra greina, tölvuleikjaframleiðslu, fata- og vefnaðariðnað og útgáfu, prentun og tengdan iðnað. Sjóðurinn nefnir nokkrar leiðir til að stuðla að aukinni fjölbreytni, m.a. að koma á hvötum til að lækka stofn- og rekstrarkostnað fyrirtækja, efla menntun sem undirbýr fólk undir störf í vaxtargreinum, jafna samkeppnisstöðu atvinnugreina og móta sóknarstefna sem styðir vöxt og viðskipti í ákveðnum greinum.

Ráðleggingar sérfræðinefndar

Fimm erlendir sérfræðingar skiluðu skýrslu[46] til mennta- og menningarmálaráðuneytis í maí 2009 þar sem þeir lögðu til nýja stefnu fyrir Ísland í menntun, rannsóknum og nýsköpun.

Sérfræðingarnir, sem allir eru virtir hver á sínu sviði, lögðu til **fimm helstu skilaboð**, eins og þeir kusu að kalla það, til íslenskra stjórnvalda, en þau voru:

- Haldið áfram fjárfestingum í menntun á öllum skólastigum.
- Endurskoðið mennta- og rannsóknakerfið.
- Leggið áherslu á nýsköpun.
- Bætið og styrkið stjórnsýslu rannsókna og nýsköpunar.
- Náið samstöðu um skammtímabreytingar og hrindið þeim hratt í framkvæmd.

Í umfjöllun um þriðju skilaboð sín, áherslu á nýsköpun, greina þeir þrjú fræðasvið sem þeir telja líkleg til árangurs. Eitt þeirra eru skapandi greinar. Sérfræðingarnir segja:

„Við ráðleggjum ríkisstjórn Íslands að leggja sérstaka áherslu á nýsköpun. Góð vísindi eru ekki sjálfkrafa verðmætaskapandi. Góð rammaskilyrði og beinn stuðningur við fyrirtæki er nauðsynlegur til að góðar hugmyndir leiði til bættrar samkeppnisstöðu og ávinnings fyrir íslenskt samfélag, bæði efnahagslegs sem og annars konar ávinnings.

Hagkerfi Íslands er greinilega of lítið til að landið geti keppt alþjóðlega á öllum sviðum vísinda, tækni og nýsköpunar. Við leggjum þess vegna til að áhersla verði lögð á tiltekin svið þar sem möguleikar á vexti eru góðir. Okkur virðast þrjú fræðasvið sérstaklega lofandi: Jarðhitavísindi, lífvísindi og skapandi greinar/upplýsingatækni.“

45 constraints to growth bls. 18-34, hluti af stærri skýrslu sjóðsins 4. október 2010 Iceland: Selected issues paper http://www.imf.org/external/pubs/cat/longres.aspx?sk=24255.0

46 http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/4957

3.7 Stefnumótun einstakra greina og lagaumhverfi

Hér gefur að líta töflu yfir stefnumörkun, löggjöf, lagafrumvörp og þingsályktunartillögur stjórnvalda í hverri grein. Einnig er getið stefnumörkunar sem samtök hafa sett fram. Í viðauka X gefur að líta nánari umfjöllun.

Tafla 1

Löggjöf, frumvörp og stefnumótun

TEGUND	HEITI	GILDISTAKA /FERLI	ÁBYRGÐ
Menningararfur og minjavarsla			
Löggjöf	Safnalög	1/1/13	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Löggjöf	Lög um Þjóðminjasafn Íslands	1/1/13	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Löggjöf	Lög um menningarminjar	1/1/13	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Stefna	Safnastefna um þjóðminjavörslu	til 2014	Þjóðminjasafn Íslands
Sviðslistir			
Frumvarp	Frumvarp að sviðslistalögum	Í vinnslu	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Stefna	Stefnumótun Sjálfstæðu leikhúsanna 2011 - 2020	2011	Sjálfstæðu leikhúsin
Stefna	Dansstefna 10/20	2010	Félag íslenskra listdansara
Tónlist			
Löggjöf	Lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands	1982	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Löggjöf	Lög um tónlistarsjóð	2004	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Löggjöf	Lög um eflingu tónlistarnáms	2011	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Stefna	Útón - Blásið til sóknar	2010	Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar
Myndlist			
Löggjöf	Myndlistarlög	1/1/13	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Stefna	Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	í vinnslu	Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar
Bókmenntir			
Löggjöf	Lög um Landsbóksafn-háskólabókasafn	2011	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Frumvarp	Frumvarp til bókasafnalaga	í vinnslu á Alþingi	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Frumvarp	Frumvarp um breytingar á lögum um Bókmenntasjóð	í vinnslu á Alþingi	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Kvikmyndir			
Löggjöf	Kvikmyndalög	2001	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Löggjöf	Lög um tímabundnar endurgr. framl.kostnaðar kvikm.	2012 - 2016	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Greining	Greining á starfskilyrðum kvikmyndagerðar	2010	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Stefna	Stefna um kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu	2012 - 2015	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Hönnun			
Stefna	Hönnunarstefna	í vinnslu	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skýrsla	Framvinduskýrsla Hönnunarmiðstöðvar	2010	Hönnunarmiðstöð Íslands
Stefna	Menningarstefna í mannvirkjagerð	2007	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Þvert á greinar			
Löggjöf	Heiðurslaun listamanna	1/9/12	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Frumvarp	Frumvarp til laga um fjölmiðla	í vinnslu á Alþingi	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Frumvarp	Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið	í vinnslu á Alþingi	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Þingsályktun	Þingsályktun um menningarstefnu	í umsagnarferli	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Þingsályktun	Efling skapandi greina	2011	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Stefna	Stefnumótun Bandalags íslenskra listamanna	2003 -2010	Bandalag íslenska listamanna
Áætlun	Fjarfestingaáætlun fyrir Ísland 2013 - 2015	2013	Forsætisráðuneyti

Kafli 4

Opinber framlög

Starfshópurinn gerði úttekt á fjárlögum ársins 2011 og 2012 auk þess sem leitað var frekari upplýsinga frá Alþingi, ráðuneytum og fagstofnunum. Jafnframt var tölum frá árinu 2009, sem birtust í *1. des rannsókninni*, skipt á milli greina, eftir því sem við var komið. Nokkuð skortir á að upplýsingarnar nægi til að greina með fullnægjandi hætti framlög til skapandi greina, einkum vantar upplýsingar varðandi framlög til menntunar, rannsókna og viðskiptatengdra verkefna. Hópurinn telur upplýsingarnar þó gefa nokkra mynd til að byggja megi á þeim tillögur og skapa umræðugrundvöll.

Sérstaklega er gerð grein fyrir fjárframlögum Reykjavíkurborgar til skapandi greina árið 2011 en tölur annarra sveitarfélaga eru úr gagnagrunni Sambands íslenskra sveitarfélaga og taka til ársins 2010.[47]

47 Við lokafrágang þessarar skýrslu lágu nýrri tölur ekki fyrir

4.1 Samanburður framlaga ríkissjóðs 2009, 2011 og 2012

1. des rannsóknin mat fjárframlag ríksins til skapandi greina á 11,5 milljarða króna árið 2009. Í henni voru aðeins birt heildarframlög ríkis og sveitarfélaga og þau ekki sundurgreind. Þegar rýnt er í gögnin kemur í ljós að þar vantar ýmis framlög, sem samkvæmt skilgreiningu UNESCO, teljast til skapandi greina, t.d. framlög til menntunar, rannsóknarstyrkir og fleira.

Starfshópurinn greindi framlög úr ríkissjóði sem fram komu í *1. des rannsókninni* fyrir 2009 og bar saman við sömu þætti í fjárlögum árin 2011 og 2012.

Mynd 3 sýnir tölur frá árinu 2009[48] sem birtar voru í *1. des rannsókn*, en nú skipt niður á greinar og þær bornar saman við sömu tölur samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum 2011 og fjárlögum 2012. Heildarframlög til þessara þátta lækkuðu úr 11,1 ma.kr. árið 2009 í 10,1 ma.kr. árið 2012 eða um 1 milljarð króna.

Verkefni og stofnanir á sviði menningararfs hafa orðið fyrir hlutfallslega mestum niðurskurði.

48 Tölur milli ára eru ekki að öllu leyti sambærilegar þar sem tölur 2009 eru ekki að fullu sundurgreindar eftir greinum. Tölur fyrir 2009 byggja á upplýsingum frá Fjársýslu ríksins um framlög til menningarstofnana, menningarverkefna og fjölmiðlunar. Fjársýslan notast við svokallaðan COFOG staðal sem stendur fyrir Classification of the functions of Government og voru flokkarnir 08.20.0 Menning og 08.03.0 Fjölmiðlun teknir inn í tölurnar. Í *1. des rannsókninni* var því ekki notast við skilgreiningu skapandi greina samkvæmt UNESCO varðandi útgjöld ríkissins.
Listamannalaunum hefur verið skipt á listgreinar árið 2011 og 2012 en ekki árið 2009. Í flokknum „ þverfagleg verkefni 2009“ eru margvísleg framlög sem ekki eru sundurgreind milli listgreina í uppgjöri Fjársýslu ríkins. Í flokknum „ þverfagleg verkefni“ árið 2011 og 2012 eru framlög sem ekki er hægt að skipta niður þar sem upplýsingar um ráðstöfun milli greina liggja ekki fyrir. Um er að ræða framlög líkt og til menningarsamninga sveitarfélaga og/eða framlögin tilheyra öllum greinum s.s. til Listahátíð í Reykjavík, geymsluhúsnæði menningarstofnana og heiðurslaunum listamanna.

Mynd 3
Framlag úr ríkissjóði 2009, 2011 og 2012
Samanburður við 1. des rannsókn



	2011	2012
Harpa	**681.9**	**553.6**

4.2 Hlutfallsskipting milli greina á fjárlögum ríkissjóðs 2011 og 2012

Hér gefur að líta hlutfallslega skiptingu milli greina á fjárlögum ríkissjóðs 2011 og 2012, án Ríkisútvarpsins. Líkt og sést á myndinni hefur hlutfallsleg skipting milli greina lítið breyst milli ára.[49]

Mynd 4
Hlutfallskipting milli greina





49 Sundurliðun allra framlaga má finna í viðauka 6.

Menningararfur og minjavarsla

Framlög eru rúmlega þriðjungur af því sem ætlað er til skapandi greina. Þar með talið eru framlög til tveggja höfuðsafna, Þjóðminjasafns og Náttúruminjasafns, en framlög til Listasafns Íslands eru talin með framlögum til myndlistar. Auk þess teljast til menningararfs framlög til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem og framlög til fjölbreyttra safna sem rekin eru vítt og breitt um landið. Einnig eru hér talin framlög til ýmissa setra, sýninga og menningartengdra verkefna hvort sem veitt er til þeirra fé úr Safnasjóði, af safnliðum ráðuneyta eða beint af fjárlaganefnd fyrir hönd Alþingis eins og gert var árið 2011.

Sviðslistir

Til þeirra renna um 15 af hundraði framlaga bæði ár, þ.m.t. til tveggja sviðslistastofnana ríkisins, Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokksins, en einnig framlög til Íslensku óperunnar, Leikfélags Reykjavíkur, starfsemi atvinnuleikhópa, launasjóðs sviðslistafólks og annarrar sviðslistastarfsemi.

Tónlist

Framlög milli 2011 og 2012 hækka úr 12,7% í 15,1%. Ræður þar mestu viðbótarframlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Til tónlistar teljast einnig framlög í tónlistarsjóð og til launasjóða tónskálda og tónlistarflytjenda, framlög til Útón og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, auk annarrar tónlistarstarfsemi.

Kvikmyndagerð

Framlög milli ára lækka hlutfallslega, úr 17,4% í 14,4%. Ræður þar viðbótarframlag á fjáraukalögum 2011 vegna endurgreiðslna til kvikmyndagerðar. Rétt er að taka fram að líklegt er að samskonar viðbótarframlag komi til á fjáraukalögum 2012.

Bókmenntir

Til þeirra rennur um 7% framlaga, stærsti hlutinn til lögbundinna sjóða, s.s. launasjóðs rithöfunda og Bókmenntasjóðs. Eina formlega stofnunin sem hið opinbera rekur á sviði bókmennta er Blindrabókasafn Íslands en sem fyrr segir telst Landsbókasafn íslands – Háskólabóksafn til menningararfs samkvæmt flokkunaraðferð UNESCO. Starfshópurinn hefur ekki sundurliðaðar tölur um rekstur annarra háskólabókasafna né bókasafna í framhaldskólum, sem er á hendi ríkis. Sveitarfélög reka önnur bókasöfn í landinu.

Myndlist

5% framlaga renna til myndlistar og eru stærstu liðirnir framlag til Listasafns Íslands og til launasjóðs myndlistarmanna.

Hönnun

Hönnun fær lægsta framlagið, tæplega 1% og er þar stærst framlag til Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Þverfagleg verkefni

Í flokknum þverfagleg verkefni eru liðir sem ekki reyndist unnt að skipta niður á tilteknar greinar vegna ónógra upplýsinga eða framlögin tilheyra öllum greinunum.[50]

50 Gert er grein fyrir liðnum „þverfagleg verkefni" í neðanmálsgrein hér að framan og í viðauka 6 er heildstæð sundurliðun allra talna.

Ályktun

Greining starfshópsins sýnir ekki til hvaða þátta í virðiskeðju skapandi greina fjármagni er varið né heldur eigin tekjur stofnana og verkefna sem njóta stuðnings. Til þess hefði þurft að greina ársskýrslur eða fjárhagsuppgjör allra þeirra aðila sem þiggja fjárveitingar úr ríkissjóði. Hópurinn telur mikilvægt að greint verði hversu stórum hluta opinbers fjár er varið til frumsköpunar í skapandi greinum, s.s. uppsetningar verka, kaupa á verkum, sýningahalds o.s.frv. sem og fasts launakostnaða, breytilegs launakostnaðar, markaðssetningar hér heima og erlendis og annarra lykilþátta, þar sem því verður viðkomið.

Opinberri skráningu tölulegra upplýsinga um skapandi greinar er mjög ábótavant þegar borið er saman við aðrar atvinnugreinar. Til að mynda eru ekki haldnar skrár yfir opinber framlög, framlegð, útflutningstekjur eða verðmætasköpun í skapandi greinum. Í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði fer fram ítarleg skráning ásamt greiningu á niðurstöðum sem skilar sér í árlega útreikninga Hagstofu Íslands við gerð þjóðhagsreikninga. Brýnt er að hafin verði skráning á hagstærðum skapandi greina og hlut þeirra í þjóðhagsreikningum með sama hætti og gildir um skráningu annarra atvinnugreina.

Tillögur

Lagt er til að árleg velta skapandi greina verði kortlögð, bæði sá hluti sem ber virðisaukaskatt og sá sem er undanþeginn honum. Kannað verði hvort hægt sé að gera samstarfssamning við Rannsóknarstofu í skapandi greinum við Háskóla Íslands og Hagstofu Íslands um verkefnið. Einnig er lagt til að skapandi greinar verði skilgreind stærð í opinberum hagtölum.[51]

4.3 Framlög til stofnana, lögbundinna sjóða og annarrar starfsemi

Mynd 5 sýnir framlög ríkissjóðs til listgreina, menningararfs, hönnunar og þverfaglegra verkefna, skipt á málaflokka eftir því hvort um er að ræða framlög til stofnana, sjóða eða annarrar starfsemi.

51 Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands á að verða unnt að greina veltu sem ekki ber virðisaukaskatt, með nýrri framsetningu efnahagsreikninga.

Mynd 5

Framlög til stofnana, lögbundinna sjóða og annarrar starfsemi



Samantekt:
Framlög til opinberra stofnana hafa hækkað úr 55,5% 2011 í 61,5% 2012.
Til stofnana teljast menningarstofnanir ríkisins og stórar sjálfseignarstofnanir sem reknar eru fyrir opinbert fé.

Til lögbundinna sjóða runnu 26,7% árið 2011 en 2012 hefur hlutfallið lækkað í 25,9%
Lögbundnir sjóðir eru starfslaunasjóðir listamanna og aðrir sjóðir, sem tilheyra einstökum listgreinum og eru starfræktir samkvæmt lögum.

Árið 2011 fóru 17,8% til annarrar starfsemi en lækkaði í 12,6% 2012.
Til annarra fjárframlaga teljast þau ríkisframlög sem veitt voru 2011 á grundvelli samninga eða fyrir tilstuðlan ráðuneyta eða Alþingis.

Í viðauka 7 gefur að líta frekari umfjöllun um framlög til hverrar greinar og hvernig þau skiptast milli stofnana, lögbundinna sjóða og annarrar starfsemi.[52]

52 Sundurliðun á öllum framlögum er í finna í viðauka 6

Ályktun

Tæplega tveir þriðju hlutar framlaga úr ríkissjóði til skapandi greina fara til reksturs stofnana. Fjárframlög til þeirra greina, sem hafa á að skipa stofnun/stofnunum eru alla jafna hærri en til þeirra greina sem engar stofnanir eiga. Undantekning frá því er þó kvikmyndagerð þar sem stærstur hluti opinbers framlags til greinarinnar fer til Kvikmyndasjóðs og til beinna endurgreiðslna á framleiðslukostnaði kvikmynda.
Í drögum að menningarstefnu stjórnvalda, sem eru nú til kynningar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, er sameining stofnana reifuð, án þess að það sé útfært hvaða stofnanir sé um að ræða. Starfshópurinn telur ástæðu til að stjórnvöld tali skýrt um slík áform og telur verðugt að skoða allar hugmyndir um sameiningu og/eða samstarf stofnana nánar.

Stofnanir á sviði menningararfs, sviðslista og tónlistar njóta hæstra framlaga.
Hlutfall fjár sem rennur til starfsemi í gegnum lögbundna sjóði í sviðslistum og tónlist er innan við 15%. Ástæða er til að skoða þörfina fyrir aukinn stuðning í gegnum lögbundna sjóði í þessum greinum og tækifærin sem í slíkum stuðningi felast.
Staða hönnunar er umhugsunarverð. Til að framþróun, uppbygging og nýsköpun geti orðið í hönnunargreinum er brýnt að hönnuðir fái aðgang að þróunar og verkefnasjóðum.

Tillögur

Starfshópurinn leggur til að gerð verði áætlun til næstu ára um aukin framlög til verkefnatengdra sjóða[53] á vettvangi skapandi greina. Nýsamþykkt myndlistarlög gera ráð fyrir að stofnaður verði myndlistarsjóður árið 2013, þá er einungis eftir að tryggja hönnuðum aðgang að verkefnatengdum sjóði. Jafnframt er mikilvægt að listafólk sem vinnur þvert á og á mörkum listgreina eigi aðgang að sjóðum. Við eflingu lögbundinna verkefnasjóða er mikilvægt að skoða samspil við launasjóði listamanna þar sem við á.[54]

4.4 Fjárhagur miðstöðva skapandi greina

Fjárframlög til miðstöðva listgreina og hönnunar eru talin með framlögum til hverrar greinar hér að framan, en ástæða er til að greina þau enn frekar í ljósi mikilvægs hlutverks miðstöðvanna í uppbyggingu skapandi greina. Tafla 2 sýnir opinber framlög til miðstöðva skapandi greina árið 2011 og 2012. Nánar er fjallað um hlutverk og stöðu miðstöðvanna í kafla 5 og í viðauka 8.

Mikilvægt er að hafa í huga að framlögin eru að hluta eyrnamerkt ákveðinni starfsemi og verkefnum. Stærstur hluti framlaga til Bókmenntasjóðs fer í beina styrki til útgefenda og þýðenda eða um 40 m.kr. Kvikmyndamiðstöð rekur Kvikmyndasjóð og leggur fjármuni til RIFF alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar og Bíó Paradís. Kvikmyndamiðstöð áætlar að 34 m.kr. fari til kynningar á íslenskum kvikmyndum 2012. Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar fær í ár 33 m.kr. þar sem 10 m.kr. eru eyrnamerktar Feneyjatvíæringnum 2014. Áætla má að miðstöðvarnar hafi samtals um 150 m.kr. á árinu 2012 til rekstrar, verkefna og kynningar.

53 Verkefnasjóðir sem starfshópurinn á við eru: Bókmenntasjóður, nýr Myndlistarsjóður, Tónlistarsjóður og nýr Sviðslistasjóður sem kemur í stað framlaga til Starfsemi atvinnuleikhópa. Kvikmyndasjóður á samkvæmt Fjárfestingaáætlun ríkisstjórnar að fá mjög aukin framlög á næstu þremur árum.
54 Slík tenging tíðkast nú þegar milli úthlutana Leiklistaráðs og starfslauna til sviðslistafólks

Tafla 2

Miðstöðvar skapandi greina – opinber framlög [55]

	LSÍ	KIM	HÖNN	ÚTÓN	TÓN	KVIKM	BOK	ALLS
2011	4.1	33	27	23	10.4	68.8	55.7	222.0
2012	7.4	33	30.5	26	10.2	97.8	65.0	269.9

Ályktun

Starfshópurinn telur starf miðstöðva listgreina og hönnunar afar mikilvægt. Þær hafa skilað árangri svo eftir hefur verið tekið og styrkt stöðu og ímynd skapandi greina jafnt innanlands sem utan. Starfshópurinn telur mikilvægt að rekstrargrundvöllur þeirra verði styrktur enn frekar. Með aukinni fjárfestingu í miðstöðvunum geta þær betur sinnt víðtæku hlutverki sínu, hvort sem er á sviði stefnumótunar, uppbyggingar greinanna innnanlands, faglegrar ráðgjafar eða við erlent samstarf og kynningu. Samningar til þriggja ára, sem stjórnvöld gerðu við þrjár miðstöðvanna í byrjun árs 2012, eru mikilvægur liður í að bæta stöðu miðstöðvanna en þó ber að líta á það sem fyrsta skref frekari uppbyggingar.

Tillögur

Starfshópurinn leggur til að síðast nefndu miðstöðinni í skapandi greinum, Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista, verði komið á fót samhliða samþykkt nýrra sviðlistarlaga. Jafnframt ætti að vinna áætlun um frekari eflingu miðstöðvanna í heild og í því samhengi kanna til hlítar hvaða vaxtarmöguleikar gætu falist í því að sem flestar miðstöðvarnar færu undir sama þak.

55 Miðstöðvar eru í þeirri röð sem þeirra er getið í töflunni: LSI; Leiklistarsamband Íslands (sem vinnur að stofnun Kynningarmiðstöð sviðslista), KÍM; Kynningarmiðstöð myndlistar; HÖNN; Hönnunarmiðstöð Íslands, ÚTÓN; Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, TÓN; Tónverkamiðstöð Íslands, KVIK; Kvikmyndamiðstöð Íslands, BÓK; Bókmenntasjóður – verðandi Miðstöð Bókmennta

4.5 Úthlutanir fjárlaganefndar Alþingis

Um árabil auglýsti fjárlaganefnd Alþingis eftir umsóknum um fjárstuðning við verkefni á sviði menningar og lista [56] og úthlutaði til þeirra af svokölluðum óskiptum liðum eða safnliðum fjárlaga. Af þessum liðum hafa einnig komið framlög til verkefna sem ráðuneytin óska sérstaklega eftir að njóti stuðnings. Ýmis verkefni, söfn, sýningar og setur hafa notið þessara framlaga um árabil.

Þetta fyrirkomulag hefur lengi verið gagnrýnt og hefur Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) bent á að það samrýmist ekki reglu hæfilegrar fjarlægðar[57] við úthlutun á opinberu fé. Við gerð fjárlaga ársins 2012 ákvað fjárlaganefnd að leggja þetta fyrirkomulag niður.[58] Þess í stað var fjármunum, sem áður hafði verið ráðstafað með framangreindum hætti, veitt í lögbundna sjóði á sviði lista og menningar, til menningarsamninga við landshlutana og í sérstakan sjóð mennta- og menningarmálaráðuneytis, svokallaðan 12. des. pott[59] sem ætlað er að úthluta styrkjum til félagasamtaka og verkefna sem ekki falla undir lögbundna sjóði. Reyndar vantaði upp á að upphæðirnar[60] sem fjárlaganefnd hafði áður úthlutað skiluðu sér allar í lögbundna sjóði og menningarsamninga á árinu 2012, en með áðurnefndri fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar 2013 – 2015 má gera ráð fyrir að það standi til bóta.

Ályktun

Starfshópurinn fagnar breyttu fyrirkomulagi við úthlutun fjár af óskiptum liðum enda löngu tímabært að breyta því. Um leið er mikilvægt að leita leiða til að efla hina lögbundnu sjóði og tryggja að það fjármagn, sem fjárlaganefnd hafði til úthlutunar í list- og menningartengd verkefni, skili sér áfram til geirans gegnum faglegt úthlutunarferli.

Tillögur

Áfram verði leitað leiða til að auka fagmennsku í úthlutunum opinbers fjár til list- og menningartengdra verkefna, t.d. með því að efla lögbundna sjóði, sem úthluta samkvæmt auglýstum úthlutunarreglum. Leggur hópurinn til að áfram verði unnið að því að færa það fé sem fór í 12. des. pottinn til lögbundinna sjóða.

56 http://www.althingi.is/vefur/frett.html?nfrettnr=1360

57 Þýðing á enska hugtakinu *arms length principle*

58 http://www.althingi.is/vefur/frett.html?nfrettnr=1505

59 Hér má sjá hvernig fjármagni skal ráðstafað á grundvelli umsókna http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Forsidugreinar/nr/6171 og hér gefur að líta úthlutun ársins 2012 úr "12. des. potti" http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6701

60 Úthlutanir fjárlaganefndar til "óskiptra liða" árið 2011 má sjá í viðauka 9

4.6 Framlög til menntunar

Fjárframlög ríkissjóðs til menntunar og rannsókna á sviði skapandi greina voru ekki talin með í *1. des rannsókninni*. Hér á eftir verða þær upplýsingar greindar sem starfshópurinn gat aflað, en ítrekað skal að erfitt reyndist að afla tæmandi tölulegra upplýsinga.

Framhaldskólastig

Rekstur framhaldsskóla er á ábyrgð ríkisins. Í fjárlögum ársins 2011 voru framlög til skóla á framhaldsskólastigi 16,8 ma.kr. Almennir framhaldsskólar eru 32 talsins og eru þar starfræktar yfir 100 námsbrautir. Hvergi er að finna samantekt á fjárframlögum til námsbrauta í skapandi greinum.
Skólaárið 2010-2011 voru 26.200 nemendur skráðir til náms í framhaldsskólum, þar af voru um 1.100 skráðir á námsbrautir sem teljast til skapandi greina. Auk þess voru um 600 nemendur í námi í skapandi greinum í sérskólum á framhaldsskólastigi.[61]

Sérskólar í listum

Framlög til sérskóla sem bjóða upp á framhaldsnám í listum voru 452,8 m.kr. skv. fjárlögum árins 2011 og hækkuðu í 708,1 m.kr. árið 2012.

Mynd 6
Fjárframlög til menntunar og rannsókna



61 Samantekt má sjá í viðauka 10

Framlag ríkissjóðs til tónlistarnáms sveitarfélaga er nýtilkomið. Samningur milli sveitarfélaga og mennta- menningarmálaráðuneytis um stuðning ríkissjóðs við tónlistarfræðslu var gerður í maí 2011. Hann felur í sér að ríkissjóður styður við nám á mið- og framhaldsstigi í söng og framhaldsstigi í tónlist um 240 m.kr. árið 2011 og 480 m.kr. árið 2012. Samkomulagið hefur komið að talsverðu gagni og leyst úr tilteknum vanda tónlistarskóla og tónlistarnema, en þó er gagnrýnt með hvaða hætti framlögum skv. samkomulaginu er skipt milli einstakra skóla. Það fyrirkomulag er nú til sérstakrar skoðunar í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Háskólastig

Heildarframlög til háskólastarfsemi, kennslu og rannsókna, er samkvæmt fjárlögum ársins 2012 16 ma.kr. en voru 13,9 ma.kr. árið 2011. Í töflu 3 má sjá framlög til kennslu og rannsókna til háskóla samkvæmt fjárlagafrumvarpi og fjárlögum 2012.[62]

Tafla 3

Framlög til kennslu og rannsókna íslenskra háskóla

Rekstrargrunnur í m.kr.	Kennsla frumvarp frumvarp 2012	Rannsóknir og annað frumvarp 2012	Frumvarp alls 2012	Fjárlög 2012
Háskóli Íslands	6.169,8	3.325,2	9.495,0	10.783,7
Háskólinn á Akureyri	985,5	498,5	1.484,0	1.464,6
Háskólinn á Bifröst	272,5	49,2	321,7	321,7
Háskólinn í Reykjavík	1.568,7	445,3	2.014,0	2014,1
Listaháskóli Íslands	611,2	36,2	647,4	667,4
Landbúnaðarháskóli Íslands	342,3	240,7	583,0	595,1
Háskólinn á Hólum	148,6	99,7	248,3	252,7
Samtals	**10.098,6**	**4.694,8**	**14.793,4**	**16.099,3**

Ekki reyndist unnt að fá tölur um fjárframlög háskóla til kennslu í skapandi greinum annarra en Listaháskóla Íslands. Í umfjöllun starfshópsins í 5. kafla, um menntun, er greint frá umfangi og aðsókn að ýmsum námsbrautum skapandi greina á háskólastigi. Framlag ársins 2012 samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við Listaháskóla Íslands (LHÍ) var 667,4 m.kr. árið 2012 en var 614,4 m.kr. árið 2011. Líkt og ofangreind tafla sýnir eru heildarframlög til háskóla árið 2012 16 ma.kr. og er framlag til LHÍ 4,1 % af heildarframlagi til háskóla. Listaháskólinn er einn háskóla hér á landi með viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis á fræðasviðinu listir. Listaháskólinn er sjálfseignarstofnun og er starfsemin að stærstum hluta fjármögnuð með kennslusamningi við ríkið þar sem kveðið er á um fjölda nemenda (nemendaígildi) í hverri deild og/eða braut. Ákveðið fjárframlag fylgir hverju nemendaígildi og er upphæðin mismunandi eftir brautum.

62 Þessi tafla birtist í drögum að nýrri skýrslu starfshóps Vísinda- og tæknineftndar bls 43 http://www.vt.is/visinda&taeknirad/einfoldun-visinda--og-nyskopunarkerfisins/

Tafla 4

Listaháskóli Íslands

Fjöldi nemendaígildi skv. samningi og upphæðir m.v. fjárlög 2012

Deild /skor	Lengd	Nemenda-ígildi	Framlag per nem	Skólagjöld per nem	Samtals per deild
Hönnun og arkitektur BA	3 ár	150	1.43	0.35	267.0
Leikaranám BFA	4 ár	24	3.14	0.35	83.8
Samtímadans BA	3 ár	14	1.84	0.35	30.7
Fræði og framkvæmd BA	3 ár	18	0.98	0.35	23.9
Tónlistardeild BA	3 ár	75	1.99	0.35	175.5
Myndlistardeild BA	3 ár	72	1.69	0.35	146.9
Listkennsludeild MA	2 ár	30	0.77	0.35	33.6
Samtals		**383**			**761.3**

Ályktun

Til að leggja mat á fjárhagsstöðu háskólamenntunar í skapandi greinum þarf upplýsingar frá fleiri háskólum. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að leggja mat á og setja fram tillögur um frekara nám í greinunum, sérlega hvað varðar möguleika á samþættum námsbrautum milli háskóla, þar sem t.d. tækni og listnámi væri fléttað saman.

Aukin velta og fleiri ársverk í skapandi greinum frá árinu 2005 er vísbending um að efling háskólamenntunar í listum á sama tíma sé einn áhrifavalda. Tvær kannanir LHÍ meðal útskrifaðra nemenda árin 2008 og 2010 sýna að 85% - 91% nemenda telja námið hafa nýst frekar vel eða mjög vel í störfum og verkefnum að loknu námi.[63]

Greining á fjárframlögum til framhaldsskólamenntunar í skapandi greinum hér engan veginn tæmandi. Eins og gefur að líta í umfjöllun starfshópsins um námsbrautir í greinunum hefur umfang þeirra og fjöldi aukist mjög á síðustu 10 árum og nemendafjöldi einnig. Það er verðugt verkefni að gera ítarlega greiningu á námstækifærum og uppbyggingu námsbrauta í skapandi greinum á framhaldsskólastigi. Í framhaldi af slíkri greiningu þyrfti að fara fram stefnumótun í framhaldsskólanámi í skapandi greinum.

63 http://lhi.is/skolinn/gaedakerfi/ Brottfall nemenda er mjög lítið í Listaháskólanum. Hámarks námstími við skólann er 4 ár. Vanalega eru teknir inn 2-4 nemendur á hverja braut umfram þann fjölda sem tilgreindur er í samningi. Þannig stunduðu 439 nemendur nám við skólann árið 2010, en samningsbundin nemendaígildi eru alls 383. Aðsókn að skólanum er góð og framboð á plássum mun minna en eftirspurn. Að meðaltali sækja 5 um hvert pláss.

4.7 Framlög til rannsókna

Í stefnu Vísinda- og tækniráðs 2010 - 2012[64] kemur fram eftirfarandi skipting opinberra framlaga til rannsókna og þróunar:

- 42% renna til menntastofnana
- 31 % renna til opinberra rannsóknarstofnana og stuðningsjóða
- 11 % renna til Rannsóknamiðstöðvar Íslands, RANNÍS og sjóða er heyra undir Vísinda- og tækniráð
- 8 % renna til annarra sjóða og áætlana
- 8 % renna til alþjóðlegra samstarfsáætlana

Vísinda- og tækniráð ályktaði 1. apríl 2011 að efla þyrfti og styrkja opinbera sjóði sem styðja við rannsóknir, nýsköpun og þróun. Þar að auki ætti að athuga þróun sjóðanna með það að markmiði að auka samlegð og ná fram hagræðingu í rekstri þeirra, t.d. með sameiningu, stækkun og einföldun þeirra.[65] Drög að skýrslu starfshóps sem Vísinda- og tækninefnd ráðsins skipaði árið 2011, um einföldun sjóðakerfisins liggja nú fyrir.[66] Þar er lagt til að sjóðakerfi vísinda og nýsköpunar verði einfaldað, rannsóknarstofnunum fækkað, þær tilheyri færri ráðuneytum og mun stærri hluti fjármagns verði veitt í gegnum opna samkeppni.[67] Greining hópsins sýnir að 84% af rannsóknafjármagni rennur í dag beint til stofnana og aðeins 16% í gegnum opna samkeppni um verkefni. Lagt er til að hlutfallsleg samsetning fjármögnunar árið 2020 verði líkt og á neðangreindri mynd.

Mynd 7

Tillaga að skiptingu opinberra framlaga til rannsókna og þróunar árið 2020



64 Byggt á styrkum stoðum, stefna Vísinda- og tækniráðs 2010 – 2012 http://www.vt.is/files/Stefna_VTR_2010-2012_198837433.pdf

65 Viðauki 11 - ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 1. apríl 2011.

66 Einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfninu, skýrsla drög, Starfshópur Vísinda- og tækninefndar VTR 26. mars 2012 http://www.vt.is/visinda&taeknirad/einfoldun-visinda--og-nyskopunarkerfisins/

67 sjá tillögur í skýrslu starfsfólks Vísinda- og tækniráðs á bls. 20 – 26

Rannsóknafjármagn nú er, fyrir utan að vera stofnanamiðað, mjög tengt einstökum atvinnuvegum. Á mynd 8 má sjá fjárframlög skv. fjárlögum 2011 og 2012 til sjóða sem vistaðir eru hjá sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneyti (nú atvinnuvegaráðuneyti).

Mynd 8

Sjóðir hjá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti 2011 og 2012



Skapandi greinar hafa ekki slíka eyrnamerkta rannsóknasjóði en rétt er að taka fram að stofnanir líkt og Árnastofnun og Þjóðminjasafn sinna rannsóknum á menningararfi. Greinarnar hafa í auknum mæli sótt í samkeppnissjóði sem vistaðir eru hjá Rannsóknaráði Íslands (RANNÍS).

Mynd 9

Samkeppnissjóðir vistaðir hjá RANNÍS







Ályktun

Tölur í framagreindum myndum sýna að hlutdeild skapandi greina í samkeppnissjóðum er enn mjög lítil en þó eru vísbendingar um aukinn hlut þeirra. Eins og sést hefur framlag til þeirra úr Tækniþróunarsjóði aukist milli ára, úr 16,4 m.kr. árið 2008 eða 3,4% af heildarúthlutun í 112,3 m.kr. árið 2011 eða 18,9 % af heildarúthlutun. Nú í vor, 2012 fengu verkefni í skapandi greinum 20,7% af þeim 239,3 m.kr. sem úthlutað var eða 49,5 m.kr. Eftir er að úthluta að nýju úr sjóðnum haustið 2012.[68]

Við úthlutun úr Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2011 voru 71 verkefni af 132 eða 53,7%, sem teljast til skapandi greina og fækkaði í 31 verkefni af 101 nú vorið 2012 eða 30,7%

Tillögur

Starfshópurinn leggur til að athugaðir verði möguleikar þess að koma á fót tímabundnum sjóði í þágu skapandi greina, sem vistaður verði hjá Rannsóknaráði Íslands. Sjóðinn mætti setja upp í formi markáætlunar líkt og tíðkast hefur hjá ráðinu á undanförnum árum fyrir aðrar atvinnugreinar. Er þessi tillaga í anda nýrrar fjárfestingaáætlunar ríkisstjórnarinnar.

68 Tölur um úthlutanir úr Tækniþróunarsjóði voru fengnar af heimasíðu Rannís 21. júní 2012 af slóðinni http://rannis.rhi.hi.is/AllocatedFunds/tthsj.php?columns=ar. sem er gagnagrunnur Rannís yfir verkefni sem hafa fengið styrk. Tölur um úthlutanir til verkefna á sviði skapandi greina voru bornar undir starfsmenn Rannís. Rétt er að taka fram að heildarfjárhæð hvers árs er fengin með því að leggja saman úthlutun til allra verkefna hvers árs, samkvæmt ofangreindum vefhlekk og ber tölum ekki alfarið saman við þær heildarúthlutanir sem Rannís gefur upp, sérstaklega á það við um árið 2008. Ástæðan er líklega sú að það vantar að skrá verkefni inn í gagnagrunn Rannís. Hér má sjá samantekt Rannís á úthlutun úr Tækniþróunarsjóði 2004 – 2011. http://www.rannis.is/files/Samantekt%20%C3%A1%20%C3%BAthlutunum%20T%C3%9ES_657662154.pdf Samkvæmt samantektinni fengu verkefni í listum og hönnun 2% af úthlutunum en í samantekt þessarar skýrslu eru einnig talin verkefni á sviði bókmennta, þjóðfræði, málvísinda, tölvuleikja og uppfinninga/verkefna sem byggja á hönnun og menningartengdri ferðaþjónustu. Skilgreining starfshópsins er því víðtækari en Rannís.

4.8 Stoðkerfi fyrir atvinnulíf

Stjórnvöld starfrækja nokkrar grunnstofnanir sem ætlað er að þjónusta íslenskt atvinnulíf. Hér fer á eftir stutt samantekt á hlutverki þeirra, opinberum framlögum og aðkomu þeirra að skapandi greinum.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er hluti af stoðkerfi atvinnulífsins og heyrir undir iðnaðarráðuneyti[69]. Hlutverk hennar er að hvetja til nýsköpunar og efla framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi. Framlag til hennar á fjárlögum 2012 var 521,5 m.kr. Í stefnu Nýsköpunarmiðstöðvar, 2008 – 2012 er eitt fimm stefnumiða að „vera í forystuhlutverki í stuðningi og uppbyggingu skapandi greina"[70].

Starfshópurinn óskaði eftir upplýsingum um hvernig stuðningi Nýsköpunarmiðstöðvar við skapandi greinar væri háttað. Í svörum hennar kom fram að fyrirtæki í skapandi greinum, sem nú starfa í frumkvöðlasetrum Nýsköpunarmiðstöðvar, séu 18 talsins og um 19% fyrirtækja sem hlutu sértækan stuðning 2007 – 2009, séu í skapandi greinum. Við úthlutun úr verkefnasjóðnum Átak til atvinnusköpunar [71] árið 2010 var hlutfall verkefna í skapandi greinum um 40% og þau fengu 37,4 m.kr. í styrk. Hlutfall þeirra fyrirtækja og einstaklinga úr skapandi greinum, sem hafa fengið handleiðslu Impru hjá Nýsköpunarmiðstöð, er um 20%, sem samsvarar um 1.600 handleiðsluviðtölum á ári.

Ferðamálastofa

Hlutverk Ferðamálastofu breyttist nokkuð árið 2010 þegar markaðs- og kynningarstarf erlendis færðist til Íslandsstofu. Nú sér Ferðamálastofa einkum um framkvæmd ferðamálastefnu, þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu innanlands, útgáfu leyfa og eftirlit. Framlag til hennar á fjárlögum 2012 er 311,7 m.kr. Framlög stofunnar til skapandi greina hafa ekki verið greind en í svari stofunnar til starfshópsins kemur fram að hönnuðir og arkitektar hafi fengið um 9,7 m.kr. hlutdeild í styrkjum vegna umhverfisverkefna og að aðkeyptur kostnaður vegna t.d. viðburða á sviði skapandi greina, hönnuða og arkitekta hafi verið 4,3 m.kr. á árinu 2011.

Íslandsstofa

Íslandsstofa var stofnuð með lögum árið 2010 og tók við starfsemi Útflutningsráðs, Fjárfestingarstofu og erlendu kynningar- og markaðsstarfi Ferðamálastofu. Íslandsstofu er lögum samkvæmt ætlað að vera öflugur samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda og miða að því að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar með því að efla markaðssókn Íslendinga erlendis.[72] Eitt af tilgreindum hlutverkum hennar er að styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis og hefur stofan mótað stefnu um það.[73] Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsstofu runnu um 40 m.kr. til verkefna á vettvangi skapandi greina 2010 og 57,6 m.kr. árið 2011. Íslandsstofa hafði um 804 m.kr. í opinbert framlag og eigin tekjur árið 2011. Að auki stendur fyrirtækjum í skapandi greinum til boða ýmis þjónusta á markaðsþróunarsviði Íslandsstofu. Nánar er fjallað um stofuna í kafla 5 um alþjóðlegt samstarf og sókn á útflutningsmarkaði og í viðauka 14.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, NSA var stofnaður árið 1998 á grunni Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Fiskveiðasjóðs. Hann er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk sjóðsins er að fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum með kaupum á hlutafé.

Sjóðurinn hefur töluvert fjárfest í fyrirtækjum á sviði skapandi greina og í sögu hans er að finna fjárfestingar í m.a. sjónvarpsefni, kvikmyndum og hljómsveitum. Samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum var undantekningarlaust tap á þeim fjárfestingum[74] og nemur tapið (framreiknað) um 600 m.kr.[75] Í árslok 2011 á sjóðurinn hlut í 5 fyrirtækjum í skapandi greinum og nam hlutaféð í árslok 2011 um 820. m.kr. og tæplega 300 m.kr. í lánum.[76]

69 brátt nýtt atvinnuvega og nýsköpunaráðuneyti

70 brátt nýtt atvinnuvega og nýsköpunaráðuneyti

71 http://www.nmi.is/impra/styrkir-og-studningsverkefni/atak-til-atvinnuskopunar/

72 http://www.islandsstofa.is/Islandsstofa/Log/ http://www.islandsstofa.is/Islandsstofa/Log/

73 http://www.islandsstofa.is/um-islandsstofu/stjorn-og-fagrad/stefnuyfirlit/

74 Viðtal ritstjóra starfshóps 16.3.11

75 Tölvupóstur frá Smára Þórarinssyni 10. júní 2011

76 Tölvupóstur frá Smára Þórarinssyni 10. júní 2011

Mynd 10
Heildarfjármögnun 2012



Heildarfjármögnun

Séu öll framlög ríkisins árið 2012 tekin saman nema þau tæpum 12,2 ma.kr. Um er að ræða framlög til listgreina, þverfaglegra verkefna, Ríkisútvarps, tónlistarhússins Hörpu, menntunar, rannsókna og annarrar starfsemi. Myndin sýnir hlutfall framlaga til hverrar greinar og verkefnis svo og hvernig framlög skiptast milli stofnanna, lögbundinna sjóða og annarrar starfsemi.

4.9 Fjárframlög sveitarfélaga

Í þeim kafla sem hér fer á eftir er gerð samantekt á öllum framlögum sveitarfélaga til menningarmála, eins og þau eru skilgreind í flokkunarkerfi Sambands íslenskra sveitarfélaga, árið 2010.[77] Listasöfn eru ekki talin með söfnum, heldur flokkuð með listum. Önnur söfn eru minja-, skjala- og náttúrugripasöfn. Til menningarhúsa eru talin framlög til reksturs menningarhúsa og félagsheimila sem og svokölluð *Innri leiga* sem greidd er til eignasjóða sveitarfélaga. Í flokknum *Listir* er að finna framlög til listsýninga, listaverkakaupa og reksturs leik- og tónlistarhúsa og í flokknum *Styrkir* eru framlög sveitarfélaga til sjálfstæðra list- og menningartengdra verkefna.

Í *1. des rannsókninni* voru framlög sveitarfélaga til tónlistarskóla talin með í framlögum til skapandi greina árið 2009 en í greiningu Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2010 eru þau framlög talin til menntunar undir flokknum fræðslustarfsemi og eru framlög til tónlistarskóla, myndlistarskóla og listkennslu inni í grunnskólum ekki sundurgreind.

Mynd 11
Fjárframlög sveitarfélaga 2010



77 Skýringar á hvað telst til hvers flokks er að finna í viðauka 12. Hér er slóð í gagnagrunn Samband íslenskra sveitarfélaga http://upplysingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=02105MEN&path=../database/Arsreikningar/&lang=3&ti=05+Menningarm%E1l+++

Helstu niðurstöður:

- Samanlagt framlag sveitarfélaga til lista, menningar og skapandi greina, samkvæmt skilgreiningu Sambands íslenska sveitarfélaga, var rúmir 7,7 ma. kr. árið 2010. Þar af er framlag 10 stærstu sveitarfélaganna 5,5 ma.kr eða 70% af heildarframlagi.

- Í 10 stærstu sveitarfélögum landsins búa 245 þúsund manns eða 77,2% íbúa landsins. Í 66 smærri sveitarfélögum búa 72 þúsund manns eða 22,7% íbúa landsins.

- Af framlögum til menningar og lista verja sveitarfélögin hæstu hlutfalli til bókasafna, þar næst annarra safna og á það jafnt við um tíu stærstu sveitarfélögin og hin 66 smærri. Í heild eru framlög til bókasafna og annarra safna 46% af því sem sveitarfélög verja til menningar og lista samkvæmt þessari flokkun og nema alls 3,4 ma.kr.

- Af heildarframlögum verja: 10 stærstu sveitarfélögin 7% til menningarhúsa, eða 390 m.kr. en 66 smærri sveitarfélögin 30% eða 714 m.kr.

- 10 stærstu sveitarfélögin veita 15% í flokkinn listir eða 844 m.kr. en þau smærri aðeins 1% eða 28 m.kr.

- 10 stærstu sveitarfélögin verja 23% í styrki til menningarverkefna eða 1,2 ma.kr en smærri sveitarfélög um 10% í styrki eða 227 m.kr.

Ályktun

Taka ber ofangreindri flokkun með fyrirvara þar sem ekki er víst að öll sveitarfélög fylgi sömu reglum við skráningu framlaga. Almennt má þó segja að áberandi sé hversu hátt framlag til bóka-, minja-, skjala- og náttúrufræðisafna er af heildarframlagi hjá öllum sveitarfélögum. Lágt framlag smærri sveitarfélaga til flokksins „Listir“ bendir til þess að þau sinni í litlum mæli verkefnum í þágu listsköpunar, hvort heldur um er að ræða listaverkakaup, rekstur listasafna, leik- eða tónlistarhúsa. Smærri sveitarfélögin verja 30% heildarútgjalda til rekstrar menningarhúsnæðis af einhverju tagi. Rétt er að undirstrika þann fyrirvara sem starfshópurinn hefur um þessar tölur.

Tillögur

Starfshópurinn leggur til að framlögum ríkissjóðs í gegnum menningarsamninga verði í auknum mæli beint að frumsköpun í samræmi við markmið stjórnarsáttmála frá 2009. Slík áhersla er í samræmi við sjónarmið sem nú eru til athugunar hjá menningaráðum landshlutanna.[78] Þörf er á að samræma skráningu framlaga milli sveitarfélaga.

78 Til marks um það er málþing á vegum Menningarráða Austurlands og Eyþings, sem haldið var á Egilsstöðum 13. september 2011 þar sem glímt var við spurninguna: Eiga sveitarfélög að byggja upp atvinnutækifæri á sviði lista? http://www.austur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=214%3Aeiga-sveitarfeloeg-ae-byggja-upp-atvinnutaekifaeri-a-sviei-lista-&catid=56%3Amenningarraesfrettir&Itemid=36&lang=is

4.10 Fjárframlög Reykjavíkurborgar

Í greiningunni hér að framan eru framlög Reykjavíkur til lista og menningar talin með heildarframlögum 10 stærstu sveitarfélaga í landinu. Mynd 12 sýnir samantekt á framlögum borgarinnar 2011 til mismunandi greina.

Mynd 12
Framlög Reykjavíkurborgar 2011



Annað (ekki í mynd)	**440,1**
Annað - húsnæðisstyrkir	30,6
Harpa - stofnkostnaður	391,5
Sérverkefni	15,0
Tengsl skóla og menningastofnana	3,0
Stjórnsýsla	**175,2**
Skrifstofa menningar og ferðamála	67,2
Höfuðborgarstofa	108,0

Ályktun

Sviðslistir fá hæsta framlag frá Reykjavíkurborg. Framlagið til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu nemur 93% af heildarframlagi borgarinnar til sviðslista. Rétt er að taka fram að borgin telur innri leigu, það er húsaleigu Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu, sem hluta af framlagi sínu[79].
Borgarbókasafn telst hér til bókmennta, Listasafn Reykjavíkur til myndlistar, framlag borgarinnar til Sinfóníuhljómsveitar Íslands til tónlistar og í verkefnum þvert á greinar er framlag til Listahátíðar í Reykjavík og Menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi.
Líkt og í framlögum ríkissjóðs er mikil fylgni milli framlaga til greina eftir því hvort reknar eru stórar stofnanir í greininni. Áberandi er hversu lítið rennur til hönnunar.

Tillögur

Starfshópurinn telur tækifæri felast í auknu samráði milli ríkis og höfuðborgar í uppbyggingu og fjármögnun skapandi greina. Formlegur samstarfsvettvangur og skýrari verkaskipting gætu skilað auknu afli og betri nýtingu fjármuna.

79 Sundurgreining á framlögum borgarinnar er í viðauka 13

Kafli 5

Horft til framtíðar - Bætt starfsumhverfi skapandi greina

Þeir þættir í starfsumhverfi skapandi greina sem hópnum var ætlað að greina eru nátengdir hver öðrum og afar mikilvægt að ákvarðanir um uppbyggingu greinanna byggi á heildrænni sýn. Miklu skiptir að framþróun allra skólastiga sé tekin með inn í þá mynd. Öflug listmenntun á leik-, grunn- og framhaldskólastigi þroskar sköpunargáfu og eykur menningarskilning ungs fólks. Fjölbreytt tækifæri til háskólamenntunar eru grundvöllur frumsköpunar, sem leiðir til nýsköpunar og loks atvinnumennsku. Traust og vel skilgreint stuðningsumhverfi, sem nær til alls ferlisins frá frumsköpun verka til rannsókna, þróunar og framleiðslu, er forsenda þess að nýjar afurðir verði til og þróaðar verði nýjar aðferðir sem leitt geta til aukinnar verðmætasköpunar.

Skapandi greinar snerta mörg svið atvinnulífs og samfélags. Má nefna að þær hafa í auknum mæli áhrif á aðrar atvinnugreinar t.d. ferðaþjónustu, þar sem listrænar- og menningarlegar upplifanir skipta æ meira máli sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Það er ljóst að til þess að hægt sé greina aðkomu hins opinbera að skapandi greinum með fullnægjandi hætti þarf töluleg greining innan stjórnkerfisins að taka talsverðum breytingum. Jafnframt er mikilvægt að gagnaöflun um hverja einstaka grein verði ítarlegri en nú er svo hægt verði að greina styrkleika, veikleika, einkenni og vaxtarmöguleika hverrar greinar. Bætt skráning upplýsinga myndi gera alla greiningu á verðmætasköpun í samfélaginu einfaldari.

Umhverfi og markað skapandi greina má setja fram með myndrænum hætti:

Mynd 13



Skapandi fólk – listamenn, hönnuðir, arkitektar, frumkvöðlar

Skapandi „verkefni" – sýningar, viðburðir, hátíðir, samkeppnir

Stofnanir sem byggja á sköpun – söfn, leikhús, tónlistarhús

Lítil fyrirtæki skapandi fólks – tónlistarmenn, fatahönnun, arkitektúr, grafísk hönnun, vöruhönnun, gallerí, litlar verslanir
dæmi: KronKron, Farmers Market, Sigurrós, Vesturport, Sögn ehf, Krads, Tulipop, Maxímus, Crymogea o.s.frv.

Fyrirtæki sem byggja á sköpun – leikjafyrirtæki, auglýsingastofur, kvikmyndafyrirtæki ofl.
dæmi: Saga film, Íslenska auglýsingastofan, Batteríið, 66North, CCP, Össur, Marel, Nikita, Gagarín, True North, Bláa Lónið

Fyrirtæki sem nýta vinnu skapandi fólks –
dæmi: Landsbankinn, TM, Síminn, MS, Icelandair, Landsvirkjun, Ölgerðin. (Markaðsstarf, vöruþróun ofl.)

Skapandi fólk, hvort sem um er að ræða rithöfunda, hönnuði, tölvuleikjahönnuði, leikara, dansara, tónlistarmenn, kvikmyndagerðar- eða myndlistarmenn, starfar oftast sem einyrkjar eða í smáum fyrirtækjum. Starfsumhverfi þeirra er lýst í köflunum sem hér fara á eftir og leitast við að benda á leiðir til að styrkja það umhverfi. Stöðu þeirra er hægt að bæta með margvíslegum hætti, t.d. með aðgangi að nýjum launa- og verkefnasjóðum, þróunar- og rannsóknarfé, sanngjörnu en hvetjandi skattaumhverfi og sterkum miðstöðvum sem starfa í þágu greinanna og geta aukið sóknarfæri fyrir listafólk og fyrirtæki.

5.1 Bætt menntun

Hér verður gerð grein fyrir rannsókn Anne Bamford á listfræðslu á Íslandi, gæðum hennar og stöðu í alþjóðlegu samhengi og fjallað um uppbyggingu háskólanáms í skapandi greinum.

List- og menningarfræðsla á Íslandi

Árið 2009 lauk Anne Bamford, prófessor, við viðamikla rannsókn á listfræðslu á Íslandi. Greining hennar og helstu niðurstöður voru gefnar út í skýrslunni *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Í henni er lýst listfræðslu í formlega og óformlega skólakerfinu á leik, grunn- og framhaldsskólastigi, auk þess sem skoðaðir voru sérskólar í öllum listgreinum og samskipti þeirra við skólakerfið. Gæði listfræðslu á þessum skólastigum voru metin í alþjóðlegu samhengi og settar fram ýmsar ráðleggingar og tillögur til úrbóta. Ein helsta niðurstaða Bamfords er að listfræðsla á Íslandi sé góð á alþjóðlegan mælikvarða og njóti víðtæks stuðnings í samfélaginu.

Helstu niðurstöður og ábendingar sem fram komu í skýrslunni eru eftirfarandi:

- Skilgreina þarf betur þann mun sem er á listfræðslu, skapandi kennsluháttum og menningarfræðslu.
- Misræmis gætir á milli þess hve listir eru almennt vítt skilgreindar í samfélaginu en þrengri skilgreiningar notaðar innan skólakerfisins.
- Mörg dæmi eru um afburða góða listkennslu í íslenskum skólum en of litlum tíma sé varið í listir og menningu í kennaramenntun.
- Fjölga þarf viðurkenndum námsleiðum fyrir starfandi listamenn og kennara á öllum skólastigum svo þeir hafi betri möguleika á að bæta hæfni sína sem skapandi kennarar í listum og menningu.
- Umfangsmikið kerfi tónlistarskóla, sem stutt er af sveitarfélögum og starfar til hliðar við hið almenna skólakerfi, er einkennandi fyrir íslenska listfræðslu. Hvetja ætti tónlistarskóla til nánara samstarfs við almenna skólakerfið.
- Áframhaldandi samvinnu skólakerfis, menningargeirans og skapandi starfsgreina þarf að festa í sessi með stefnumótun og í framkvæmd. Virk samvinna skóla við utanaðkomandi aðila (listamenn, fyrirtæki, menningarstofnanir) er ekki algeng á Íslandi ef frá eru taldir þeir tónlistarskólar sem starfa innan veggja grunnskólans. Formlegu og reglubundnu samstarfi ætti að koma á milli þeirra aðila sem ábyrgir eru fyrir menntun og menningu á landsvísu, í sveitarfélögum og á einstökum svæðum svo miðla megi reynslu, verkefnum og kynna það sem vel er gert.
- Í tengslum við hinar skapandi greinar þarf að rannsaka og safna upplýsingum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg áhrif menningar- og listastarfsemi atvinnumanna jafnt sem áhugamanna. Hér þarf að horfa til listahátíða og viðburða af ýmsu tagi sem og hinnar ört vaxandi menningar- og umhverfisferðaþjónustu.
- Vönduð listfræðsla hefur djúpstæð áhrif á börn og á samfélagið. Þessi áhrif voru hins vegar aðeins greinileg þar sem vandað starf og skipulag var til staðar.
- Á heimsvísu er listfræðsla á Íslandi afar góð. Hún er vel metin af foreldrum og nemendum og hefur miðlæga stöðu í samfélaginu og í menntakerfinu.

Leik-, grunn- og framhaldsskólar

Um þessar mundir er unnið að innleiðingu nýrrar aðalnámsskrár leik-, grunn, og framhaldsskóla. „Sköpun“ er einn af sex grunnþáttum sem lagðir eru henni til grundvallar. Grunnþættirnir eiga meðal annars að koma fram í inntaki námsgreina auk þess að vera sýnilegir í öllu skólastarfi. Við innleiðingu nýrrar aðalnámsskrár grunnskóla er mikilvægt að vægi þessa grunnþáttar verði tryggt.

Eins og fram kemur í 2. kafla um fjármögnun menntunar eru um 1.100 nemendur skráðir á námsbrautir í framhaldsskólum sem teljast til skapandi greina. Auk þess er um 600 nemendur í námi í skapandi greinum í sérskólum á framhaldsskólastigi.[80]

80 Tafla sem sýnir skráða nemendur á námsbrautum í skapandi greinum í framhaldsskólum árið 2010 er í viðauka 10.

Háskólar

Uppbygging náms á háskólastigi í skapandi greinum hér á landi hefur verið afar hröð undanfarinn rúman áratug. Með stofnun Listaháskóla Íslands árið 1999 var aðgengi fólks að háskólamenntun í kjarnagreinum lista og hönnunar á Íslandi stóraukið. Skólinn rekur nú 14 námsbrautir í 5 deildum.[81] Í öðrum háskólum, sérstaklega Háskóla Íslands, hafa lengi verið kenndar greinar sem teljast til skapandi greina, t.d. bókmenntafræði, kvikmyndafræði og listfræði en með stofnun Listaháskólans varð í fyrsta sinn til fræðasviðið „listir" með viðurkenningu á háskólastigi. Skólinn hefur stofnað til meistaranáms á nokkrum sviðum og fékk til þess, í fyrsta sinn, sérstakt framlag á fjárlögum 2012. Skólinn vinnur að ítarlegri áætlun um uppbyggingu meistaranáms, til framtíðar.

Starfshópurinn rýndi aðsókn að 33 brautum í skapandi greinum í háskólum landsins frá 1997 til 2010. Samkvæmt tölfræði Hagstofu Íslands[82] voru 323 nemendur skráðir til náms á þessum brautum árið 1997 en árið 2010 voru þeir 898 á sömu brautum. Þetta er 270% aukning á 14 árum og eru þá ekki taldir þeir nemendur sem stunda háskólanám erlendis. Athygli vekur stóraukning á sumum brautum. Sem dæmi voru skráðir 25 nemendur í þjóðfræði árið 1997 en 118 árið 2010. Tónsmíðanám stunduðu 5 manns árið 2001 en árið 2010 voru skráðir nemendur 36 talsins.

Ályktun

Aðsókn að háskólanámi í skapandi greinum hefur aukist umfram þá almennu aukningu sem verið hefur í háskólanám á Íslandi undanfarinn áratug. Starfshópurinn telur þetta vera merki um aukið vægi greinanna í samfélaginu og í takt við aukna atvinnumennsku og vöxt greinanna. Starfshópurinn telur að næsta mikilvæga skref í eflingu háskólamenntunar í skapandi greinum sé að byggja upp frekara meistaranám við Listaháskóla Íslands. Starfshópurinn telur að með meistaranámi verði til sá grunnur þekkingar og reynslu sem er nauðsynlegur til nýsköpunar og þróunar í listsköpun og hönnun. Með meistaranámi kjarnagreinum LHÍ skapast nýjar forsendur fyrir öflugri samvinnu skólans við aðrar háskólastofnanir, menningarstofnanir og fyrirtæki.

Tillögur

- Gerð verði úttekt á list- og starfsmenntun í skapandi greinum sem þegar er boðið upp á innan framhaldskólakerfisins. Í kjölfarið verði mótuð stefna um listmenntun á framhaldsskólastigi. Í þeirri stefnumótun þarf að ákveða hvaða menntun er boðið upp á í opinberum framhaldsskólum og með hvaða hætti samspilið við einkaskóla verði sem skilvirkast.

- Menntun í nýjum miðlum á grunn- og framhaldsskólastigi verði efld auk þess sem þróaðar verði námsleiðir þar sem list- og starfsmenntun er samþætt.
  Fjölga verði menntunartækifærum á meistarastigi við Listaháskóla Íslands í kjarnagreinum skólans. Starfshópurinn telur það eitt brýnasta verkefnið á sviði menntunar til eflingar atvinnumennsku í skapandi greinum.
  Lögð verði áhersla á samstarf milli háskóla um þverfaglegt meistaranám t.d. listgreina, tæknigreina, viðskiptagreina og ýmissa fræðigreina.

81 Í hönnunar- og arkitektúrdeild eru í boði fjórar brautir til BA gráðu, arkitektúr, grafísk hönnun, fatahönnun og vöruhönnun. Í leiklistar- og dansdeild eru í boði þrjár brautir til BA gráðu, fræði og framkvæmd og samtímadans og leikaranám til meistaragráðu. Í listkennsludeild er boðið upp á MA nám í listkennslu og diplómanám til kennsluréttinda. Í myndlistardeild er boðið þriggja ára nám til BA gráðu. Í tónlistardeild er í boði þriggja ára nám til B.Mus. og BA gráðu í 4 deildum. Einnig er í boði diplóma nám í hljóðfæraleik og meistaranám í tónsmíðum til MA gráðu og í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi til M.Mus. gráðu.
82 Töfluna er að finna í viðauka 14. Athugið að sumar brautir hafa verið sameinaðar öðrum, sem dæmi fjöltækni, keramík og textíll sem áður voru kennt við Myndlista og handíðarskóla Íslands hafa frá 2000 – 2001 verið kenndar á einni myndlistarbraut við Listaháskóla Íslands.

5.2 Efling rannsókna- og þróunarsjóða

Rannsóknarstyrkir í greinum, sem ætlað er að leiða af sér nýsköpun í atvinnulífi, eru fáir og hlutfall rannsóknarfjár sem rennur til skapandi greina er lágt. Með fyrstu verkefnum úr skapandi greinum, sem fékk styrk árið 2007 frá Tækniþróunarsjóði, var verkefnið Stefnumót bænda og hönnuða,[83] sem stýrt er af kennurum úr hönnunardeild Listaháskóla Íslands. Það verkefni hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana og gefið af sér afurðir sem þegar eru komnar á markað.

Í skýrslu starfshóps Vísinda og tækninefndar sem greint er frá í kafla 4 er tekið undir sjónarmið sem birtast í skýrslu erlendrar sérfræðinganefndar sem vitnað er til í kafla 3 hér að framan og m.a. sett fram neðangreind sýn:

> *" Mannauður er ein mikilvægasta auðlind Íslendinga. Aukin verðmætasköpun til framtíðar mun byggjast á því að virkja þessa auðlind með markvissum hætti. Atvinnulíf sem byggist á nýtingu mannauðs í formi hátækni, þekkingarsköpunar og skapandi greina kallar á endurskipulagningu íslensks mennta-, vísinda- og nýsköpunarsamfélags sem og hins opinbera stuðningskerfis sem þar liggur að baki."* [84]

Til þess að ofangreind sýn nái fram að ganga þurfi m.a.

- stjórnkerfi, stofnanir og sjóðir að sinna nýjum hugmyndum á öllum sviðum atvinnulífs fjármunir til uppbyggingar atvinnulífs að standi öllum jafnt til boða og því úthlutað eftir faglegum sjónarmiðum

- stóreflda opna samkeppnissjóði til að styðja við bestu hugmyndir til þróunar og verðmætasköpunar, óháð atvinnuvegum.[85]

Ályktun

Starfshópurinn tekur undir sjónarmið starfshóps Vísinda og tækninefndar og telur afar mikilvægt að sjóðakerfi fyrir rannsókna og þróunarverkefni verði endurskoðað. Kerfi sem styður við bestu hugmyndirnar, óháð atvinnuvegum, ætti að vera megin regla auk tímabundna lausna til örvunar vaxtargreina.

Eins og fram kemur í 4. kafla um fjármögnun eru skapandi greinar komnar skammt á veg með að hljóta fjármögnun úr rannsókna- og þróunarsjóðum. Skapandi greinar hafa ekki sérmerkta rannsóknasjóði líkt og landbúnaður og sjávarútvegur og Listaháskóli Íslands hefur nánast ekkert rannsóknarfé.

Aðeins 16% rannsóknafjár í landinu er úthlutað í opinni samkeppni. Það er umhugsunarvert í ljósi stefnu ríkisstjórnar um jafnræði atvinnugreina og að leggja eigi sérstaka áherslu á vaxtargreinar í rannsóknum, þróun og menntun. Ein af megin forsendum þess að jafnræði geti ríkt milli atvinnugreina er að þær hafi jafnan aðgang að sjóðum og að annað hvort sé komið á fót sjóðum eyrnamerktum atvinnugreinum eða allar slíkar eyrnamerkingar lagðar niður.

Efla þarf þekkingu á skapandi greinum hjá RANNÍS og ætti að huga að fjölgun fulltrúa skapandi greina í tengslum við sjóði, sem vistaðir eru þar. Innleiða þarf mælistikur í umfjöllun umsókna sem henta skapandi greinum. Mælikvarðar á ágæti umsókna eru oft aðrir í skapandi greinum en þeir sem gagnast við mat á hefðbundnum rannsóknarumsóknum og er t.d. fjöldi ritrýndra greina ekki mælikvarði á hæfni listafólks og hönnuða.

83 http://www.rannis.is/sjodir/taeknithrounarsjodur/frettir-og-verkefnalisti/nr/1449/stefnumot-baenda-og-honnuda/

84 Einföldun á vísinda og nýsköpunarkerfinu bls.10.

85 Einföldun á vísinda og nýsköpunarkerfinu bls 11 og 12.

Tillögur

- Tryggt verði að til framtíðar verði stöðugar rannsóknir á stöðu skapandi greina, þ.m.t. um veltu, virðisauka, útflutningsvirði og samkeppnishæfni.
- Fulltrúum skapandi greina í fagráðum sjóða hjá RANNÍS verði fjölgað.
- Innleiddar verði mælistikur er henta skapandi greinum í mati á umsóknum.
- Kannaðir verði kostir þess að koma á fót tímabundnum rannsóknarsjóði í þágu skapandi greina sem vistaður verður hjá RANNÍS. Sjóðinn mætti setja upp í formi markáætlunar líkt og tíðkast hefur hjá ráðinu á undanförnum árum.

5.3 Skattlagning

Skattar eru mikilvægur þáttur í starfsumhverfi skapandi greina. Starfshópurinn hefur skoðað ýmsar hugmyndir um mögulegar úrbætur á skattalegri stöðu fyrirtækja og einstaklinga innan greinanna. Nokkrar vonir voru bundnar við starf það sem fjármálaráðherra setti af stað í apríl 2010 þegar stofnaður var starfshópur til að móta heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu. Samhliða var stofnuð samráðsnefnd, sem vera átti vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta fyrir starfshópinn meðan á vinnunni stæði. Bandalag íslenskra listamanna fékk fulltrúa í samráðsnefndinni. Áætlað var að starfshópurinn skilaði lokaskýrslu í árslok 2010. Hópurinn skilaði áfangaskýrslu í september 2010.[86] Þar kemur fram að flestar hugmyndir samráðsnefndarinnar hafi þurft frekari skoðunar við og að sú umræða verði stór þáttur í framhaldsvinnu hópsins. Samráðsnefndin hefur ekki verið kölluð saman síðan áfangaskýrslan kom út.

Í bréfi, sem mennta- og menningarmálaráðherra ritaði til fjármálaráðherra dags. 14. apríl 2010,[87] var bent á nokkur atriði sem bætt gætu skattalega stöðu þeirra sem starfa innan lista og skapandi greina, en bréfið var ritað í þeim tilgangi að það myndi gagnast við væntanlegar skattkerfisbreytingar. Álitamálin varða fyrst og fremst lög um tekjuskatt nr. 90/2003.

Yfirlit yfir skattkerfisbreytingar sem starfshópurinn leggur til að verði gerðar eru:

Virðisaukaskattur

Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 er tiltekin starfsemi á sviði lista og menningar undanþegin meginreglunni um skattskyldu skv. 1. gr. laganna. Í 2. gr. er kveðið á um þessa undanþágu í tl. 4 og tl. 12 með eftirfarandi hætti:

> *4. Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.*
>
> *12. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg liststarfsemi.*

Skv. 4. gr. virðisaukaskattslaganna eru listamenn undanþegnir því að innheimta virðisaukaskatt að því er varðar tiltekin listaverk. Gerð er grein fyrir þeirri undanþágu í ákvæði laganna með eftirfarandi hætti:

86 http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/adrarskyrslur/afangaskyrsla_um_skattkerfid_2010.pdf

87 Sjá viðauki 15

2. Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, svo og uppboðshaldarar að því er varðar sölu þessara verka á listmunauppboðum, sbr. lög nr. 36/1987.

Í framkvæmd nær undanþága laganna ekki til þeirra listamanna sem nota óhefðbundna miðla eða efni við listsköpun sína og ekki til þeirra sem framleiða listmuni sem Tollstjóraembættið telur ekki falla undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000. Í úrskurðum yfirskattanefndar hefur komið fram að undanþágan gildir einungis um þá listamenn sem selja verk, sem ekki eiga hliðstæður í „almennri verslunarvöru", jafnvel þó slíkir munir kunni að njóta verndar höfundalaga nr 73/1972. Þá hafa skattyfirvöld einungis heimilað undanþágur frá lögum um virðisaukaskatt séu viðskiptin bein og milliliðalaus milli listamanns og viðskiptavinar.

Í virðisaukaskattslögunum er kveðið á um frítekjumark allt að einni milljón króna á hverju 12 mánaða tímabili frá því starfsemin hefst, sbr. 3. tl. 4.gr. laganna. Þeir sem ekki falla undir 2. tl. 4.gr laganna geta nýtt sér þetta ákvæði.

Á meðan starfshópurinn var að störfum lagði efnahags- og skattanefnd Alþingis fram frumvarp sem gerði ráð fyrir breytingum á lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald og tollalögum (þingskj. 1838 – þingmál nr. 898). Alþingi samþykkti lagabreytingar sem gera ráð fyrir að útgáfa rafrænna bóka og tónlistar sem og sala á geisladiskum og öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta verði skattlögð í neðra þrepi virðisaukaskatts, þ.e. 7%. Einnig var samþykkt að fella niður tolla og vörugjöld af ýmiskonar raftækjum þ.m.t. afspilunartækjum. Þessar breytingar eru í samræmi við óskir samtaka tónlistarmanna og hljóðritaútgefenda.

Í desember 2011 lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um virðisaukaskatt.
Í frumvarpinu var ákvæði sem gerði ráð fyrir rýmri skilgreiningu hugtaksins „listaverk" en er að finna í núgildandi lögum. Eftir nokkra umfjöllun um frumvarpið innan efnahags- og skattanefndar Alþingis var ákveðið að fella ákvæðið brott. Samtök listafólks og hönnuða töldu ekki nægilega gætt að hagsmunum þeirra sem vinna listmuni og listhandverk í frumvarpinu. Starfshópurinn gerir ráð fyrir að ákvæðið verði skoðað betur í nefndinni og að líkindum endurflutt með einverjum breytingum árið 2012.

Tekjuskattur

Samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda ber þeim sem greiða erlendum listamönnum laun og þóknanir að halda eftir staðgreiðslu og eftir atvikum útsvari af slíkum greiðslum. Hafa forsvarsmenn Listahátíðar í Reykjavík óskað eftir breytingum á þessu fyrirkomulagi og að það verði sambærilegt við það sem er í nágrannalöndum okkar, en þar er komist hjá tvísköttun listafólks með öðrum hætti en hér er gert. Hér á landi er ekki heimilt að draga kostnað frá skattstofni, sem eykur á óhagræði og möguleika á tvísköttun.

Samkvæmt 4. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, ber að greiða tekjuskatt af verðlaunafé og heiðurslaunum listamanna. Því hefur verið mótmælt af samtökum listafólks að þegar um vegleg peningaverðlaun fyrir listrænt framlag er að ræða, eins og t.d. Carnegie Art Award, sé skylt að greiða tekjuskatt af verðlaunafénu. Slíkt tíðkast ekki í nágrannalöndum okkar. Með lögum um skattfrelsi norrænna verðlauna nr. 126/1999[88] voru bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs, umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs, norrænu leikskáldaverðlaunin og Nóbelsverðlaunin undanþegin tekjuskatti og útsvari.

Hugverkaeign

Tekjur sem listamenn fá fyrir endurleigu hugverkaréttinda eru skattlagðar sem launatekjur, en samtök listafólks telja að réttara sé að skattleggja slíkar tekjur með sambærilegum hætti og leigutekjur vegna annarra eigna, t.d. húseigna. Hér sé um að ræða eign í skilningi laga (tónverk, leikverk eða skáldsaga). Meðan listamaður vinnur að samningu verksins þiggur hann laun eða styrki sem skattlagðir eru sem launagreiðslur, en þegar fram líða stundir leigir listamaðurinn verkið til tiltekinna nota og fær greiðslur

88 http://www.althingi.is/altext/140/s/0371.html

fyrir sem ættu að skattleggjast með sama hætti og aðrar leigutekjur (20% í stað 37,31% – 46,21%.) Greiðslur fyrir afnot hugverka skila sér til erfingja höfunda í 70 ár að höfundi látnum, eins og nú háttar ber erfingjunum að greiða skatt af slíkum greiðslum eins og um launatekjur væri að ræða.

Reiknað endurgjald

Reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald raða listafólki í svonefndan C-flokk með m.a. blaðamönnum, fréttamönnum, dagskrárgerðarmönnum, starfsmönnum í bóka- og blaðaútgáfu, fasteignasölum, bifreiðasölum, hjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfurum og nuddurum. Í flokki C (6), sem gildir um þá sem starfa einir og án annarra starfsmanna eða aðkeypts vinnuafls, er viðmiðun mánaðarlegs reiknaðs endurgjalds kr. 320.000. Þessi flokkur kom nýr inn í reglur RSK árið 2011, en fram að því flokkuðust listamenn í flokk C (5) sem gerir ráð fyrir kr. 455.000 í mánaðarlegt reiknað endurgjald. Þá var einnig bætt við flokki C (9) fyrir þá sem eru að hefja sjálfstæða starfsemi í fyrsta sinn og einungis í eitt ár frá upphafi starfseminnar, með mánaðarlegu reiknuðu endurgjaldi kr. 286.000 Ríkisskattstjóri hefur með þessu orðið við kröfu listafólks um lægri flokkun en verið hefur. Þó er upphæðin ekki í samræmi við mánaðarlega greiðslu úr starfslaunasjóðum listamanna, en hún nemur um þessar mundir kr. 291.649. Ráðuneyti menningarmála lítur svo á að fyrir þá upphæð sinni listamaður fullu starfi. Misræmið þarna á milli kemur sér illa fyrir listamenn af ýmsum ástæðum. T.a.m. eru ýmsar afleiddar stærðir reiknaðar af viðmiðunarupphæð ríkisskattstjóra, t.d. réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta og fæðingarorlofs. Ef listamaður hyggst nýta slík réttindi, sem hann á samkvæmt lögum, metur Vinnumálastofnun vinnuframlag hans einungis sem hlutastarf leggi hann fram lægri upphæð í mánaðarlegt reiknað endurgjald en sem nemur kr. 320.000 skv. viðmiðunarreglum RSK.

IHM gjald

Frá 1984 hefur svonefnt IHM gjald verið innheimt af tækjum og auðum miðlum til upptöku verndaðra verka samkvæmt höfundalögum og það hefur runnið til samtaka rétthafa, höfunda, flytjenda og framleiðenda. Með þeim hætti hefur rétthöfum innan skapandi greina verið bætt að einhverju marki það tjón sem verður vegna eintakagerðar til einkanota. Með hinni öru tækniþróun hafa þessir miðlar, tækni og tæki breyst svo niðurhal hugverka á tölvur og farsíma er orðið æ algengara, sem gerir það flóknara að bæta rétthöfum áætlað tekjutap með sama hætti og þegar lögin tóku gildi.

Tillögur

- Lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 verði breytt þannig að skattlagning/skilgreining listaverka og listmuna verði sambærileg við það sem gerist á Norðurlöndunum. Starfshópurinn telur að við væntanlegar breytingar eigi sérstaklega að líta til danskra laga um virðisaukaskatt og annarra laga er varða kjör listafólks.
- Stjórnvöld taki afstöðu til óska listamanna um að munur eigi að vera á skattalegri meðferð á launatekjum listamanna og þeirra tekna sem aflað er með afnotum eða leigu af hugverkaeign.
- Stjórnvöld taki afstöðu til þess hvort hækka beri greiðslur úr launasjóðum listafólks til samræmis við reglur RSK um mánaðarlegt reiknað endurgjald.
- Fundin verði leið til að rétthafar fái greitt fyrir eintakagerð hugverka til einkanota í gegnum tölvur og farsíma. Taka verður á því með nýrri lagasetningu.

5.4 Samlegð ferðaþjónustu og skapandi greina

Markaðsátakið *Ísland – Allt árið* hófst 2011 og er áætlað að veita til þess 300 milljónum króna á ári, í þrjú ár af opinberu fé. Að verkefninu koma iðnaðarráðuneyti, Icelandair, Samtök ferðaþjónustunnar, Reykjavíkurborg, Samtök verslunar og þjónustu, ISAVIA og Iceland Express. Markmið þess er að lengja ferðamannatímabilið með sérstakri áherslu á vetrarferðamennsku. Gerður hefur verið samningur við Íslandsstofu um framkvæmd verkefnisins.

Á vettvangi fagráðs lista og skapandi greina hjá Íslandstofu hefur verið lögð áhersla á að hátíðir og menningartengdir viðburðir, landið um kring, séu ein áhrifaríkasta leiðin til að laða ferðamenn til landsins, ekki síst utan sumartíma. Menningarferðamennska er ört vaxandi grein ferðaþjónustu á heimsvísu[89] og í könnunum sem gerðar hafa verið hérlendis[90] meðal ferðamanna kemur fram að önnur helsta ástæða þeirra til að sækja landið heim sé menning og saga lands og þjóðar. Lítil áhersla er lögð á fjármögnun viðburða og hátíða í fjárlögum ársins 2011 og 2012 og ekki eru til sundurgreindar tölur um fjármögnun sveitarfélaga á slíkum viðburðum. Rétt er að geta þess að í samræmi við ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar hafa borgaryfivöld nú komið á sjálfstæðum sjóði til að styðja við rekstur nokkurra öflugra hátíða sem náð hafa fótfestu og haldnar eru reglulega í höfuðborginni. Þær hátíðir sem gerður hefur verið samningur við eru Iceland Airwaves, Myrkir Músíkdagar, Blúshátíð í Reykjavík, Jazzhátíð Reykjavíkur, RIFF – Reykjavík International Film Festival, Food and Fun og HönnunarMars.

Séu framlög til hátíða í fjárlögum ársins 2011 og 2012 tekin saman kemur eftirfarandi í ljós:

Mynd 14



Framlög til hátíða hafa samtals hækkað milli ára úr 51 m.kr. árið 2011 í 53 m.kr. árið 2012.

Listahátíð í Reykjavík sker sig úr, fær um 60% af framlagi til hátíða 2012. Tekið skal fram að framlög til hátíða gætu leynst á óskiptum safnliðum á fjárlögum.

*Framlag til RIFF var veitt í gegnum Kvikmyndamiðstöð árið 2012

89 http://www.oecd.org/document/53/0,3343,en_2649_34389_42040117_1_1_1_1,00.html http://www.oecd.org/document/53/0,3343,en_2649_34389_42040117_1_1_1_1,00.html

90 Í könnun sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar vann fyrir Ferðamálastofu og gefin var út í febúar 2010 kemur fram að 28% - 33% erlendra ferðamanna nefni menningu og sögu þjóðarinnar sem ástæðu fyrir komu til landsins:http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/2010413131644ferdamenn_2008_2009.pdf

Ályktun

Starfshópurinn telur að nýta megi hátíðir og listræna viðburði um allt land, í þágu markmiða átaksverkefnisins *Ísland – Allt árið* og nýta til fullnustu verðmæt samlegðartækifæri, sem felast í tengingu ferðaþjónustu og skapandi greina.

Iceland Airwaves er þegar alþjóðlega sterkt vörumerki og hefur opnað aðgengi að mikilvægum markhópum fyrir tónlistargeirann og stóraukið tónlistartengda ferðamennsku til Íslands. Aðrir viðburðir líkt og RIFF, HönnunarMars og Lókal eru komnir vel á veg með gera slíkt hið sama. Einnig má nefna Listahátíð í Reykjavík, Myrka Músíkdaga, Djasshátíð Reykjavíkur, Bókmenntahátíð, Sequences og Reykjavik Dance Festival en allir þessir viðburðir hafa lagt áherslu á að byggja upp sterk alþjóðleg tengslanet. Með markvissri fjárfestingu má laða að mun fleira fólk og með því að nýta þá þekkingu sem aðstandendur viðburðanna búa yfir. Ofangreindir viðburðir hafa skapað íslensku listafólki og hönnuðum fjölmörg alþjóðleg viðskiptatengsl og tækifæri til atvinnu erlendis.

Um allt land eru haldnar hátíðir, sérlega í tónlist, kvikmyndum, sviðslistum og myndlist sem hafa burði til að verða aðdráttarafl fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og þá jafnframt að að skapa atvinnu fyrir listafólk og íbúa á hverjum stað. Sumar þessara hátíða eru þegar orðnar burðarstoðir ferðaþjónustu í sínum sveitarfélögum, má þar nefna Bræðsluna, Sumartónleika í Skálholti, Þjóðlagahátíðina á Siglufirði, Við Djúpið, LungA, Hreindýraland 700IS, Northern Wave, Aldrei fór ég suður og Eistnaflug. Með skipulögðu átaki má stórbæta þjónustu og upplýsingaflæði til ferðamanna og um leið efla ímynd og orðspor þjóðarinnar á erlendri grundu.

Tillögur

Starfshópurinn leggur til að miðstöðvum skapandi greina verði falið í samráði við hlutaðeigandi aðila, þ.á.m. átaksverkefni stjórnvalda og ferðaþjónustunnar „Ísland allt árið“, að gera tillögu að markvissri uppbyggingu hátíða og annarra menningartengdra viðburða um allt land. Hugað verði að því hvernig hægt sé að styrkja þau verkefni sem nú þegar eru til, tengja verkefni saman og byggja upp heildstæða sýn. Rauði þráður átaksins verði að tengja saman náttúru, mannlíf, ferðaþjónustu, menningararf og listir.

5.5 Alþjóðlegt samstarf og sókn á útflutningsmarkaði

Alþjóðlegt samstarf á sviði lista og skapandi greina hvílir á breiðum grunni.
Hér á eftir verður fjallað um ábyrgð, skipulag og framkvæmd hins opinbera á þessu sviði og tillögur gerðar um næstu skref til aukinnar samvinnu og efldrar sóknar á útflutningsmarkaði.

Sókn á útflutningsmarkaði – skilyrði til vaxtar

Vaxandi útflutningur „afurða“ skapandi greina frá Íslandi gefur tilefni til bjartsýni. Þreföldun útflutningstekna greinanna, frá 8 ma.kr. árið 2005 til 24 ma.kr. árið 2009, sýnir að hér er um að ræða greinar, sem hafa á erfiðum tíma og án mikillar opinberrar aðstoðar, náð ótrúlegum árangri. Saman við efnahagslegan ávinning fléttast hin óáþreifanlegu verðmæti skapandi greina, sem hafa jákvæð áhrif á kynningu og orðspor lands og þjóðar. Þessi sérstaða kallar á að horft sé til lista og skapandi greina með öðrum hætti en ef um væri að ræða hefðbundna söluvöru til útflutnings.

Þekking á erlendri markaðssetningu ásamt fræðslu og ráðgjöf um þróun útflutningsafurða fyrirtækja er mikilvæg. Mörg fyrirtæki í skapandi greinum eru á fyrstu stigum þróunar og eru því sum hver vanbúin til að takast á við fullþroskuð útflutningsverkefni. Skilyrði til frekari vaxtar eru ekki síst fólgin í því að greinarnar standist kröfur alþjóðlegrar samkeppni og hafi á að skipa sérfræðingum á sviði markaðssetningar skapandi greina á alþjóðamörkuðum. Miðstöðvar listgreina og hönnunar, Íslandsstofa og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafa allar sett á fót fræðslu- og ráðgjafarverkefni, sem miða að því að auka þekkingu á þessum sviðum. Ástæða er til að athuga hvort ekki sé hægt að stilla saman strengi þessara aðila og sameina krafta þeirra til að styrkja enn frekar grunninn undir markaðsókn erlendis á sviði lista, menningar, hönnunar og hugvitsgreina.

Fyrir utan *1. des rannsóknina* hafa fáar úttektir verið gerðar á árangri alþjóðlegs menningarsamstarfs og stuðningi við markaðssókn og útflutning á sviði menningar og skapandi greina. Að mestu leyti er um að ræða greinargerðir innan ráðuneytanna vegna tiltekinna verkefna.[91] Rétt er að nefna skýrslu Ríkisendurskoðunar um útflutningsaðstoð og landkynningu frá 2009 [92] þar sem kallað er eftir heildstæðri stefnu þeirra sem að því starfi koma. Vorið 2012 sendi Ríkisendurskoðun Alþingi skýrslu um eftirfylgni þar sem rakið er hverjar af ábendingum fyrri skýrslu hafa verið teknar til greina og hverjar ekki. [93]

Ábyrgð, skipulag og framkvæmd

Alþjóðlegt menningarsamstarf er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis en skörun verkefna þess og annarra í stjórnsýslunni er mikil. Utanríkisráðuneyti og á þriðja tug sendiskrifstofa Íslands gæta menningarhagsmuna Íslands á erlendri grund, kynna íslenska menningu og þjóna fyrirtækjum á því sviði. Iðnaðarráðuneyti, brátt nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, ber ábyrgð á vexti skapandi greina í atvinnulífi og tekur virkan þátt í norrænni og alþjóðlegri stefnumótun skapandi atvinnugreina.
Margar af menningarstofnunum landsins eiga í miklu alþjóðlegu samstarfi auk þess sem miðstöðvar lista og hönnunar eiga frumkvæði að markaðs- og kynningarstarfsemi erlendis hver á sínu sviði. Með tilkomu Íslandsstofu hefur orðið til nýtt afl sem einnig er falið að styðja við alþjóðlegt markaðs- og kynningarstarf á sviði menningar og skapandi greina. Til viðbótar taka sveitarfélögin, ekki síst Reykjavíkurborg, umtalsverðan þátt í alþjóðlegu starfi. Má nefna ýmsa viðburði, hátíðir og verkefni sem gegna vaxandi hlutverki í alþjóðlegu samstarfi. Nánar er greint er frá hlutverki utanríkisþjónustu, Íslandstofu og kynningarmiðstöðva í viðauka 16.

Ályktun

Starfshópurinn telur að markviss og jákvæð skref hafi verið stigin til að efla alþjóðlegt starf og markaðssókn skapandi greina á undanförnum misserum. Þar vega þyngst margvísleg sóknarverkefni miðstöðva skapandi greina sem og Sögueyjan Ísland – svo kallað Frankfurtarverkefni. Stofnun Íslandsstofu og fagráð hennar í listum og skapandi greinum er mikilvægur samstarfsvettvangur til framtíðar. Síðast en ekki síst skiptir aukið samstarf sendiráðanna og miðstöðvanna á liðnum árum miklu máli en faglegt samstarf þessara aðila hefur skilað auknum árangri í menningarkynningu og markaðssókn skapandi greina.

Starfshópurinn telur að byggja eigi á þeim árangri sem náðst hefur og hraða aðgerðum sem miða að því að styrkja starfsumhverfi skapandi greina svo nýta megi þau tækifæri sem Íslandi bjóðast í alþjóðastarfi og útflutningi á sviði menningar og skapandi greina.

91 Hér er um að ræða innri greinargerðir ráðuneyta s.s. um þátttöku Íslands í Feneyjartvíæringnum, Heimssýningum (Expó) og greinargerð utanríkisráðuneytis og menntamálaráðuneytis um alþjóðlegt menningarsamstarf frá 2007

92 http://www.rikisendurskodun.is/skyrslur-radad-eftir-malaflokkum/utanrikismal.html

93 http://www.rikisendurskodun.is/skyrslur-radad-eftir-malaflokkum/utanrikismal.html

Tillögur

Framtíðarsýn starfshópsins er þessi:

- Mennta- og menningarráðuneyti beri megin ábyrgð á stefnumótun alþjóðlegs menningarstarfs en starfi náið með öðrum ráðuneytum, fagstofununum og miðstöðvum við útfærslu og framkvæmd. Það taki virkan þátt í starfi alþjóðastofnana á sviði menningarmála og hafi forgöngu um að tryggja að rödd Íslands heyrist á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.

- Utanríkisþjónustan beri ábyrgð á að gæta menningarhagsmuna Íslands í gegnum á þriðja tug sendiskrifstofa víða um heim, sem sinna opinberri menningarkynningu og styðja við markaðssókn fyrirtækja í skapandi greinum. Utanríkisþjónustan eigi ríkt samstarf við önnur ráðuneyti, miðstöðvar, Íslandsstofu og erlendar menningarstofnanir um framkvæmd menningarkynningar erlendis.

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hafi forgöngu um að efla markaðsþróun fyrirtækja á sviði skapandi greina í þágu árangursríkrar markaðssóknar og taki þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á því sviði.

- Íslandsstofa verði lifandi samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs við markaðs- og kynningarstarf erlendis, sem með uppbyggingu fagráða í einstökum atvinnugreinum styðji með markvissum hætti við menningarkynningu og markaðssókn skapandi greina erlendis og vinni að því að efla ímynd og orðspor Íslands.

- Miðstöðvum skapandi greina verði falin ábyrgð á stefnumótun og framkvæmd kynningar og markaðssóknar og þeim tryggður fjárhagsgrunnur til að geta sinnt því starfi. Miðstöðvarnar taki virkan þátt í framkvæmd stefnunnar og verði faglegur bakhjarl ráðuneyta, sendiráða, Íslandsstofu og annarra sem að starfinu koma.

- Stefnumótun um ofangreint sé í stöðugri endurskoðun og fagráð Íslandstofu í listum og skapandi greinum, þar sem ofangreindir aðilar mætast, er kjörinn vettvangur fyrir stefnumótun og samræmingu markaðssóknarinnar á þessu sviði.

- Að mati starfshópsins er mkilvægt að hraða aðgerðum í þágu alþjóðasamsamstarfs og sóknar á útflutningsmarkaði. Til þess þurfa ráðuneytin, Íslandsstofa og sendiráðin að efla sérfræðiþekkingu á sviði menningar og skapandi greina, tryggja náið samráð við miðstöðvar listgreina og hönnnunar og styrkja þverfaglega nálgun við verkefnið. Tryggja þarf aukið og stöðugt upplýsingaflæði milli aðila svo ákvarðanir séu teknar á grundvelli bestu fáanlegu þekkingar. Líta ber til þess sem vel er gert í nágrannalöndum á þessu sviði.

5.6 Frá frumsköpun til framleiðslu

Vöxtur skapandi greina á Íslandi frá árinu 2005 sýnir að flýta megi fyrir frekari vexti með markvissum stuðningi frá frumsköpun til framleiðslu. *1. des rannsóknin* sýndi að velta greinanna hefur haldist stöðug þrátt fyrir efnahagslægð og töluverð aukning hefur orðið í útflutningstekjum frá árinu 2005.

Evrópskar rannsóknir

Ýmis greining hefur verið gerð á evrópskum vettvangi á skilyrðum fyrir vexti greinanna.
Hér fylgir samantekt á niðurstöðum tveggja nýlegra rita Evrópusambandins. Þau eru:

Grænbók Evrópusambandsins um skapandi greinar[94] sem kom út sumarið 2010.
Grænbókin dró saman í eitt plagg margt af því sem unnið hafði verið árin á undan. Niðurstöður Grænbókarinnar eru nýttar í 20/20 áætlun Evrópusambandsins um skapandi greinar.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út rannsókn sumarið 2011 sem listaháskólinn í Utrecht í Hollandi gerði. Rannsóknin ber heitið The entreprenurial dimension of the cultural and creative industries[95] og er byggð á viðtölum við hundruð sérfræðinga, stjórnendur fyrirtækja og frumkvöðla í skapandi greinum alls staðar að úr Evrópu. Tilgangur hennar er að skrá og athuga þarfir og starfsumhverfi frumkvöðla, fyrirtækja og einyrkja í skapandi greinum, sérstaklega lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Skoðað er hvar skórinn kreppir, hvar tækifæri liggja og settar fram tillögur um aðgerðir. Rannsóknin er hugsuð sem innlegg í umræðuna um hvernig hrinda megi í framkvæmd stefnu í 20/20 áætlun ESB um skapandi greinar.

Grænbók Evrópusambandsins

Eftirfarandi talin skilyrði sem þurfa að vera til staðar svo vöxtur verði í skapandi greinum:

Rými fyrir tilraunastarfsemi og nýsköpun
Rétt samsetning á færni
Auðveldara aðgengi að fjármagni
Betra umhverfi til að undirbúa sókn út fyrir Evrópu

Í grænbókinni og 20/20 áætlun ESB er fjallað um hvernig koma megi á ræsisjóðum[96] fyrir greinarnar, efla aðgang þeirra að rannsóknarfé, auka viðskiptaþekkingu í greinunum, skapa skilyrði fyrir áhættufjárfestingum og hefja markaðssókn út fyrir Evrópu. Meðal annars er unnið að viðamiklum tillögum um stofnun áhættufjárfestingarsjóða í skapandi greinum með þátttöku Evrópska fjárfestingabankans. Þessum sjóðum er ætlað að vinna þvert á lönd. Jafnframt er fjallað ítarlega um þröskulda í vegi viðurkenningar skapandi greina sem viðskiptagreina sem oft á tíðum eru til staðar sökum þess að þekkingu á eðli og tækifærum greinanna er ábótavant.

94 Green paper Unlocking the potentila of the cultural and creative industries http://ec.europa.eu/culture/our-policy-development/doc/GreenPaper_creative_industries_en.pdf

95 http://ec.europa.eu/culture/key-documents/doc/studies/entrepreneurial/EDCCI_report.pdf

96 Þýðing á enska hugtakinu *startup funds*

Helstu tillögur The entreprenurial dimension of the cultural and creative industries:

Til að geta með markvissum hætti sinnt þörfum skapandi greina, þarf að rannsaka mun betur en gert hefur verið mismunandi aðstæður og þarfir hverrar greinar.

Stuðningur við uppbyggingu fyrirtækja skapandi greina lítur ekki sömu lögmálum og ýmsar aðrar atvinnugreinar. Skapandi greinar þurfa sértækar aðferðir sem byggja á skilningi á eðli þeirra.

Skapandi greinar eru þverfaglegar í eðli sínu og snerta marga þætti samfélagsins, s.s. menningarlega og efnahagslega þætti. Því er grundvallaratriði fyrir ríkisstjórnir landa sem vilja efla skapandi greinar og skapa skilyrði fyrir vöxt þeirra að unnið sé að því sameiginlega, þvert á ráðuneyti, sérlega ráðuneyti menningar og efnahagsmála, sem og fagstofnanir í beinu samstarfi við geirann sjálfan.

Hvetjandi áætlanir þarf, á svæðis-, lands- og evrópska vísu til að sinna með heildstæðu móti, sértæku eðli skapandi greina. Í gegnum alla stefnumótun í stjórnsýslu þarf að viðurkenna framlag skapandi greina til nýja hagkerfisins og tryggja stöðu greinanna meðal atvinnugreina. Skattaívilnanir til handa þjónustu og vörum skapandi greina geta verið hvetjandi fyrir framleiðslu og dreifingu.

Evrópusambandið ætti að aðlaga rannsóknaráætlanir líkt og FP7 og FP8 sem og CIP[97] betur að þörfum skapandi greina.

Sérlega þarf að greiða götu verkefna sem fela í sér nýsköpun en snúast ekki um tækniframfarir.

Skortur á fjármagni er landlægur í skapandi greinum, sérlega hjá örfyrirtækjum (e. micro SME). Sjóðir þurfa að aðlaga sig að mismunandi líftíma verkefna og fyrirtækja.

Stórar styrktaráætlanir eru of flóknar fyrir skapandi greinar, þær þarf að einfalda.
MEDIA áætlunin veitir stuðning fyrir sjónvarps- og kvikmyndagerð og tekur tillit til ólíkra þátta í virðiskeðjunni. Þróa ætti samskonar stuðningskerfi fyrir aðra geira skapandi greina þar sem tekið er á öllum þáttum virðiskeðjunnar.

Evrópski fjárfestingabankinn og Evrópski fjárfestingasjóðurinn, sem veita fé í nýsköpun, ættu að veita áhættufjármagni í skapandi greinar.

Ríkisstjórnir Evrópulanda eru hvattar til þess að hugleiða skattaívilnanir sem leið til að laða að áhættufjármagn, viðskiptaengla og smálánaveitendur að skapandi greinum. Þróunarsjóður ESB ætti að fjárfesta í frumkvöðlaverkefnum þvert á lönd.

Skapandi greinar skortir frumkvöðla með viðskiptaþekkingu og samþætting listmenntunar og viðskiptamenntunar er lítil. Lagt er til að endurmenntunaráætlun ESB[98] setji endurmenntun frumkvöðla í skapandi greinum í forgang.

97 7. rannsóknaráætlun ESB, 8. rannsóknaráætlun ESB, CIB Samkeppnis og nýsköpunaráætlun ESB

98 Life Long Learning Programme

Ályktun

Áskoranir skapandi greina á Íslandi eru þær sömu og í Evrópu. Þetta staðfestist meðal annars í sameiginlegri umsögn EFTA ríkjanna um Grænbók ESB[99] og er vísað til þess að Noregur og Ísland ætli að vinna sameiginlega að stefnumótun á vettvangi KreaNord.

Ofangreind rannsókn framkvæmdastjórnar ESB á umhverfi frumkvöðla er víðtæk og er tilefni til að ætla að að margt sem þar kemur fram, eigi einnig við um Ísland. Ísland hefur nú þegar aðgang, að flestum þeim sjóðum sem gerðar eru tillögur um að efla, í gegnum EES samninginn og því er niðurstaða aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið ekki forsenda þess að Ísland geti nýtt sér þau úrræði sem lagðar eru fram tillögur um.

Tillögur

Skoðað verði hvernig efla megi fjárfestingar í fyrirtækjum skapandi greina sem sýnt hafa markaðslega möguleika, í samvinnu fjármálastofnana og stoðstofnana atvinnulífs. Hvetja þarf til þess að slíkar fjárfestingar þjóni öllu landinu og gæti Byggðastofnun Íslands komið að verkefninu

5.7 Stoðkerfi íslensks atvinnulífs

Á vegum iðnaðarráðuneytis var unnin greinargerð[100] í desember 2010 um stoðkerfi fyrir íslenskt atvinnulíf, sem heyrir undir það ráðuneyti. Helstu niðurstöður greiningarinnar voru að í kerfinu sé falin mikil þekking, hæfni og umtalsverðir fjármunir en skipulag kerfisins sé sundurlaust og flókið, starfsemi dreifist á of marga staði og skipting stoðkerfisins eftir atvinnugreinum sé að mörgu leyti úrelt og hamli framþróun og árangri í atvinnuþróun. Óheppilegt er talið að stoðkerfi atvinnulífs tilheyri mörgum ráðuneytum. Í raun þurfi ekki að setja aukna fjármuni í stoðkerfi heldur nýta betur það sem fyrir er. Stoðkerfið ætti að vera til fyrir atvinnulífið en ekki öfugt og skortur væri á kynningu um þau tækifæri sem kerfið býður upp á. Um fjármögnun fyrirtækja er eftirfarandi sagt í greiningu iðnaðarráðuneytis:

> *„Þörf er á fjármögnunarkerfi sem skilur frumkvöðla og býður uppá samfellu í fjármögnun frá viðskiptahugmynd og þar til fyrirtækið stendur á eigin fótum. Skortur er á framboði á þolinmóðu lánsfé frá öðrum en bankakerfinu. Hvað sjóðakerfið varðar þá væri mikill kostur ef unnt væri að einfalda umsóknir og umsóknarferli, t.d. með einni almennri forumsókn sem kerfið sæi sjálft um að koma í rétta farvegi.“*

Um þessar mundir er unnið að rannsókn fyrir iðnaðarráðuneytið á stuðningsumhverfi skapandi greina á Íslandi. Rannsóknin byggir á viðtölum við 50 einstaklinga, sem vinna í skapandi greinum, allt frá stjórnendum stærstu fyrirtækja niður í einyrkja og úr öllum greinum. Auk þess eru tekin viðtöl við einstaklinga úr stjórnsýslu. Vonast er til að niðurstaða rannsóknarinnar gefi vísbendingar um styrkleika og veikleika í starfsumhverfi greinanna.

99 http://www.efta.int/eea/~/media/Documents/eea/eea-efta-comments/2010/2010-08-13-comment-on-cultural-and-creative-industries.pdf http://www.efta.int/eea/~/media/Documents/eea/eea-efta-comments/2010/2010-08-13-comment-on-cultural-and-creative-industries.pdf

100 Endurmótun stoðkerfis atvinnulífsins, greinargerð til iðnaðarráðuneytisins, desember 2010, Stjórnarhættir ehf. http://www.idnadarraduneyti.is/media/Rafraen_afgreidsla/Endurskipulagning-stodkerfis-atvinnulifsins-07-12-2010.pdf

Ályktun

Starfshópurinn telur að stoðkerfi skapandi atvinnugreina, sé að mörgu leyti þegar til staðar bæði hjá hinu opinbera og á einkamarkaði, nauðsynlegt sé að laga það betur að þörfum greinanna og auka þekkingu í stjórnkerfinu og innan atvinnulífsins almennt á möguleikum greinanna til frekari vaxtar.

Huga þarf sérstaklega að eftirfarandi:
Þróun lista og skapandi greina og samkeppnishæfni þeirra á alþjóða vettvangi er háð því að rannsóknir í skapandi greinum verði efldar og komið upp meistaranámi í helstu greinum.

Starfshópurinn telur að draga megi mikinn lærdóm af niðurstöðum evrópskra rannsókna og 20/20 áætlunar Evrópusambandsins um skapandi greinar og hvetur til þess að ofangreindar rannsóknir verði nýttar í áframhaldandi vinnu í þágu greinanna. Starfshópurinn tekur undir þær í samantekt hér og í anda ítrekaðs boðskapar síns um samhenta stjórnsýslu gerir hópurinn eftirfarandi orð frumkvöðlaskýrslu ESB að sínum:

> „...grundvallaratriði fyrir ríkisstjórnir landa sem vilja efla skapandi greinar og auka skilyrði fyrir vöxt þeirra, er að unnið sé að því sameiginlega, þvert á ráðuneyti,{…} sem og fagstofnanir og beint samstarf við geirann sjálfan.“

5.8 Framtíðar stuðningur við skapandi greinar

Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins var honum ætlað að skoða *„hvernig hægt sé að bæta starfsumhverfi skapandi greina, nýta þau tækifæri sem til staðar eru, efla rannsóknir, menntun og stefnumótun og styðja við útflutningsstarfssemi."*

Starfshópurinn er þeirrar skoðunar að stuðningskerfi greinanna sé, í grunninn, til staðar en það þurfi að skerpa hlutverk hverrar stoðar, efla stoðkerfið svo greinarnar búi við góð skilyrði til vaxtar, frá frumsköpun til framleiðslu afurða. Starfslaunasjóðir listamanna í hverri grein gefa höfundum kost á að skapa verk og þróa hugmyndir.[101] Nú þegar eru til verkefnasjóðir í bókmenntum, kvikmyndagerð og tónlist og verkefni á sviði safna og menningararfs, hafa þrjá sjóði að sækja í. Nýr myndlistarsjóður verður til um næstu áramót og til stendur að stofna nýjan sviðslistasjóð sem mun hafa mun víðtækara hlutverk en núverandi sjóður um *Starfsemi atvinnuleikhópa*.[102] Hönnunarsjóður mun vonandi brátt verða til. Sjá má fyrir sér að til framtíðar verði grunnsjóðakerfi og miðstöðvar skapandi greina saman undir einu þaki í Húsi skapandi greina.

Mynd 15
Sjóðakerfi og miðstöðvar í Húsi skapandi greina



101 Starfslaun listamanna eru veitt úr sex sjóðum: Launasjóði hönnuða, launasjóði myndlistarmanna, launasjóði rithöfunda, launasjóði sviðslistafólks, launasjóði tónlistarflytjenda og launasjóði tónskálda. Að auki er launasjóður fræðirithöfunda sem vistaður er hjá Rannsóknarráði Íslands.

102 Lögbundnir verkefnasjóðir eru: Bókmenntir; Bókmenntasjóður og Bókasafnssjóður höfunda. Kvikmyndagerð; Kvikmyndasjóður Íslands. Myndlist; nýr Myndlistarsjóður sem tekur til starfa 2013 en fyrir er Myndhöfundasjóður. Tónlist; Tónlistarsjóður. Sviðslistir; í dag sjóður um Starfsemi atvinnuleikhópa en með nýjum sviðslistalögum mun nýr Sviðslistasjóður verða til. Verkefni á sviði safna og menningararfs geta sótt í þrjá sjóði; Safnasjóð, Fornleifasjóð og Húsafriðunarsjóð.

Starfshópurinn telur að samræmt sjóðakerfi fyrir frumsköpun og grunnverkefni í hverri grein sé rétt þróun. Uppbygging og áherslur hvers sjóðs séu miðaðar við þarfir hverrar greinar og tenging sé við launasjóði þar sem það á við. Rými og fjármagn sé fyrir þróun verkefna (sem í tilfelli hönnuðar getur verið frumgerð prótótýpu) framleiðslu þeirra, markaðssetningu, kynningu erlendis (þ.m.t. ferðastyrkir) og sértæk útflutningsverkefni þar sem ætlunin er að stíga fyrstu skref inn á erlenda markaði. Mikilvægt er að settar séu áherslur í hverri grein en þær séu í stöðugri endurskoðun og rými sé fyrir sveigjanleika gagnvart nýjum tækifærum.

Mikilvægt er að frá launasjóðum og verkefnasjóðum sé greið leið að frekara stuðningskerfi fyrir nýsköpunarverkefni og sprotafyrirtæki þar sem ætlunin er að þróa áfram til frekari framleiðslu, afleiddar afurðir, nýjar tæknilausnir og aðra nýja þekkingu. Jafnframt er mikilvægt að skapandi greinar hafi í auknum mæli aðgang að fjármagni til grunn fræðirannsókna. Setja má fram það stuðningskerfi sem tekur við á neðangreindri mynd

Mynd 16
Stuðningskerfi fyrir nýsköpunarverkefni og sprotafyrirtæki



Mynd 17
Hringrás verðmætasköpunar í skapandi greinum



Hringrás verðmætasköpunar í skapandi greinum

Hver þáttur stoðkerfis er háður öðrum og sá grunnur sem byggt er á, skiptir sköpum fyrir það, sem á eftir kemur.

Skólakerfi sem auðgar menningarskilning, þekkingu og læsi, barna og unglinga er líklegra til að skapa eintaklinga sem hafa færni og hæfni til tilrauna og frumsköpunar.

Samfélag sem gefur rými fyrir tilraunir í skapandi greinum er líklegra til að eignast óefnisleg verðmæti sem byggja á rannsóknum og þróun. Slík verðmæti geta leitt til nýsköpunar og framleiðslu sem stenst alþjóðlegan samanburð.

Samantekt tillagna

2. KAFLI
Stjórnsýsla skapandi greina

Tillaga 1 - bls. 18
Starfshópurinn leggur til að:
Komið verði á formlegum samstarfsvettvangi eða samstarfshópi um uppbyggingu skapandi greina. Hlutverk samstarfshópsins verði að vinna að samræmdri uppbyggingu skapandi greina og gera tillögur til stjórnvalda um nauðsynlegar aðgerðir og fylgja þeim eftir.

Hópinn skipi eftirfarandi fulltrúar:
- Fjögurra ráðuneyta; mennta- og menningarmálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, efnahags- og fjármálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis.
- Þriggja fulltrúa háskóla, tilnefndir af samstarfsnefnd háskólastigsins.
- Þriggja fulltrúa Samtaka skapandi greina.
- Einum fulltrúa Samtaka iðnaðarins.
- Kannaðir verði kostir þess að sá fulltrúi fái sæti í Vísinda- og tækniráði með það að markmiði að miðla upplýsingum til ráðsins og vinna að framgangi málaflokksins á vettvangi þess.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

3. KAFLI
Stefna

Tillaga 2 – bls. 19
Starfshópurinn leggur til að:
Miðstöðvum skapandi greina verði falið að gera tillögur að markaðssókn erlendis á sviði lista, menningar og hönnunar, þar sem árangursmarkmið eru skilgreind Tillögurnar verði ræddar og samhæfðar á vettvangi fagráðs Íslandstofu í listum og skapandi greinum í samráði við hlutaðeigandi aðila.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga 3 – bls. 20
Starfshópurinn leggur til að:
Samstarfshópi skapandi greina verði falið að vinna tillögur um stuðning við greinarnar í samræmi við efnahagsáætlun fyrrum efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Mikilvægastar eru tillögur um aukna fjárfestingu í fyrirtækjum á sviði skapandi greina og við markaðssókn þeirra svo og tillögur um að komið verði á fót reglubundinni mælingu á hlut skapandi greina í verðmætasköpun hagkerfisins.
Ábyrgð: Efnahags- og fjármálaráðuneyti

Tillaga 4 – bls. 21
Starfshópurinn leggur til að:
Samstarfshópi skapandi greina verði falið að vinna tillögur um stuðning við greinarnar í samræmi við áherslur í Ísland 2020.
Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga 5 – bls. 22
Starfshópurinn telur mikilvægt að áform fjárfestingaráætlunar ríkisstjórnarinnar 2013 – 2015 gangi eftir. Nauðsynlegt er að efla lögbundna verkefnasjóði allra listgreina og hönnunar, ásamt því að koma á nýjum sjóðum í þeim greinum sem enn hafa ekki slíka sjóði.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og efnahags- og fjármálaráðuneyti

Tillaga 6 – bls. 23
Starfshópurinn leggur til að:
Samstarfshópurinn skv. tillögu á bls 16 verði falið að fylgja eftir markmiðum KreaNord, á Íslandi.

4. KAFLI
Opinber fjárframlög

Tillaga 7 – bls. 31
Starfshópurinn leggur til að:
velta skapandi greina verði kortlögð árlega, bæði sá hluti sem ber virðisaukaskatt og sá sem er undanþeginn honum. Kannað verði hvort hægt sé að gera samstarfssamning við Rannsóknarstofu í skapandi greinum við Háskóla Íslands og Hagstofu Íslands um verkefnið. Einnig er lagt til að skapandi greinar verði skilgreind stærð í hagtölum.
Ábyrgð: Efnahags- og fjármálaráðuneyti

Tillaga 8 – bls. 33
Starfshópurinn leggur til að:
Sérstaklega verði horft til þess á næstu misserum að efla verkefnasjóði. Sérlega er nauðsynlegt að komið verði á fót verkefnasjóði fyrir hönnun og myndlist. Við eflingu lögbundinna verkefnasjóða er mikilvægt að skoða samspil við launasjóði listamanna þar sem við á.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga 9 – bls. 34
Starfshópurinn leggur til að:
Síðustu miðstöðinni í skapandi greinum, Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista, verði komið á fót samhliða samþykkt nýrra sviðlistarlaga. Jafnframt ætti að vinna áætlun um frekari eflingu miðstöðvanna í heild og í því samhengi kanna til hlítar hvaða hagræðing og vaxtarmöguleikar gætu falist í því að sem flestar miðstöðvarnar færu undir sama þak sem og helstu hátíðir í hverri grein.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga 10 – bls. 35
Starfshópurinn leggur til að:
Áfram verði leitað leiða til að auka fagmennsku í úthlutunum opinbers fjár til list- og menningartengdra verkefna, t.d. með því að efla lögbundna sjóði, sem úthluta samkvæmt auglýstum úthlutunarreglum og hafa faglega skipaðar úthlutunarnefndir. Leggur hópurinn til að áfram verði unnið að því að færa það fé sem fór í 12. des. pottinn til lögbundinna sjóða.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Tillaga 11 – bls. 41
Starfshópurinn leggur til að:
Athugaðir verði möguleikar þess að koma á fót tímabundnum sjóði í þágu skapandi greina, sem vistaður verði hjá Rannsóknarráði Íslands. Sjóðinn mætti setja upp í formi markáætlunar líkt og tíðkast hefur hjá ráðinu á undanförnum árum fyrir aðrar atvinnugreinar. Er þessi tillaga í anda nýrrar fjárfestingaáætlunar ríkisstjórnarinnar.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga 12 – bls. 45
Starfshópurinn leggur til að:
Framlögum ríkissjóðs til menningarstarfs í smærri sveitarfélögum verði í auknum mæli beint að frumsköpun í samræmi við markmið stjórnarsáttmála frá 2009. Slík áhersla er í samræmi við sjónarmið sem nú eru til athugunar hjá menningarráðum landshlutanna. Þörf er á að samræma skráningu framlaga milli sveitarfélaga.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og efnahags- og fjármálaráðuneyti

Tillaga 13 bls. 46
Starfshópurinn leggur til að:
Starfshópurinn telur tækifæri felast í auknu samráði milli ríkis og höfuðborgar í uppbyggingu og fjármögnun skapandi greina. Formlegur samstarfsvettvangur og skýrari verkaskipting gætu skilað auknu afli, greinunum til handa.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

5. KAFLI

Horft til framtíðar - bætt starfsumhverfi skapandi greina

MENNTUN

Tillaga 14 bls.50

Starfshópurinn leggur til að:

- Gerð verði ítarleg úttekt á list- og starfsmenntun í skapandi greinum sem þegar er boðið upp á í innan framhaldskólakerfisins og í kjölfarið móta stefnu um listmenntun á framhaldsskólastigi. Í þeirri stefnumótun þarf að ákveða hvaða menntun er boðið upp á í opinberum framhaldsskólum og með hvaða hætti samspilið við einkaskóla verði sem skilvirkast.
- Menntun í nýjum miðlum á grunn- og framhaldsskólastigi verði efld auk þess sem þróaðar verði námsleiðir þar sem list- og starfsmenntun eru samþætt.
- Fjölgað verði menntunartækifærum á meistarastigi við Listaháskóla Íslands í kjarnagreinum skólans. Starfshópurinn telur það brýnasta verkefnið á sviði menntunar til eflingar atvinnumennsku í skapandi greinum.
- Lögð verði áhersla á samstarf milli háskóla um þverfaglegt meistaranám t.d. listgreina, tæknigreina, viðskiptagreina og ýmissa fræðigreina.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

RANNSÓKNIR

Tillaga 15 bls.52

Starfshópurinn leggur til að:

- Tryggðar verði til framtíðar stöðugar rannsóknir á stöðu skapandi greina, þ.m.t. um veltu, virðisauka, útflutningsvirði og samkeppnishæfni á alþjóðavísu.
- Fulltrúum skapandi greina í fagráðum sjóða hjá RANNÍS verði fjölgað.
- Innleiddar verði mælistikur er henta skapandi greinum í mati á umsóknum.
- Kannaðir verði kostir þess að koma á fót tímabundnum sjóði í þágu skapandi greina sem vistaður verður hjá RANNÍS. Sjóðinn mætti setja upp í formi markáætlunar líkt og tíðkast hefur hjá ráðinu á undanförnum árum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og efnahags- og fjármálaráðuneyti

SKATTALAGNING

Tillaga 16 bls.54

Starfshópurinn leggur til að:

Lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 verði breytt þannig að skattlagning listaverka og listmuna verði sambærileg við það sem gerist á Norðurlöndunum. Breytingarnar miði að því að undanþágan í 2. tl. 4. gr. laganna nái til allra listamanna sem selja listaverk og einstaka handgerða listmuni. Til að svo verði þarf einnig að breyta skilgreiningunni að baki þeim tollflokkum, sem flokka listaverk og listmuni. Við væntanlegar breytingar verði sérstaklega litið til danskra laga um virðisaukaskatt.
Ábyrgð: Fjármálaráðuneyti

Stjórnvöld taki afstöðu til óska listamanna um að munur eigi að vera á skattalegri meðferð á launatekjum listamanna og þeirra tekna sem aflað er með afnotum eða leigu af hugverkaeign.
Ábyrgð: Fjármálaráðuneyti

Stjórnvöld taki afstöðu til þess hvort hækka beri greiðslur úr launasjóðum listafólks til samræmis við reglur RSK um mánaðarlegt reiknað endurgjald.
Ábyrgð: Fjármálaráðuneyti

Lög verði sett um greiðslur til rétthafa fyrir eintakagerð hugverka til einkanota í gegnum tölvur og farsíma.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

SAMLEGÐ VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU

Tillaga 17 bls. 56

Starfshópurinn leggur til að:

Miðstöðvum skapandi greina verði falið í samráði við hlutaðeigandi aðila, þ.á.m. átaksverkefni stjórnvalda og ferðaþjónustunnar „Ísland allt árið“, að gera tillögu að markvissri uppbyggingu hátíða og annarra menningartengdra viðburða um allt land. Hugað verði að því hvernig hægt sé að styrkja þau verkefni sem nú þegar eru til, tengja verkefni saman og byggja upp heildstæða sýn. Rauði þráður átaksins verði að tengja saman náttúru, mannlíf, ferðaþjónustu, menningararf og listir.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF OG SÓKN Á ÚTFLUTNINGSMARKAÐI

Tillaga 18 bls. 58

Starfshópurinn leggur til að:

- Mennta- og menningarráðuneyti beri megin ábyrgð á stefnumótun alþjóðlegs menningarstarfs en starfi náið með öðrum ráðuneytum, fagstofnunum og miðstöðvum við útfærslu og framkvæmd. Það gerir menningarsamninga við önnur ríki, tekur virkan þátt í menningarsamstarfi alþjóðastofnana og hefur forgöngu um að tryggja að rödd Íslands heyrist á alþjóða vettvangi.

- Utanríkisþjónustan beri ábyrgð á að gæta menningarhagsmuna Íslands í gegnum á þriðja tug sendiskrifstofa víða um heim. Það á samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneyti um menningarkynningu erlendis

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hafi forgöngu um að efla sókn skapandi greina og afleiddra afurða þeirra inn á erlenda markaði.

- Með stofnun Íslandstofu hafa ofangreind ráðuneyti nú fengið nýtt afl sem ætlað er að samræma opinbert markaðs- og kynningarstarf og efla orðspors og ímynd Íslands erlendis.

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti feli miðstöðvum skapandi greina ábyrgð á faglegri framkvæmd á alþjóðlegri kynningarstarfsemi og markaðssókn, hverri á sínu sviði.

- Stefnumótun um ofangreint sé í stöðugri endurskoðun og fagráð Íslandstofu í listum og skapandi greinum, þar sem ofangreindir aðilar mætast, er kjörinn vettvangur fyrir stefnumótun og samræmingu

Ábyrgð: Mennta- og menningarmála-, utanríkis- og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

FRÁ FRUMSKÖPUN TIL FRAMLEIÐSLU

Tillaga 19 bls. 61

Starfshópurinn leggur til að:

Skoðað verði hvernig efla má fjárfestingar í fyrirtækjum skapandi greina sem sýnt markaðslega möguleika, í samvinnu fjármálastofnana og stoðstofnana atvinnulífs. Hvetja þarf til þess að slíkar fjárfestingar þjóni öllu landinu og gæti Byggðastofnun Íslands komið að verkefninu.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Viðauki

Viðauki 1
Skipunarbréf starfshópsins

Viðauki 2
Saga og tilurð skapandi greina á Íslandi síðustu ár.

Viðauki 3 a og b
Unesco flokkun

Viðauki 4
Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna

Viðauki 5
Löggjöf , frumvörp og stefnumótun

Viðauki 6
Sundurliðun á framlögum til skapandi greina

Viðauki 7
Framlög til stofnana, lögbundinna sjóða og annarrar starfsemi

Viðauki 8
Hlutverk og verkefni miðstöðva skapandi greina

Viðauki 9
Fjárlaganefnd 2011 – óskiptir liðir

Viðauki 10
Skráðir nemendur á námsbrautum framhaldskóla í skapandi greinum

Viðauki 11
Ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 1. apríl 2011-12-01

Viðauki 12
Skýring á flokkun á framlögum sveitafélaga

Viðauki 13
Sundurgreining á framlögum Reykjavíkurborgar 2011-12-01

Viðauki 14
Tafla skráðra nemenda í háskólanám í skapandi greinum

Viðauki 15
Bréf mennta- og menningarmálaráðhera til fjármálaráðherra 14. apríl 2010

Viðauki 16
Alþjóðlegt samstarf

Viðauki 1
Skipunarbréf starfshópsins

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
menntamálaráðuneyti.is

Elías Jón Guðjónsson
Eiríksgötu 33
101 Reykjavík

Reykjavík 11. janúar 2011
Tilv.: MMR10120223/2.3.20-

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar yður hér með í starfshóp til þess að meta hvernig hægt sé að bæta starfsumhverfi skapandi greina og nýta þau tækifæri sem til staðar eru, efla rannsóknir, menntun og stefnumótun og styðja við útflutningsstarfsemi

Mælst er til þess að nefndin ljúki störfum fyrir 30. apríl nk.

Starfshópurinn er þannig skipaður:

Elías Jón Guðjónsson, formaður, án tilnefningar
Ása Richardsdóttir, tilnefnd af efnahags- og viðskiptaráðuneyti
Sóley Ragnarsdóttir, tilnefnd af fjármálaráðuneyti
Hanna Dóra Másdóttir, tilnefnd af iðnaðarráðuneyti
Auður Edda Jökulsdóttir, tilnefnd af utanríkisráðuneyti
Kolbrún Halldórsdóttir, tilnefnd af Íslandsstofu
Gunnar Guðmundsson, tilnefndur af samráðsvettvangi skapandi greina
Halla Helgadóttir, tilnefnd af samráðsvettvangi skapandi greina.

Katrín Jakobsdóttir

Viðauki 2

Saga og tilurð skapandi greina á Íslandi síðustu ár.

Segja má að skapandi greinar séu “ný” atvinnugrein á Íslandi sem hafi sprottið fram í dagsljósið í efnahagskreppunni og birtist sem nýtt og spennandi afl til framþróunar í efnahags- og atvinnulífi landins. Bent hefur verið á að þrátt fyrir að niðurskurður á sviði menningar og lista á undanförnum árum hafi gengið nærri menningarstarfsemi, og skapandi greinum, hafi þær staðið sig vel í samanburði við aðrar greinar. Greinarnar hafa vaxið á þessum erfiðu tímum, sem segir til um styrk þeirra. Að mati starfshópsins er blómlegt og sterkt menningarlíf og listsköpun forsenda þess að það takist að byggja hratt upp sterka atvinnugrein skapandi greina á Íslandi. Þetta viðhorf er stutt af virtum alþjóðlegum greiningar- aðilum sem íslensk stjórnvöld hafa fengið til að greina helstu tækifæri Íslands á sviði efnahagsmála, en þeir telja að skapandi greinar séu einn þriggja mikilvægustu vaxtabrodda fyrir uppbyggingu og framþróun íslensks efnahagslífs og atvinnulífs á næstu árum.

Líkt og fram kemur í megin texta skýrslunnar komust skapandi greinar fyrst á dagskrá um aldamótin 2000. Hugmyndir um kortlagningu hagrænna umsvifa greinanna voru meðal annars settar fram í fyrstu menningarstefnu Samfylkingarinnar árið 2001 og bók Ágústar Einarssonar um Hagræn áhrif tónlistar vöktu margar til vitundarvakningar um möguleika listgreina í efnahagslegu samhengi.

Kippur kom í umræðu um greinarnar þegar komið var á formlegu samstarfi kynningarmiðstöðva lista og hönnunar en þær tóku höndum saman í árslok 2009 og efndu til skipulegs hugarflæðisfundar í Keflavík með þátttöku fagfólks úr öllum greinunum og undir stjórn sérfræðings frá Samtökum iðnaðarins. Á fundinum voru þróaðar fyrstu hugmyndir framþróunar greinanna í heild á Íslandi og útbúnir verkefnalistar um hvað þyrfti að gera til að það markmið gæti náðst hratt og vel. Efsta verkefnið á listanum var kortlagning á efnahagslegu umfangi skapandi greina á Íslandi. Kynningarmiðstöðvarnar og samtök listafólks sem að baki þeim standa tóku höndum saman og áttu allt frumkvæði að því að ráðist var í gerð kortlagningarinnar, með fjárhagslegum stuðningi ráðuneyta og Íslandstofu, kortlagningin sem við höfum kallað *1. des rannsóknina.*

Viðauki 3 a og b
Unesco flokkun

Fjárframlög ríksins samkvæmt UNESCO ramma um skapandi greinar

Veltutölum á einkamarkaði í skýrslunni Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina var raðað í samræmi við ramma UNESCO um skapandi greinar. Sá rammi og skipting milli greina er sem hér segir:

- Sjónlistir: arkitektúr, hönnun (grafísk-, fata-, vöru- og innanhúshönnun), listhandverk og handverk
- Sviðslistir: leikhús, tónleikar, dans o.þ.h.
- Bækur og útgáfa: bókmenntir, fjölmiðlun, útgáfa (hefðbundin, sem og stafræn), bókasöfn, gagnavarsla o.þ.h.
- Hljóð og mynd: sjónvarp, kvikmyndir, myndbönd, útvarp, tónlistarupptökur, auglýsingar og nýmiðlar (tölvuleikir, samskiptaforrit, netið, hringitónar, forrit fyrir farsíma o.þ.h.)
- Menningararfur: bæði áþreifanleg (staðir, byggingar, söfn, bókasöfn og gagnavörslur) og óáþreifanleg (hefðir, venjur, siðir, sögur o.þ.h.)
- Hluti ferðaþjónustu: Í rannsókninni er ferðaþjónusta sem mikilvægur þáttur sem hefur áhrif á öll fyrrnefnd atriði hvað varðar eftirspurn á nýjum menningarafurðum og vörum skapandi greina.

Framlög ríkis og sveitarfélag talin í skýrslunni eru ekki í samræmi við rammann en samkvæmt honum er skilgreining á hvað tilheyrir skapandi greinum mun víðtækari en hefð er fyrir. Framlög ríkis til menntunar, rannsókna, náttúrustaða og ferðaþjónustu voru, svo dæmi séu tekin, ekki talin með. Skilgreining UNESCO er nýstárleg og kallar á að framlög til og greining á skapandi greinum sé hugsuð á nýjan hátt. Starfshópurinn telur margt í aðferðafræði UNESCO áhugavert og líkur til þess að ramminn nái útbreiðslu meðal annarra þjóða. Meðal annarra þátta er skilgreining UNESCO á svokölluðum menningarhring (culture cycle). Í Menningarhringnum er framlögum og hlutverki skipt niður eftir eiginleikum þess verkefnis sem verið er að vinna, það er, hvort um er að ræða sköpun, framleiðslu, dreifingu, sýningu/miðlun og neyslu/þátttöku. Ef fyrir lægi greining á framlögum eftir ofangreindri skiptingu væri hægt að átta sig á hvernig verið er að verja opinberu fé til skapandi greina með allt öðrum og dýpri hætti en venjubundið er.
Framlög til verkefna og stofnana væri þá hægt að greina eftir viðfangsefnum viðkomandi og hægt væri að skoða hversu miklu fé hið opinbera ver til nýsköpunar í skapandi greinum og hversu miklu er varið til að miðla þeim, svo dæmi séu tekin. Hér gefur að líta mynd af Menningarhring Unesco.

Í UNESCO ramma er listgreinum skipt upp með öðrum hætti en venjubundið er sem og eru fleiri þættir taldir til flokka. Þannig eru þjóðgarðar, dýragarðar, náttúrukortagerð, náttúruverndarstofur og svæði t.d. talin til A Menningar- og náttúruarfleifðar og tónlist, hátíðahöld að öllu tagi, fyrirlestrar sem og sviðslistir allar taldar til B Sviðlista og hátíðahalda. Ýmsir þættir ferðaþjónustu eru taldir til Stoðsviða, menntun og rannsóknir á margvíslegum sviðum talin til menntunar og þjálfunar, stjórnsýsla á sviði menningar og annarra þátta talin til búnaðar og stuðningsvara og svo mætti lengi telja.

Svið skapandi greina
Stoðsvið
A. Menning- ar- og náttúru- arfleifð
B. Sviðlistir og hátíðarhöl d
C. Sjónræn list og handverk
D. Bóka- útgáfa og fjölmiðlun
E. Hljóð, mynd og gagnvirk miðlun
F. Hönnun og aðrar skapandi þjónustu- greinar
G. Ferða- þjónusta
H. Tómstundir
Óáþreifanleg menningararfleifð
Óáþreifanleg menningararfleifð
Menntun og þjálfun
Menntun og þjálfun
Gagnavarsla og viðhald
Gagnavarsla og viðhald
Búnaður og stuðningsvörur
Búnaður og stuðningsvörur

Nr. 125 28. september 2011

FORSETAÚRSKURÐUR

um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, og laga um Stjórnarráð Íslands, ber stjórnarmálefni undir ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands sem hér segir:

1. gr.
Forsætisráðuneyti.

Forsætisráðuneyti fer með mál er varða:

A. Stjórnskipan, þar á meðal:
1. Stjórnskipan lýðveldisins Íslands.
2. Embætti forseta Íslands, þ.m.t. ákvörðun kjördags, embættisgengi og embættisbústað.
3. Ríkisráð Íslands.
4. Alþingi.

B. Stjórnarráð Íslands, þar á meðal:
1. Forystu og verkstjórn innan Stjórnarráðs Íslands.
2. Skipun ráðherra og lausn.
3. Skiptingu starfa og samhæfingu þeirra milli ráðherra og ráðuneyta.
4. Ríkisstjórn og Stjórnarráð Íslands í heild, þ.m.t. ráðstöfun skrifstofuhúsa og gestahúsa ríkisstjórnarinnar.
5. Ráðherranefndir.
6. Stjórnarfar almennt, þ.m.t. stjórnsýslulög og upplýsingalög.
7. Umbætur í löggjöf og stjórnsýslu.
8. Stefnumótun og þróun stjórnsýslu.
9. Skipulag og starfshætti.

C. Þjóðartákn og orður, þar á meðal:
1. Fána Íslands og ríkisskjaldarmerki.
2. Þjóðsöng Íslendinga.
3. Hina íslensku fálkaorðu.
4. Önnur heiðursmerki.

D. Annað:
1. Almannavarna- og öryggismálaráð.
2. Vísinda- og tækniráð.
3. Þjóðlendur.
4. Samningagerð um endurgjald fyrir nýtingu auðlinda í eigu og á forræði íslenska ríkisins.
5. Umbreyting varnarsvæða í borgaraleg not.
6. Rannsókn á orsökum ofanflóða og afleiðinga þess ef manntjón hlýst af.
7. Rannsókn á starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.
8. Embætti ríkislögmanns.
9. Umboðsmann barna.
10. Þingvelli og Þingvallaþjóðgarð.

2. gr.

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti fer með mál er varða:

A. Hagstjórn, þar á meðal:
1. Mat á þróun og horfum í efnahagsmálum og gerð þjóðhagsspár.
2. Efnahagsáætlanir og samstillingu opinberrar hagstjórnar.
3. Eftirfylgni við efnahagsstefnu ríkisstjórnar.
4. Kynningu á efnahags- og hagstjórnarmálum innan lands og utan.
5. Vexti og verðtryggingu.
6. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri.
7. Málefni Seðlabanka Íslands.
8. Málefni Hagstofu Íslands.

B. Fjármálamarkaðinn, þar á meðal:
1. Fjármálafyrirtæki.
2. Vátryggingar og vátryggingastarfsemi.
3. Málefni verðbréfamarkaða.
4. Lögeyri, gjaldeyri og fjármagnshreyfingar milli landa.
5. Greiðslukerfi og greiðsluþjónustu.
6. Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
7. Neytendalán og fjarsölu á fjármálaþjónustu.
8. Innstæðutryggingar og málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.
9. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
10. Málefni Fjármálaeftirlitsins.
11. Úrskurðar- og eftirlitsnefnd með sértækri skuldaaðlögun.

C. Félagarétt, endurskoðendur og ársreikninga, þar á meðal:
1. Hlutafélög, einkahlutafélög, opinber hlutafélög, samvinnufélög, sameignarfélög, samlagsfélög, Evrópufélög, evrópsk samvinnufélög, evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, þó ekki skráningu þeirra.
2. Endurskoðendur og endurskoðendaráð.
3. Bókhald og ársreikninga.

D. Almenn viðskiptamál, þar á meðal:
1. Samningarétt.
2. Löggildingu viðskiptafræðinga og hagfræðinga.
3. Fyrningu.
4. Ábyrgðarmenn.
5. Viðskiptabréf.
6. Innheimtu.
7. Rafræn viðskipti, aðra rafræna þjónusta og rafrænar undirskriftir.
8. Kauparétt: lausafjárkaup, fasteignakaup, neytendakaup og þjónustukaup.
9. Sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.
10. Verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.
11. Verslunaratvinnu og viðskipti með vöru og þjónustu, aðra en útflutningsverslun.
12. Þjónustuviðskipti.
13. Umboðsviðskipti.
14. Innflutning.
15. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, þ.m.t. einkaleyfi, vörumerki, félagamerki, uppfinningar starfsmanna og hönnun.

16. Faggildingu.
17. Samkeppnismál.
18. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

E. Önnur verkefni:
1. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).
2. Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD).
3. Skipun fulltrúa Íslands í stjórn aðstoðarsjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sbr. lög nr. 25/1976.

3. gr.

Fjármálaráðuneyti.

Fjármálaráðuneyti fer með mál er varða:

A. Fjárreiður ríkisins og fjármál að því marki sem þau eru ekki falin öðrum aðilum, þar á meðal:
1. Stefnumörkun og langtímaáætlun í ríkisfjármálum.
2. Forsvar og gerð frumvarps til fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga.
3. Skuldbindingar fram yfir fjárlagaárið, þ.m.t. rekstrar- og þjónustusamninga.
4. Almennt eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
5. Sjóðstýringu.
6. Lánsfjármál og lántökur.
7. Ríkisaðstoð, ríkisábyrgðir og styrki til einkafyrirtækja.
8. Reikningshald ríkisins.
9. Samhæfingu fjármála sveitarfélaga við ríkisfjármál.

B. Eignir ríkisins, þar á meðal:
1. Fasteignir, verðbréf og hlutabréf og fyrirsvar þeirra að því marki sem þær eignir eru ekki faldar öðrum.
2. Húsnæðismál ríkisstofnana.
3. Bifreiðamál ríkisstofnana.
4. Opinberar framkvæmdir.

C. Tekjuöflun ríkisins, þar á meðal:
1. Skattamál, svo sem álagningu, uppgjör og aðra skattframkvæmd, skattrannsóknir og úrskurði í skattamálum.
2. Tollar og vörugjöld, þ.m.t. tollgæslu og innheimtu opinberra gjalda.
3. Aðrar tekjur ríkissjóðs, þ.m.t. arðgreiðslur, leigutekjur og ýmis gjöld.

D. Starfsmannamál ríkisins, þar á meðal:
1. Almenna stefnumótun í mannauðsmálum ríkisins og fræðslu.
2. Launa- og kjaramál.
3. Launavinnslu.
4. Löggjöf og reglur um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

E. Lífeyrismál, þar á meðal:
1. Lífeyrismál starfsmanna ríkisins.
2. Skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
3. Starfsemi lífeyrissjóða að því marki sem þau verkefni eru ekki falin öðrum.
4. Viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnað, þ.m.t. starfstengda eftirlaunasjóði.

F. Almennar umbætur í ríkisrekstri, þar á meðal:
1. Skipulag og stjórnarhætti í ríkisstarfsemi.
2. Opinber innkaup.
3. Hagræðingu í ríkisrekstri og árangursstjórnun.

G. Önnur verkefni:
1. Kröfulýsing í þjóðlendur.
2. Verslun með áfengi og tóbak.
3. Skráning fyrirtækja og félaga.
4. Fjármögnun fjölþjóðlegra lánastofnana og eigendaforsvar, þ.m.t. gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum (NBI).

4. gr.
Iðnaðarráðuneyti.

Iðnaðarráðuneyti fer með mál er varða:

A. Atvinnuþróun og nýsköpun, þar á meðal:
1. Stuðningsþjónustu við frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.
2. Tæknirannsóknir og þróun.
3. Starfrækslu frumkvöðlasetra.
4. Fjármögnun nýsköpunarverkefna.
5. Ívilnanir vegna nýfjárfestinga og gerð fjárfestingarsamninga.
6. Opinberar fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.
7. Staðla.
8. Atvinnuþróunarfélög.

B. Byggðamál, þar á meðal:
1. Lánastarfsemi til atvinnulífs á landsbyggðinni.
2. Gagnasöfnun og rannsóknir um byggðaþróun.
3. Byggðaáætlun.

C. Ferðaþjónustu, þar á meðal:
1. Mörkun ferðamálastefnu.
2. Ferðamálaráð.
3. Þróunar-, gæða- og skipulagsmál.
4. Úrbætur og uppbygging á ferðamannastöðum.
5. Samninga um ferðamál.

D. Hitaveitur, þar á meðal:
1. Gjaldskrár og reglugerðir hitaveitna.
2. Stofnstyrki til byggingar nýrra hitaveitna.

E. Iðnað, þar á meðal:
1. Orkufrekan iðnað, þ.m.t. forræði á eldri fjárfestingarsamningum vegna stóriðju.
2. Handiðnað.
3. Verksmiðjuiðnað.
4. Starfsréttindi í iðnaði.
5. Löggildingu starfsheita í tækni- og hönnunargreinum.
6. Visthönnun vöru sem notar orku.
7. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.
8. Tilnefningu og formennsku í úthlutunarnefnd losunarheimilda.

F. Jarðrænar auðlindir, þar á meðal:
1. Leit, rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og á, í eða undir hafsbotni.
2. Leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (olíuleit).
3. Vatnalög.

G. Orkumál, þar á meðal:
1. Rannsóknir á orkulindum.
2. Umsjón með raforkumarkaði og starfsemi orkufyrirtækja.

3. Framleiðslu, flutning og dreifingu raforku.
4. Orkusparnað, nýtingu orku og orkuskipti.
5. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.
6. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.
7. Upprunaábyrgðir á raforku og orkumerkingar vöru.
8. Öryggi raforkukerfisins.

5. gr.

Innanríkisráðuneyti.

Innanríkisráðuneyti fer með mál er varða:

A. Dómstóla, réttarfar, stjórnskipunarrétt og skaðabótarétt, þar á meðal:
1. Dómaskipan, dómstóla aðra en Félagsdóm, réttarfar, gjafsókn, réttaraðstoð vegna nauðasamninga, lögmenn, dómtúlka og skjalaþýðendur.
2. Eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem og framkvæmd eignarnáms er eigi ber undir annað ráðuneyti.
3. Skaðabætur utan samninga, bætur til þolenda afbrota, sanngirnisbætur og niðurjöfnunarmenn sjótjóns.
4. Birtingu laga og stjórnvaldserinda, útgáfu Stjórnartíðinda, lagasafns og Lögbirtingablaðs.

B. Réttarvörslukerfið og almannaöryggi, þar á meðal:
1. Meðferð ákæruvalds, er það ber undir ráðherra að lögum, og eftirlit með framkvæmd ákæruvalds annars.
2. Fullnustu refsingar, fangelsi og fangavist, reynslulausn refsifanga, samfélagsþjónustu, náðun, sakaruppgjöf, uppreist æru, framsal sakamanna og gagnkvæma réttaraðstoð.
3. Lögreglu og löggæslu, þ.m.t. gæslu landamæra, landhelgi og fiskimiða, almannavarnir, alþjóðlegt löggæslusamstarf, þ.m.t. á grundvelli Schengen samningsins.
4. Skipströnd og vogrek, sjómælingar og sjókortagerð.
5. Öryggisfjarskipti, netöryggi, samræmda neyðarsímsvörun, köfun, leit og björgun og öryggisþjónustu í atvinnuskyni.
6. Eftirlit með innflutningi, framleiðslu, útflutningi, sölu og meðferð skotvopna auk annarra vopna samkvæmt vopnalögum.
7. Framkvæmd löggjafar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og áfengislöggjafar sem eigi ber undir annað ráðuneyti.

C. Mannréttindi, þar á meðal: mannréttindasáttmála og persónuvernd.

D. Persónuréttindi, þar á meðal:
1. Málefni útlendinga að frátöldum atvinnuréttindum.
2. Ríkisborgararétt og útgáfu vegabréfa, annarra en diplómatískra vegabréfa.
3. Mannanöfn.
4. Sifjarétt, erfðarétt, hjúskaparmál, ættleiðingarmál, persónurétt, lög um horfna menn og yfirfjárráð.

E. Trúfélög og málefni þjóðkirkjunnar, þar á meðal:
1. Skráningu trúfélaga, kristnisjóð, kirkjumálasjóð, sóknargjöld, utanfararstyrk presta og bókasöfn prestakalla.
2. Kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.
3. Helgidagafrið.

F. Almannakosningar, þar á meðal:
1. Kjör forseta Íslands, kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, þjóðaratkvæði og aðrar almannakosningar sem eigi ber undir annað ráðuneyti.

2. Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra.

G. Neytendamál, þar á meðal:
1. Eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
2. Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.
3. Alferðir.
4. Húsgöngu- og fjarsölusamninga.
5. Vöruöryggi, þ.m.t. vörur unnar úr eðalmálmum.
6. Mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

H. Happdrættismál, þar á meðal: happdrætti, veðmálastarfsemi, hlutaveltur, getraunir og almennar fjársafnanir.

I. Málefni sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

J. Málefni sveitarfélaga og sýslumanna, þar á meðal:
1. Sveitarstjórnarmál, þ.m.t. stjórnsýslu og verkefni sveitarfélaga, mörk sveitarfélaga, tekjustofna og fjármál þeirra.
2. Sýslumenn.
3. Fasteignaskráningu og fasteignamat, þjóðskrá, lögheimilismál og almannaskráningu.

K. Samgöngur, þar á meðal:
1. Skipulag samgöngukerfisins, uppbyggingu, rekstur innviða, samgönguþjónustu, samgönguöryggi, samgönguvernd og rannsókn samgönguslysa.
2. Eftirlit með skráningu og búnaði ökutækja, loftfara og skipa.
3. Eftirlit með loftferðum, umferð ökutækja og skipa. Eftirlit með leiðsögu-, vöktunar-, upplýsinga- og eftirlitskerfi í siglingum, flugi og umferð ökutækja.
4. Réttindamál fagaðila í samgöngum. Slysavarnaskóla sjómanna.
5. Hafnir, sjóvarnir, vita og sjómerki og varnir gegn mengun sjávar hvað varðar skip og búnað.
6. Eftirlit með og skráningu bílaleiga og leigubifreiða.
7. Flugvelli, uppbyggingu, rekstur og viðhald. Skipulag loftrýmis.
8. Vegi: lagningu, rekstur og viðhald, þ.m.t. stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir, sbr. lög nr. 97/2010.

L. Fjarskipti, þar á meðal:
1. Innviði og öryggi rafrænna samskipta, lén og umsýsla netsins.
2. Póstþjónustu, póstflutninga og póstrekstur.
3. Fjarskiptaþjónustu, gagnaflutninga og fjarskiptarekstur.
4. Fjarskiptanet, þó ekki efni sem sent er á fjarskiptanetum.

6. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með mál er varða:

A. Fræðslumál, þar á meðal:
1. Leikskóla.
2. Grunnskóla.
3. Framhaldsskóla.
4. Háskóla.
5. Tónlistarskóla.
6. Framhaldsfræðslu.
7. Listaskóla.
8. Námskrárgerð.
9. Námsgögn.

10. Námsmat.

B. Námsaðstoð, þar á meðal:
1. Námslán.
2. Námsstyrki.

C. Vísindamál, þar á meðal:
1. Rannsóknastarfsemi, einkum á sviði grunnrannsókna.
2. Vísindastarfsemi sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
3. Opinberan stuðning við vísindastarfsemi.

D. Safnamál, þar á meðal:
1. Bókasöfn, utan bókasafna prestakalla.
2. Skjalasöfn.
3. Minjasöfn.
4. Safnasjóð.
5. Listasöfn.

E. Menningarminjar, þar á meðal:
1. Fornleifar.
2. Húsfriðun.
3. Varðveislu menningararfsins, þ.m.t. friðun húsa, jarðfastra minja og gripa og flutning menningarverðmæta úr landi og skil þeirra til annarra landa.

F. Listir og menningu, þar á meðal:
1. Bókmenntir.
2. Myndlist.
3. Listskreytingar opinberra bygginga.
4. Sviðslist.
5. Tónlist.
6. Kvikmyndir.
7. Starfslaun listamanna.
8. Stuðning við listir og kynningu íslenskrar listar innan lands og utan.

G. Höfundarétt, þar á meðal:
1. Úrskurðarnefnd höfundaréttarmála, höfundaréttarnefnd og höfundaréttarráð.
2. Fylgiréttargjald samkvæmt höfundalögum og lögum um verslunaratvinnu.

H. Íslensk fræði, þar á meðal:
1. Íslenska tungu.
2. Íslenskt táknmál.
3. Örnefni og örnefnanefnd.
4. Bæjanöfn.

I. Fjölmiðla, þar á meðal:
1. Mynd- og hljóðmiðla.
2. Netmiðla.
3. Prentmiðla.
4. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

J. Ábyrgðarreglur og efnisréttindi á netinu, þ.m.t. höfundarétt.

K. Íþróttamál, þar á meðal:
1. Málefni þjóðarleikvanga.
2. Frjáls félagasamtök.
3. Sjóðir
4. Íslenskar getraunir.
5. Launasjóð stórmeistara í skák og málefni Skákskóla Íslands.

L. Æskulýðsmál, þar á meðal:
1. Æskulýðsráð ríkisins.
2. Æskulýðssjóður.
3. Frjáls félagasamtök.

M. Lögvernduð starfsheiti, þar á meðal:
1. Starfsréttindi bókasafns- og upplýsingafræðinga.
2. Lögverndun starfsréttinda leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.
3. Starfsréttindi náms- og starfsráðgjafa.
4. Viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

N. Erlent samstarf á sviði menntunar, menningar og vísinda.

O. Annað, þar á meðal:
1. Félagsheimili.
2. Byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.
3. Landgræðslustörf skólafólks.

7. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti fer með mál er varða:

A. Sjávarútveg, þar á meðal:
1. Rannsóknir, verndun og stjórn á nýtingu fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotnsins, sem og stjórnun svæða þar sem þær eru nýtanlegar.
2. Eftirlit með verndun og nýtingu fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotnsins, sem og stjórnun svæða þar sem þær eru nýtanlegar.
3. Stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi.
4. Fiskvinnslu og aðra vinnslu úr sjávarfangi.
5. Uppboðsmarkað sjávarafla.
6. Verðlagsráð sjávarútvegsins.

B. Landbúnað, þar á meðal:
1. Framleiðslu- og markaðsmál í landbúnaði, inn- og útflutning landbúnaðarafurða og eftirlit með slíkri starfsemi, þ.m.t. vottun á lífrænni framleiðslu í landbúnaði.
2. Stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaði, þ.m.t. hagrannsóknir, ráðgjafar- og kynbótastarf.
3. Nytjaskógrækt á bújörðum og landshlutaverkefni í skógrækt. Aðra landnotkun í landbúnaði, þ.m.t. framræslu og endurheimt votlendis.
4. Ríkisjarðir, aðrar en þær sem ráðstafað hefur verið til annarra ráðuneyta.
5. Jarðasjóð ríkisins.
6. Almenn jarðamál samkvæmt ákvæðum í jarða- og ábúðarlögum, svo sem lausn úr landbúnaðarnotum, landskipti jarða og stofnun lögbýla.
7. Mál er varða afrétti, fjallskil og girðingar.
8. Nýtingu hlunninda jarða, svo sem æðardún.
9. Inn- og útflutning dýra, plantna og erfðaefnis þeirra, varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði og yrkisrétt.
10. Dýravelferð, aðbúnað búfjár og eftirlit með því.

C. Fiskeldi, fiskrækt og skeldýrarækt, þar á meðal:
1. Eldi hvers konar nytjastofna í sjó eða ferskvatni, skipulag og eftirlit með því.
2. Veiði í ám og vötnum, fiskrækt, eftirlit og önnur veiðimál, þ.m.t. Fiskræktarsjóð.
3. Inn- og útflutning seiða og erfðaefnis.
4. Stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun í fiskeldi og fiskrækt.

D. Matvæli og matvælaöryggi, þar á meðal:
1. Heilbrigðiseftirlit með framleiðslu, vinnslu, inn- og útflutningi og markaðssetningu matvæla og fóðurs.
2. Heilbrigði dýra, varnir gegn dýrasjúkdómum.
3. Löggildingu dýralækna og störf þeirra.
4. Heilbrigði plantna og varnir gegn plöntusjúkdómum.
5. Eftirlit með sáðvöru og áburði.
6. Stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun í matvælaiðnaði, þ.m.t. málefni Matvælarannsókna Íslands ohf.

8. gr.
Umhverfisráðuneyti.

Umhverfisráðuneyti fer með málefni er varða:

A. Náttúruvernd, þar á meðal:
1. Vernd vistkerfa, líffræðilegrar fjölbreytni og erfðaauðlinda.
2. Þjóðgarða, aðra en Þingvallaþjóðgarð.
3. Friðlýst svæði.
4. Gerð og framkvæmd náttúruverndaráætlunar.
5. Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum vegna náttúru eða landslags.
6. Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

B. Skógrækt og landgræðslu, þar á meðal:
1. Friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar.
2. Skógrækt, aðra en landshlutabundna skógrækt og skógrækt á bújörðum.
3. Jarðvegsvernd og varnir gegn landbroti.

C. Söfnun og skráningu upplýsinga um náttúru landsins, umhverfisrannsóknir og umhverfisvöktun.

D. Söfnun upplýsinga um málefni norðurslóða.

E. Vatnsvernd.

F. Mengunarvarnir, þar á meðal:
1. Hljóðvist.
2. Varnir gegn mengun hafs og stranda.
3. Mengun jarðvegs.
4. Meðhöndlun úrgangs og úrvinnslugjald.
5. Fráveitur og skólp.
6. Stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

G. Loftslagsvernd, þar á meðal:
1. Losun gróðurhúsalofttegunda.
2. Loftgæði.

H. Hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þar á meðal öryggisþætti tengda þeim.

I. Efni og efnavörur, þar á meðal eiturefni og hættuleg efni.

J. Skipulagsmál, þar á meðal gerð landnýtingaráætlana og landskipulagsstefnu.

K. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun.

L. Mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda.

M. Upplýsingarétt um umhverfismál.

N. Landmælingar og grunnkortagerð.

O. Mannvirki, þar á meðal:
1. Eftirlit með mannvirkjum og gerð þeirra.
2. Brunavarnir.

3. Eftirlit með byggingarvörum.
4. Eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum.

P. Veður og náttúruvá, þar á meðal:
1. Veðurþjónustu.
2. Vöktun á náttúruvá.
3. Varnir gegn ofanflóðum.
4. Fjarkönnun og mælingar og rannsóknir á vatnafari landsins.

Q. Veiðistjórnun, dýravernd og alþjóðaverslun með villt dýr og plöntur, þar á meðal:
1. Stjórnun veiða, vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra, annarra en sjávarspendýra.
2. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu.

R. Erfðabreyttar lífverur.

S. Framkvæmd alþjóðasamninga um umhverfismál.

9. gr.

Utanríkisráðuneyti.

Utanríkisráðuneyti fer með mál er varða:

A. Utanríkismál, þar á meðal:
1. Skipti forseta Íslands og annarra þjóðhöfðingja.
2. Sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur Íslands erlendis.
3. Sendiráð og ræðisskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi.
4. Skipti við erlend ríki, þ.m.t. norræna samvinnu.
5. Réttindi Íslendinga og íslenska hagsmuni erlendis.
6. Samninga við önnur ríki og gerð þeirra og framkvæmd tiltekinna samninga, sbr. m.a. lög nr. 90/1994, 57/2000, 93/2008 og 58/2010.
7. Aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum er varða opinbera hagsmuni og eigi ber undir annað ráðuneyti samkvæmt ákvæðum þessa úrskurðar eða eðli máls. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.
8. Diplómatísk vegabréf, þjónustuvegabréf og áritun vegabréfa.
9. Kynningu Íslands og íslenskra efna með öðrum þjóðum, sbr. m.a. lög nr. 38/2010, nema slík mál séu lögð til annars ráðuneytis.
10. Varnarmál, aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO), varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, samskipti og samstarf við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála, varnarsvæði, öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli og önnur öryggissvæði, þ.m.t. skipulags- og mannvirkjamál, rekstur mannvirkja og eigna Atlantshafsbandalagsins á Íslandi, þ.m.t. íslenska ratsjár- og loftvarnakerfið (IADS).
11. Útflutningsverslun.
12. Undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga.
13. Skipti Íslands við alþjóðleg viðskiptasamtök.
14. Vörusýningar erlendis.
15. Þróunarsamvinnu, friðargæslu og neyðarhjálp.

10. gr.

Velferðarráðuneyti.

Velferðarráðuneyti fer með mál er varða:

A. Velferðar- og fjölskyldumál, þar á meðal:
1. Félagsþjónustu sveitarfélaga.
2. Málefni fatlaðs fólks.

3. Barnavernd.
4. Málefni aldraða.
5. Málefni innflytjenda og flóttafólks.
6. Lífeyristryggingar almannatrygginga.
7. Slysatryggingar almannatrygginga.
8. Félagslega aðstoð.
9. Skuldamál heimilanna.
10. Sjúklingatryggingu.
11. Málefni langveikra og alvarlega fatlaðra barna.
12. Ættleiðingarstyrki.
13. Fjárhagsaðstoð við lifandi líffæragjafa.

B. Heilbrigðismál, þar á meðal:
1. Heilbrigðisþjónustu.
2. Sjúkratryggingar.
3. Málefni sjúklinga.
4. Lýðheilsu og forvarnir.
5. Sóttvarnir.
6. Geislavarnir.
7. Heilsugæslu.
8. Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir.
9. Uppbyggingu og þjónustu á hjúkrunarheimilum.
10. Endurhæfingarstarfsemi og meðferðarstofnanir.
11. Lyf.
12. Ávana- og fíkniefni.
13. Lækningatæki.
14. Brottnám líffæra.
15. Lífsýnasöfn.
16. Sjúkraskrár og gagnasöfn á heilbrigðissviði.
17. Tæknifrjóvgun.
18. Lífvísindi, þ.m.t. vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.
19. Ákvörðun dauða.
20. Starfsréttindi í heilbrigðisþjónustu og löggildingu starfsheita í heilbrigðisgreinum.
21. Málefni græðara.

C. Húsnæði, þar á meðal:
1. Íbúðalán samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.
2. Húsaleigumál, þ.m.t. stuðningsaðgerðir við uppbyggingu félagslegra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka og húsaleigubætur.
3. Húsnæðissamvinnufélög, byggingarsamvinnufélög og fjöleignarhús.
4. Frístundabyggð og leigu lóða undir frístundabyggð.

D. Vinnumarkað, þar á meðal:
1. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, þ.m.t. orlof, starfsmenn í hlutastörfum, tímabundnar ráðningar, hópuppsagnir, starfsmannaleigur og samskipti við aðila vinnumarkaðarins.
2. Félagsdóm.
3. Félagsmálaskóla alþýðu.
4. Sáttastörf í vinnudeilum.
5. Aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
6. Vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

7. Vinnumarkaðsaðgerðir, þ.m.t. vinnumiðlun, mat á vinnufærni atvinnuleitenda, skipulag vinnumarkaðsúrræða og atvinnutengda endurhæfingu.
8. Atvinnuleysistryggingar.
9. Atvinnuréttindi útlendinga.
10. Ábyrgð á launum við gjaldþrot.
11. Fæðingar- og foreldraorlof.

E. Jafnréttismál.

11. gr.

Ágreiningur.

Málefni, sem eigi er getið í 1.-10. gr. skulu lögð til ráðuneytis þar sem þau eðli sínu samkvæmt eiga heima.

Nú leikur vafi á hvaða ráðuneyti skuli með mál fara, og sker forsætisráðherra þá úr.

12. gr.

Gildistaka.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007.

Gjört á Bessastöðum, 28. september 2011.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

A-deild – Útgáfud.: 28. september 2011

Viðauki 5
Löggjöf , frumvörp og stefnumótun

Menningararfur og minjavarsla

